



Lifrabólga A rakin til frosinna berja
BEST AÐ TÍNA EIGIN BER ▶ 4



SUNGIÐ Á ÍSLENSKU Í FYRSTA SINN Í 16 ÁR ▶ 74



Formaður Samtakanna '78
HÆ AMMA, ÉG ER LESBIA ▶ 34

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ

16. mars 2013
64. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000


MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

ÁFENGIÐ FÓR OKKUR EKKI LENGUR

Steinunn Ólína og Stefán Karl eru flutt til Íslands eftir átta ára dvöl í Bandaríkjunum. Þau hafa fjölmörg verkefni á þrjónunum og hættu bæði að drekka síðastliðið haust. ▶ 26



BESTA ÁR HALLDÓRU GEIRHARÐS
Fékk verðlaun fyrir leik í fyrsta sinn og heldur í árs heimsreisu. ▶ 24



STÓRSÓKN FRAMSÓKNAR

Framsóknarflokkurinn er stærsti flokkur landsins samkvæmt skoðanakönnun. ▶ 10

KJARKAÐI SKURDLÆKNIRINN

Tómas Guðbjartsson bjargaði meðal annarra Skúla Sigurz. ▶ 38



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

OPIÐ 10-18
Nýtt kortatímabil

KRINGLUKAST
20-50% AFSLÁTTUR

Kringlan
AF ÖLLU HJARTA

Skráning hefst
laugardaginn 16. mars kl. 12:00


Ölver Vindáshlíð Leikjanámskeið
Hólavátn Kaldársel Vatnaskógur

www.kfum.is

Opið til **18** í dag

Allt fyrir ferminguna

Smáralind



ÓLAFÍA B. RAFNSDÓTTIR ER NÝR FORMAÐUR VR 6

VINSTRI GRÆN KLOFIN Í AFSTÖÐU SINNI Í HÓLMSHEIÐARMÁLINU 8

„Á Indlandi er það þannig að meira en 96 prósent barna eru skráð í skóla en nærri helmingur hættir námi fyrir fjórtán ára aldur.“

Srini Swaminathan, kennari í fátækrahverfum Chennai á Indlandi.

HLJÓP FJÖGUR MARAPON OG SAFNAÐI FYRIR IPAD 12

SKOÐUN 16→20

FRÍVERSLUN VIÐ BANDARÍKIN 16
Porsteinn Pálsson um samkeppnisstöðu Íslands.

LAGARFLJÓT. IN MEMORIAM 18
Steinn Jóhannsdóttir um náttúruvernd.

SAMRÆMING FJÖLSKYLDU- OG ATVINNULÍFS ER JAFNRÉTTISMÁL 19
Guðbjartur Hannesson um samfélagsmál.



HELGIN 24→44



HVORT ER VIT Í AÐ KAUPA EÐA LEIGJA? 30

Hvað þarf þú í kringum þrjúgum með ung börn að borga fyrir þriggja herbergja íbúð?

SKATTAR VERÐA AÐ LÆKKA 42

Bjarni Benediktsson

HÁMARKSENDING Á BESTA STAÐ 44

Hvar á að geyma ávextina og grænmetið?

EKKI TRÆÐKA Á KÓNGINUM 50

Hvað ber að varast á ferðum erlendis

ÓMÖGULEGT ER AÐ SPÁ UM ÚRSLITIN Í FORMÚLUNNI 52

Fyrsta mót ársins fer fram um helgina í Melbourne í Ástralíu.

KRAKKAÞAN 54

KROSSGÁTAN 56

MENNING 62→86

HUGLJÓMUN Í STURTUNNI 64
Helgi Þórsson opnar sýningu í Kunstsclager.

HÉLT ÉG FENGI Í MESTA LAGI 20 LÆK 76
Framhaldsskólann Ólafur Pálmarrsson hefur áhrif á skynbítamenningu.

SKÁTAKUNNÁTTA Í SKARTGRIPAGERÐ 86
Bergdís Inga býr til skartgripa sem sameina orkeringu og hnúta.

200 BRELLUSKOT Í ÓFEIGI 86
Jörundur Arnarson er brellumestari í Ófeigi.



SPORT 78→80



VÍKINGUR VILL KÆRA 78

Andstæðingar ÍBV ósáttir við að félagið sé að spila með ólöglegan mann.

EKKERT ÓVÆNT 80

Lars Lagerbäck landsliðsþjálfari valdi í gær hópinn fyrir Slóvenaleikinn.

FIMM Í FRÉTTUM FORNMINJAR, EFTIRLIT OG AURBURÐUR



Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir er ein þeirra sem reka Vík Þróðsdóttur ásamt Brynhildi Pálsdóttur og Puríði Rós Sigurþórsdóttur. Hönnunartvíeykið Eley Kishimoto hefur endurhannað selsham stúlkanna og verður hann hluti af haustlínu tísku-hússins.



Davíð Örn Bjarnason var handtekinn fyrir fornminjasmygl í Tyrklandi. Hann var settur í gæsluvarðhald í tyrknesku fangelsi en hefur nú verið látinn laus gegn farþanni.



Gunnar Jónsson, formaður bæjarráðs Fljótshéraðs, segir „lífríkið er nánast búið í Lagarfljóti“ um úttekt á áhrifum Kárahnjúkavirkjunar á fljótið.



Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó bs, segir koma til greina að setja upp öryggis-myndavélakerfi í strætisvagna. Það sé liður í að auka öryggi vagnstjóra og farþega.



→ Sandra Karen Skjöldal slapp með skrekkinn þegar bíll hennar fór sjö veltur og hafnaði 60 metra utan vegar þegar hún var keyra með vinkonu sinni í Öxnadal.

Sameiginlegt forræði en engar barnabætur

Faðir fimm ára stúlku segir það jafnréttisbrot að barn geti einungis haft eitt lögheimili. Lögheimilisforeldri hefur heimild til að taka afgerandi ákvarðanir um daglegt líf barns þótt foreldrar fari með sameiginlega forsjá. Fáránlegt, segir faðirinn.

JAFNRÉTTISMÁL „Það stakk mig í föðurhartað að sjá það í þjóðskrá að dóttir mín er ekki hluti af minni fjölskyldu, heldur er hún eingöngu hluti af fjölskyldu móður sinnar. Mér finnst það alveg fáránlegt,“ segir Matthías Freyr Matthíasson, faðir fimm ára stúlku.

Eftir að hann sleit samvistum við barnsmóður sína sumarið 2012 hefur dóttir hans verið með lögheimili hjá móður sinni. Hann kallar eftir breytingum og vill að barn geti átt rétt á að eiga tvö lögheimili.

„Út frá þessari skráningu þvingar löggjafinn mig úr lífi dóttur minnar samkvæmt opinberum gögnum, þar sem barn getur ekki haft lögheimili hjá báðum foreldrum sínum.“

Matthías segist heppinn að því leyti að samband hans við barnsmóður sína sé mjög gott og þau séu sammála um allt það helsta er varðar dóttur þeirra. Hann segir „fáránlegt“ að enn halli á hlut feðra í þessari stöðu þar sem í dag sé ekki óal-gengt að foreldrar slíti samvistum og fari jafnt með forsjá barna sinna.

„Við förum með sameiginlega forsjá og hún nýtur jafnrar umgengni við okkur bæði. Við skiptum öllum kostnaði jafnt, eins og leikskólajöldum og tómstundum. En þar sem dóttir mín er með lögheimili hjá móður sinni hefur hún ríkari ákvörðunarrétt yfir dóttir okkar. Segjum sem svo að ég og barnsmóðir mín verðum eitthvað ósátt, þá gæti hún tekið ákvörðun um það að flytja í annað hverfi eða annan landshluta og ég hefði ekkert um það að segja,“ segir Matthías.

Hann bætir við að þar sem barnsmóðir hans sé lögheimilisforeldri fái eingöngu hún barnabætur og eigi rétt á hærri húsaleigubótum. Hann vill jafna réttarstöðu foreldra sem ekki eru í sambúð bæði í opinberum skráningum og hvað varðar fjárhagslega þætti.

„Ef ég væri í námi myndi ég ekki fá jafn há námslán. Dóttir mín býr hjá mér aðra hverja viku og ég sé um hana að öllu leyti aðra hverja viku. Það er alltaf verið að tala um jafnrétti og ég er jafnréttissinni en það er eins og jafnrétti eigi bara að ríkja þegar um konur eru að ræða. Þetta snýst um að foreldrar hljóti sömu meðferð innan kerfisins og hjá löggjafanum. Það eru hrein og klár mannréttindi.“

hanna@frettabladid.is

Segjum sem svo að ég og barnsmóðir mín verðum eitthvað ósátt, þá gæti hún tekið ákvörðun um það að flytja í annað hverfi eða annan landshluta og ég hefði ekkert um það að segja.“

Matthías Freyr Matthíasson



MATTHÍAS ÁSAMT DÓTTUR SINNI Matthías Freyr Matthíasson vill að barnalögum verði breytt svo barn geti átt tvö lögheimili.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Fréttablaðið safnar fylgjendum á samfélagsvefnum Facebook:

Heppnir vinir vinna iPad-tölvu

FJÖLMIDLAR Heppnir vinir Fréttablaðsins á Facebook geta unnið iPad-spjaldtölvu. Blaðið safnar nú fylgjendum á samfélagsvefnum, á slóðinni facebook.com/frettabladid.

Þeir sem smella „like“ á síðuna fara í pott sem er dregið úr. Fyrsti vinningshafinn verður dreginn út þegar síðan verður komin með 10.000 fylgjendum, sá næsti þegar komnir eru 20.000 og þannig koll af kalli.

Ólafur Stephensen, ritstjóri Fréttablaðsins, segir að bladið vilji nýta Facebook til að vera í meira gagnvirkum sambandi við lesendur sína. „Við viljum nota samfélagsmiðla til að vekja athygli á efninu okkar, boða fréttir sem eru í farvatninu og ekki síður til að fá hugmyndir og ábendingar frá lesendum,“ segir hann.

VINNINGAR Einn iPad verður dreginn út fyrir hverja 10.000 fylgjendum á Facebook.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

AÐEINS Í DAG!



ELDHÚSVOG
VERÐ ÁÐUR 4.900,-
NÚ 2.940,-

SPARADU 40%

Opið í dag kl. 11-16.
kíktu inn á www.pfaff.is

Pfaff // Grensásvegi 13 // Sími 414 0400

PFAFF

Nýtt kortatímabil

KRINGLUKAST

FIMMTUDAG TIL MÁNUDAGS

OPIÐ 10-18 Í DAG



NÝJAR VÖRUR

20-50%

AFSLÁTTUR

Kringlan

kringlan.is

facebook.com/kringlan.is

Opið laugardag 10-18 | sunnudag 13-18

AF ÖLLU HJARTA

09.03.2013 → 15.03.2013

VANTRAUSTS-TILLAGA PÓRS SAARI VAR FELLD MEÐ 32 ATKVÆÐUM GEGN 29.



32 atkvæði gegn **29**

JORGE MARIO BERGOGLIO er tekinn við sem páfi. Hann tók sér nafnið Frans og er sá fyrsti sem það gerir.



76%
VR

Ólafía B. Rafnsdóttir sigraði Stefán Einar Stefánsson í formanskjöri í VR með 76% atkvæða.

4 systur voru í bikarmeistaralíði Vals í handbolta.

Tvær ungar stúlkur sluppu ótrúlega vel eftir að hafa farið **6 TIL 7 VELTUR** út af veginum í Öxnadal.

4,3 milljarðar **kr.**

STARFSMENN LANDS-BANKANS HAFA TRYGGT SÉR 4,3 MILLJARÐA KRÓNA HLUT Í BANKANUM.



Borgaryfirvöld áforma að reisa íbúðir á svæði í Skerjafirði þar sem nú er flugbraut.

800



20 cm

stór marmarasteinn kom Davíð Erni Bjarnasyni í fangelsi í Antalya í Tyrklandi.



NEANDERDALSMÁÐUR Of stór hluti heilastarfseminnar fór í sjónina. NORDICPHOTOS/AFP

Bresk rannsókn á beinum Neanderdalsmanna: Augun urðu þeim að falli

VÍSINDI Eftir að forfeður Neanderdalsmanna fluttu frá Afríku til Evrópu þróuðust kynslóðirnar þannig að augun urðu sífelld stærri. Þetta var nauðsynlegt til að sjá betur í myrkrunu á norðurslóðum en um leið fór æ stærri hluti af heilastarfseminni í að vinna úr sjónskynjuninni. Þar með varð of lítið aflögu af heilanum til að sinna flóknari úrlausnarefnum á borð við félagsleg samskipti í hópum. Þetta varð Neanderdalsmönnum að falli, samkvæmt nýrri rannsókn breska vísindamannsins Eiluned Pearce við Oxford-háskóla. Frá þessu er skýrt á fréttavef breska útvarpsins BBC. Meðan Neanderdalsmenn bjuggu í Evrópu héldu forfeður mannkyns áfram að þróast í Afríku, þar sem birtan var næg og engin þörf fyrir jafn stór augu og Neanderdalsmenn fengu. Forfeður okkar réðu því betur við hin flóknu úrlausnarefni sem Neanderdalsmenn gátu ekki tekist á við. -gb

HALDIÐ TIL HAGA

Í leiðara Fréttablaðsins í gær sagði að í landsfundarályktun Framsóknarflokksins kæmi fram að flokkurinn stefndi „að því að tekjuskattsprósenta og launaskattar fyrirtækja á Íslandi séu ávallt með þeim lægstu í löndum Vestur- og Norður-Evrópu“. Hið rétta er að setninguna er að finna í drögum að landsfundarályktun flokksins en ekki lokaútgáfu hennar.

Banaslys við Fjósatungu: Lítil stúlka lést

SLYS Banaslys varð við bæinn Fjósatungu í Fnjóskadal í gær þegar stúlkubarn varð fyrir lítilli vinnuvél. Lögreglan á Akureyri fer með rannsókn málsins en hún gefur ekki frekari upplýsingar um málið að svo stöddu. -sv

Noti aðra ávexti til að forðast lifrabólgu

Dönsk heilbrigðisyfirvöld rekja lifrabólguferaldur þar í landi til neyslu frosinna berja sem vinsælt er að nota í drykki og eftirrétti. Mælt er með því að frosin ber séu soðin fyrir notkun en heilsukokkur bendir á að ýmislegt annað sé hægt að nota.

LÝÐHEILSUMÁL Fjöldi Dana hefur á síðustu mánuðum greinst með lifrabólgu A og leikur grunur á því að einstaklingarnir hafi smitast vegna neyslu á frosnum berjum.

Vinsælt er að nota frosin ber í ýmsa drykki, eftirrétti og kökur og hafa Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Matvælastofnun og sóttvarnarlæknir því hvatt almenning til þess að sjóða framvegis frosin ber áður en þau eru notuð í kaldan mat eða drykki.

Lifrabólga A er veirusjúkdómur sem getur truflað starfsemi lifrarinnar. Hann er mjög sjaldgæfur á Íslandi og 25 til 30% þeirra sem sýkjast fá engin einkenni. Annars geta liðið tvær til sex vikur frá því að einstaklingur smitast þar til einkenni koma fram. Einkennin eru lík flensu-einkennum fyrst um sinn en sjúkdómurinn getur einnig valdið gulu og kláða.

Yfirleitt gengur lifrabólga A sjálfkrafa yfir án þess að til meðferðar þurfi að koma en í einstaka tilvikum getur hann valdið óafturkræfri lifrabílu.

Alls 30 tilvik sjúkdómsins hafa komið upp í Danmörku að undanförunu en rannsókn á faraldrinum stendur yfir. Eins og áður sagði er mælt með því að frosin ber verði soðin áður en þau eru notuð í mat en neytendum hefur lengi verið ráðlagt að sjóða frosin hindber fyrir notkun vegna hættu á nóróveirusýkingum.

Það að sjóða frosinn mat eyðir öllum bakteríum og veirum sem leynst geta í matnum. Hins vegar getur suða eytt ákveðnum ensímum sem hjálpa til við meltingu matar auk þess sem sum vítamín eru viðkvæm fyrir miklum hita.

Ebba Guðný Guðmundsdóttir heilsukokkur segir mögulegt að nota ýmislegt annað en frosin ber í kalda drykki. „Í stað berja er hægt að nota til dæmis frosna



BERJADRYKKUR Vinsælt er að nota frosin ber í ýmsum konar kalda drykki. Ebba Guðný Guðmundsdóttir heilsukokkur bendir á að ýmislegt sé hægt að nota í stað berja. NORDICPHOTOS/GETTY

ávexti. Ég get nefnt sem dæmi frosinn mangó sem stundum er hægt að kaupa og ferskjur sem eru rosa góðar í drykki.“ segir Ebba Guðný og heldur áfram: „Ég geri líka oft kakósjeika þar sem ég nota bara banana en engin ber. Enda þola ekki allir ber, sem eru yfirleitt súr.“

Loks mælir Ebba Guðný með því að fólk tæni sjálft ber á sumrin. „Það tekur ekki nema nokkra klukkutíma að fylla heilu föturnaar og þá er maður með birgðir fyrir allan veturinn. Bæði finnur maður bláber úti um allt hérna og þá búa margir svo vel að þekkja einhvern sem er með rifsberjarunna í garðinum hjá sér. Þá er bara að biðja um leyfi og fara að tína.“


magnus@frettabladid.is



EBBA GUÐNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR

Gildistími korta er um hádegis

Veðurspá



Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður



2 AFMÆLISVIKA
VIÐ ENDURTÖKUM VINSÆLUSTU TILBOÐIN

GO-KART HÖLLIN – Race fyrir 1

1.980 kr. GILDIR 48 TÍMA

Verð ~~4.500 kr.~~ | Afsláttur **56%** | Afsláttur í kr. **2.520**

Go-kart er skemmtilegur kappakstur fyrir 10 ára og eldri. Akstur í Go-Kart höllinni hefst á 7 mínútna upphitun og tímátöku áður en ökuönnun er raðað á ráspól fyrir 10 mínútna kappakstur sem krefst bæði hraða og útsjónarsemi.

HÓPKAUF
í krafti fjöldsans

1 af hverjum 100 fær endurgreitt eitt Hópkaupsbréfi!

TAX FREE*

AF MÁLNINGU OG LÖKKUM

AÐEINS UM HELGINA

* Tax free gildir ekki af vörum merktum „Lægsta léga verð Húsasmíðjunnar“ enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma. Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti.

Ókeypis ráðgjöf!



GRÍÐARLEGT
URVAL AF
MÁLNINGU
OG LÖKKUM

Lady Pure Color
Mjög slitsterk og algerlega mött. Það heitasta í innanhúshönnun í dag. Auðvelt að þrifa.



Lady Supreme Finish
Nýtt vatnsleyslegt olíulakk á tréverk. Hentar á lista, húsgögn, innréttingar og hurðir.

Þórunn Högnadóttir stílisti veitir ókeypis ráðgjöf í dag í versluninni Skútuvogi í dag, 16. mars, kl. 12-16. Komdu með mynd af herbergi, húsi eða húsgagni sem þú vilt taka í gegn og fáðu ráðgjöf hjá Þórunni um litaval, efnisval, hvernig á að gera upp gömul húsgögn og fleira.

Lady Vegg 10
Einstaklega slitsterk, fyrir stofuna, svefnherbergið og baðherbergið.

Jotaprott 7
Gæðaveggmálning, gljástíg 7.

HANDBÓK HUSA SMÍÐJUNNAR

Allt frá grunni að góðu heimili

MÁLNINGAR
AVISUN
FYLGRIR

SKOÐAÐU
HANDBÓKINA
Á HUSA IS.
KÍKTU Á ÚRVALIÐ
OG FÁÐU
HUGMYNDIR!

BLÓMA
SÝNING
ÁRSINS
Í BLÓMAVALI
SKÚTUVOGI

Sjá auglýsingu aftar
í blaðinu!



Fyrir

Eftir

Harðparket Hnota
1.190 kr./m²

LÆGSTA
LÉGA
VERÐ

Viðarparket Eik Rustic
3.890 kr./m²



Reiðhjól fyrir alla fjölskylduna!
Fyrsta sendingin komin í hús!

24" Reiðhjól MATRIX
blátt/hvitt eða gull/hvitt
Demparar að framan
18 girar Shimano Revoshift
39.900 kr.



30 DAGA
SKILARETTUR
5 ÁRA
ÁBYRGD
Electrolux þvottavél
6 kg, 1000 snúninga
92.900 kr.



Rafhliðuborvél
Black&Decker
Verð áður: 13.995 kr.
9.995 kr.

29%
AFSLÁTTUR!



Kaffi Garður
Skútuvogi

Ís á 99 kr. allar helgar
Vaffla og kaffi 450 kr!



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956



Til sölu eða leigu færanlegar kennslustofur

Vandaðar stofur með áherslu á góða hljóðvist og lýsingu.

Allar upplýsingar veitir Sturla Haraldsson byggingameistari
gsm 8633075 / tolfsg@gmail.com / www.tolf.is



Meirihluti þingnefndar tekur undir með Samkeppniseftirlitinu:

Fái fé til eftirlits með fjölmiðlum

ALÞINGI Meirihluti allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis vill að Samkeppniseftirlitið fái auknar fjárheimildir til að sinna rannsóknunum á eignarhaldi fjölmiðla. Þetta kemur fram í álitum meirihlutans á nýjum lögum um fjölmiðla.

Í lagafrumvarpinu er gert ráð fyrir því að Samkeppniseftirlitið fylgist með fyrirtækjum á fjölmiðlamarkaði og hafi meira eftirlit með samrunum þar. Lagt er til að eftirlitið leiti umsagnar frá fjölmiðlanefnd áður en gripið er til aðgerða og einnig mun fjölmiðlanefndin geta óskað eftir því að Samkeppniseftirlitið taki mál til rannsókna.

„Í umsögn fjölmiðlanefndar og

Samkeppniseftirlitsins er að finna gagnrýni á kostnaðarmat fjármálaráðuneytisins og það er mat þeirra að það sé verulega vanáætlað og ljóst sé að þau geti ekki sinnt þeim auknu skyldum sem felast í frumvarpinu miðað við núverandi fjárheimildir sínar,“ segir í meirihlutaálitinu. Samkeppniseftirlitið telur að hver rannsókn á fjölmiðlamarkaðnum kosti að minnsta kosti sextíu milljónir króna og til að gera það þurfi að bæta við einu og hálfu stöðugildi.

Meirihluti nefndarinnar tekur undir að niðurstaða kostnaðarmatsins sé óraunhæf og vill að tekið verði „tillit til þessa við vinnslu fjárlaga þessa árs“. - þeb



ALÞINGI Meirihluti allsherjar- og menntamálanefndar tekur undir sjónarmið Samkeppniseftirlitsins í nefndarálitinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Veidinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Ársfundur Veiðimálastofnunar 2013

Verður haldinn miðvikudaginn 20. mars 2013 í Bíósal, Hótel Natura

Dagskrá:

- 14:00** Fundur settur
- 14:05** Ávarp umhverfis- og auðlindaráðherra Svandís Svavarsdóttir
- 14:20** Yfirlit um starfsemi Veiðimálastofnunar. Sigurður Guðjónsson
- 14:35** Staða íslenska laxins Guðni Guðbergsson og Sigurður Már Einarsson
- 15:05** Kaffihlé
- 15:20** Staða vistkerfis og stofna uppsjávarfiska (kolmunnir, síld, makrill og lax) í Norður-Atlantshafi
Effects of marine ecosystems status for regional long and short term trends in the size and structure of the salmon runs around the northern Atlantic
Jens Christian Holst
- 16:20** Umræður
- 17:00** Fundarslit

Fundarstjóri: Sveinbjörn Eyjólfsson

Allt áhugafólk velkomið



STEFÁN ÚT OG ÓLAFÍA INN Pau Stefán Einar Stefánsson, fráfariandi formaður VR, (til vinstri) og Ólafía Rafnsdóttir (á miðri mynd) voru bæði á skrifstofu VR þegar niðurstöður formannskjörsins voru kunngjörðar klukkan tvö í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fyrsta konan sem er kjörin formaður VR

Stefán Einar Stefánsson, formaður VR, náði ekki endurkjöri í formannskösluningu félagsins en úrslit voru kunngjörð í gær. Ólafía Rafnsdóttir hlaut 76% atkvæða.

KJARAMÁL Ólafía B. Rafnsdóttir var kjörin formaður VR, stærsta stéttarfélag landsins, í kosningu meðal félagsmanna í gær.

Ólafía hlaut alls 4.785 atkvæði, eða 76%, en Stefán Einar Stefánsson, sitjandi formaður, hlaut 1.499 atkvæði, eða 24%. Ólafía verður því fyrsti kvenkyns formaður VR í 122 ára sögu félagsins í apríl.

Í samtali við Vísu í gær sagðist Ólafía ekki hafa átt von á svo miklum stuðningi en bætti því við að hún væri afar ánægð með niðurstöðuna. magnusl@frettabladid.is

Ólafía komið að sex kosningum og unnið allar

- Ólafía lauk á fullorðinsaldri námi í verkefnastjórnunum og leiðtogaþjálfun og í mannauðsstjórnun við Endurmenntun Háskóla Íslands (HI). Þá er hún með MBA-gráðu frá HI.
- Ólafía starfaði frá 1989 til 1996 á skrifstofu VR. Þá var hún um tímaframkvæmdastjóri mannauðssviðs 365.
- Ólafía eignaðist sitt fyrsta barn 14 ára gömul árið 1975 og fór í kjölfarið út á vinnumarkað.
- Ólafía var kosningastjóri forsetaframbóða Ólafs Ragnars Grímssonar og stýrði einnig formannsframbóðum Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og Árna Páls Árnasonar í Samfylkingunni árin 2005 og 2013. Öll náðu kjöri.



Lögreglan í Kaupmannahöfn í stórsókn gegn glæpagengjum:

Helmingur LTF-klíku er í haldi

DANMÖRK Meira en helmingur meðlima glæpaklíkunnar Loyal to Familia (LTF) í Danmörku er nú á bak við lás og slá. LTF hefur verið fyrirferðarmikil í undirheimum Kaupmannahafnar undanfarið og staðið fyrir fjölmörgum skotárásunum, síðast nú í vikunni þegar maður særðist lífshættulega.

Áð því er segir í frétt DR 40 þeirra sitja nú 40 meðlimir af um 75 í gæsluvarðhaldi vegna gruns um aðild að ýmsum málum, meðal annars tveimur morðum fyrr á árinu.

Í vikunni lagði lögreglan í umfangsmiklar aðgerðir þar sem

á annað hundrað lögreglumenn gerðu húsleitir á tugum staða og fundust þar meðal annars eiturlýfi, byssur og skotfæri.

Mikil öld hefur geisað milli glæpahópa í Kaupmannahöfn það sem af er ári, en ófriðurinn er rakinn til stofnunar LTF síðasta haust, en þar sameinuðust nokkrar minni klíkur í borginni í eina öflugna sem hefur troðið illsakir við aðra hópa.

Málið hefur vakið mikla athygli og er nú þrýst á dómsmálaráðherrann að tryggja það að lögregla hafi næg úrræði til að bregðast við afbrotaöldu sem þessari. - þj



ÖLD Í KAUPMANNAHÖFN Lögregla handtók tugi manna í vikunni í tengslum við nýlegar skotárásir og eiturlýfjasölu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Fermingargjöf sem gefur

Fermingarskeyti eða gjafabréf frá Hjálparstarfi kirkjunnar er gjöf sem heldur áfram að gefa. Fermingar barnið fær skeytið eða bréfið í hendurnar en andvirðið rennur til jafnaldra fermingarbarnsins sem býr við fátækt.

Sendu skeyti, það kostar 1.990 kr. Eða gefðu fermingargjafabréf að upphæð 5.000 kr.

Þú færð skeytin og gjafabréfin á www.gjofsemgefur.is eða pantar þau á skrifstofunni okkar, 528 4400. Þú prentar út, sækir til okkar – eða við sendum fyrir þig. Einfalt og gleðilegt.



Óskalistinn minn:

Rúm
Myndavél
Svefnpoki
iPod
Vefmyndavél
Teppi
Orðabók
Hálsmen
Svo væri gaman að fá pening og „Gjöf sem gefur“.
Mig langar til að einhver sem er ekki eins heppinn og ég fái að njóta með mér.



Óskalistinn minn:

Við systkinin erum munaðarlaus. 1.990 kr. fermingarskeyti á Íslandi dugar fyrir 4 hænum. Þær gefa okkur fullt af eggjum.

5.000 kr. gjafabréf á Íslandi myndi gefa okkur 2 geitur. Eða kannski reiðhjól. Þá kæmist ég á markað með uppskeruna okkar og við fengjum pening.



VALTOR
KORTALÁN
ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR



HORNSÓFI MEÐ TUNGU

**SPARIÐ
100.000**

FULLT VERÐ: 269.950

169.950

ROSSI HORNSÓFI MEÐ TUNGU
Flottur tunguhornsófi úr PELLISIMA leðri.
Stærð: B306 x H72,5 x L234 sm.

GILDIR TIL 17.03

NÝTT KORTATÍMABIL!

HELGARTILBOÐ

DREAMZONE™



90 X 200 SM.

**SPARIÐ
10.000**



VALTOR
KORTALÁN
ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

FULLT VERÐ: 49.950

39.950

PLUS B12 JUBILÆUM BOXDÝNA

Miðlungsstíf dýna með 250 pokagormum pr. m² í efra lagi. Innifalið í verði er 2 sm. þykk yfirdýna. Slitsterkt áklæði úr bómull/polyester. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri furu. Verð á fótum frá: 5.995 Stærð: 90 x 200 sm.

FULLT VERÐ: 4.495

3.495

CATHRINE
SÆNGURVERASETT
Efni: 100% egypsk bómull. Lokað að neðan með tölum. 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.

FULLT VERÐ: 4.995

3.995

GALINA
SÆNGURVERASETT
Efni: 100% bómullarsatín. Lokað að neðan með tölum. 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.

**KEYPTU 2
OG SPARAÐU
1000**



1 STK.

1.995

**FRÁBÆR
FERMINGAR-
TILBOÐ!**

FLORA DANICA
BLUE DREAM TREFJAKODDI
Góður koddur á gjafverði.
Stærð: 50 x 70 sm. 1 stk. 1.995
2 stk. 2.990

PLUS
ÞÆGINDI
& GÆÐI

**SPARIÐ
2000**

SÆNG + KODDI

HØIE UNIQUE
SÆNG OG KODDI
Vönduð thermo-sæng fyllt með 2 x 600 gr. af holtrefjum. Stærð: 140 x 200 sm. Koddinn er fylltur með 500 gr. af holtrefjum. St. 50 x 70 sm. Sængurtaska fylgir.

SÆNG + KODDI FULLT VERÐ: 9.995

7.995

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

**SPARIÐ
4000**

SEBASTIAN
SKRIF-
BORÐSSTÓLL
Góður skrif-
borðsstóll með
hnakkapúða og
góðum stuðningi
við bakið. Stillan-
legt bak og seta.



FULLT VERÐ: 16.950

12.950

**SPARIÐ
2000**

FULLT VERÐ: 9.995

7.995

DENVER STÓLL
Með PU áklæði.



**20%
AFSLÁTTUR**

FULLT VERÐ: 14.950

11.950

400 LÍTRA



SOFI GRJÓNASTÓLL

Flottur 400 lítra grjónastóll. Stærð: 135 x 160 sm.

PÚ BORGAR
KR. **6.000**
OG FÆRÐ

KR. **10.000**
INNEIGNARKORT
Safnar tívolipunktum og allir fá vinning

Skemmtigærdúcan
Skemmtun fyrir alla fjölskylduna

VG klofin í afstöðu sinni til Hólmsheiðar

Borgarfulltrúi VG vill að flugvöllurinn í Vatnsmýri verði fluttur á Hólmsheiði, meðal annars vegna umhverfisáhrifa. Innanríkisráðherra segir það of dýrt.

SAMGÖNGUR Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, og Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra (VG) eru ósammála um flutning Reykjavíkurflugvallar úr Vatnsmýri og á Hólmsheiði.

Öflugt innanlandsflug hefur verið ein af stefnum

VG í gegnum árin og hefur borgarstjórnarflokkurinn gefið út að Hólmsheiði væri vænlegasti kosturinn ef veðurfarsmælingar reyndust nægilega góðar. Ögmundur hefur hins vegar lýst því yfir að efla beri flugvöllinn þar sem hann er.

sunna@frettabladid.is

Á AÐ FLYTJA FLUGVÖLLINN Á HÓLMSHEIÐI?



„Ég horfi á hagræði af því að hafa völinn í Vatnsmýri fyrir alla landsmenn sem nýta sér innanlandsflug og hagsmuni skattborgara sem myndu þurfa að punga út tugmilljörðum til að flytja flugvöllinn,“ segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra. „En sem ráðherra samgöngumála segir ég að þessi mál eru enn ófrágengin þótt fjármálaráðuneytið og borgin hafi komist að samkomulagi, sem er mikilvægur lykull, eru fleiri lykjar sem þurfa að koma til sögunnar. Og á einum slíkum höldum við. Við höfum átt í viðræðum við borgina og þeim viðræðum er ólokið.“

Ögmundur vill láta sérfræðingum eftir að meta umhverfisáhrif framkvæmdanna, sem og aðra kosti og galla þess að flytja flugvöllinn á Hólmsheiði. Hann segir flugvöllinn ekki á förum á næstunni og því verði að bæta aðstöðuna með smíði nýrrar flugstöðvar við völinn þar sem hann er.



„Ef við byggjum í Vatnsmýrinni getum við stuðlað að miklu vistvænni samgöngum, skipulagi og borgarbrag, sem hefur verulega mikil áhrif á loftslag og sjálfbæra þróun til framtíðar. Í nafni umhverfisstefnu flokksins míns tel ég mig ekki geta staðið á öðru en að flytja þennan flugvöll ef við finnum nokkra mögulega lausn á því og hef ekki heyrt nein rök frá innanríkisráðherra gegn þessu,“ segir Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi VG. Sóley gagnrýnir orð Ögmundar að flutningur vallarins á Hólmsheiði sé „fyrir-hruns hugmyndir“ sem borgarstjórnarflokkurinn hafi staðið með. „Vatnsmýrin er gífurlega verðmætt land og hagkvæmni af því að færa flugvöllinn þaðan væri margföld. Það hafa skýrslur og úttektir margsýnt fram á, þannig að hagkvæmnisrök Ögmundar eru engin,“ segir hún. Ekki sé marktækt að halda fram að framkvæmdir séu of kostnaðarsamar þegar ekki sé gert ráð fyrir tekjum og sparnaði á móti.



Vissir þú að...
Ófældisfullir tölvaletkir hafa áhrif á börnun.


Barnaheill
Save the Children á Íslandi

HÆSTA ÁVÖXTUN 3 ÁR Í RÖÐ*

FRAMÚRSKARANDI ÁRANGUR HLUTABRÉFASJÓÐSINS

Hlutabréfasjóðurinn** hefur skilað hæstu ávöxtun allra íslenskra hlutabréfasjóða síðustu þrjú ár. Síðasta ár var mjög gott og skilaði sjóðurinn 37,3% ársávöxtun síðastliðna 12 mánuði m.v. 28. febrúar 2013. Auknar skráningar fyrirtækja á markað gefa vonandi góð fyrirheit um áframhaldandi uppbyggingu íslenska hlutabréfamarkaðarins. Þú getur tekið þátt í þeirri uppbyggingu í gegnum Hlutabréfasjóðinn.

Þróun ávöxtunar Hlutabréfasjóðsins og tveggja annarra sjóða*



Hvar telur þú best að ávaxta fjármuni þína?

Pantaðu viðtal við ráðgjafa í 440 4900 eða faðu nánari upplýsingar á www.vib.is

* Skv. sjodir.is 28. febrúar 2013. Ávöxtunartölur miðast við nafnávöxtun og er ávöxtun umfram 12 mánuði umreiknuð í ávöxtun á ársgrundvelli.

**Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði.

Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

Hafa ber í huga að eign í fjárfestingarsjóði getur bæði hækkað og lækkað, allt eftir þróun á markaðsverði hennar.

Íslandssjóðir hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu Íslandssjóða, www.islandssjodir.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.

Íslandsbanki | Kirkjusandi | 155 Reykjavík | Sími 440 4900 | vib@vib.is

[facebook.com/VIB.stofan](https://www.facebook.com/VIB.stofan) | [@vibstofan](https://twitter.com/@vibstofan) | www.vib.is

LÆRÐU AF ÞEIM BESTU NÁMSKEIÐ MEÐ SÉRFRÆÐINGUM FRÁ HARVARD



Four Days to a Killer Windows 8 App

Learn new rules from Software Legend David Platt - Not just the how-to, but the when-to and when-not-to, and most important of all, the why.

*Kennari: David Platt is a specialist by IDesign and is also an instructor at the Harvard Extension School
Skráningarfrestur til 26. mars*

The Manager's Toolkit – Analyzing, planning and executing for improved organizational performance

Learn the fundamentals of internal and external consulting practice, including diagnosing situations, planning and executing assignments, client management, common mistakes, and ethical issues in consulting, as well as a variety of diagnostic and problem solving methodologies.



*Kennari: Taz Hussein, a partner of The Bridgespan Group, a nonprofit consulting firm. Hussein is also an instructor at the Harvard Extension School
Skráningarfrestur til 28. mars*



Tengslanet fyrirtækja – vannýtt auðlind

Lærðu aðferðir til að byggja upp skilvirkt tengslanet fyrir fyrirtækið í heild. Einnig hvernig einstaklingar geta nýtt tengslanet sitt til að auka afköst sín og þróað tengslanet sem fellur að þörfum þeirra.

*Kennari: Magnús Þór Torfason is an assistant professor in the Entrepreneurial Management Unit at the Harvard Business School
Skráningarfrestur til 25. apríl*

Negotiations Skills: Strategies for Increased Effectiveness

Learn all levels of negotiation skills for use in any career. You practice tactics with fellow participants in a variety of situations. We explore how real-world challenges can be solved through enhanced negotiation abilities.

*Kennari: Diana Buttu is a lawyer specializing in negotiations, international law and international human rights law. Buttu is an instructor at Harvard Extension School
Skráningarfrestur til 6. september*



VIÐ FÆRUM ÞÉR SÉRFRÆÐINGANA TIL LANDSINS
HAGKVÆMUR KOSTUR FYRIR ÞIG

2013

Framsóknarflokkurinn stærstur

Sjálfstæðisflokkurinn er fallinn af stalli og ekki lengur stærsti stjórnálflokkur landsins samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Stuðningur við Vinstri græn og Sjálfstæðisflokk fellur en Framsókn rýkur upp. Fylgi Samfylkingar og Bjartrar framtíðar breytist lítið.

Framsóknarflokkurinn er stærsti stjórnálflokkurinn á Íslandi í dag og mælist með afgerandi meiri stuðning en Sjálfstæðisflokkurinn í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Könnunin var gerð á miðvikudags- og fimmtudagskvöld.

Alls segjast 31,9 prósent þeirra sem afstöðu taka í könnuninni myndu kjósa Framsóknarflokkinn yfri gengið til kosninga nú. Um miðjan janúar studdu 12,6 prósent flokkinn en stuðningur við hann hefur rokið upp frá því að dómur féll í Icesave-málinu.


Mikil fylgisaukning Framsóknarflokksins virðist að hluta til vera á kostnað Sjálfstæðisflokksins. Flokkurinn hefur mælst stærsti flokkurinn í skoðanakönnunum allt kjörtímabilið. Sterk staða Framsóknar hefur nú velt Sjálfstæðisflokknum af þessum stalli og fengi hann nú 27,6 prósent atkvæða.

Samfylkingunni virðist illa takast að ná vopnum sínum. Um 13,8 prósent styðja flokkinn nú og hefur fylgið þokast lítilla upp frá síðustu könnun. Lítil breyting orðið á fylgi Bjartrar framtíðar, sem mælist með stuðning 9,1 prósent kjósenda. Það er meiri stuðningur en þau 7,1 prósent sem Vinstri græn njóta um þessar mundir.

Nánari útlitun á niðurstöðum könnunarinnar, og samanburð við eldri kannanir, má sjá á myndunum hér til hliðar.

brjann@frettabladid.is

Skipting þingsæta



Fimmta hvert atkvæði til nýrra framboða


Þó að úrvalið á kjörseðlinum verði væntanlega meira í þessum kosningum en nokkrum öðrum alþingiskosningum virðast nýju framboðin eiga heldur erfitt uppdráttar. Undantekningin er Björt framtíð, sem er eina nýja framboðið sem mælist með fylgi yfir fimm prósentum og þar með eina nýja framboðið sem nærði mönnum á þing.

Nærri fimmti hver kjósendi ætlar að kjósa eitthvað af nýju framboðunum. Stærstur hluti, 9,1 prósent, styður Bjarta framtíð en 10,4 prósent deilast niður á hin framboðin. Staða þeirra gæti breyst þegar þau ná að koma stefnumálum sínum á framfæri þegar líður að kosningum, þó að mikill fjöldi framboða gæti torvelað þeim öllum að koma sínum málstað á framfæri.

→ Aðferðafræðin

Úrtakið í könnuninni var 1.295 manns en hringt var þar til náðist í 801 samkvæmt lagskiptu úrtaki miðvikudaginn 13. mars og fimmtudaginn 14. mars. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til þingkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var að lokum spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Alls tóku 59,9 prósent þáttakenda í könnuninni afstöðu til spurningarinnar.

FYLGFI FLOKKANNA



HEIMILD: KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS OG STÖÐVAR 2 DAGANA 13. OG 14. MARS 2013

FJÓRHJÓLADRIFINN QASHQAI DÍSIL FRÁ 5.090 ÞÚS. KR.



SHIFT_

NISSAN
QASHQAI

ENGIN FURÐA AÐ QASHQAI ER SVONA VINSÆLL

Flestir sem hafa keypt sér nýjan jeppling á árinu 2012 hafa valið Nissan Qashqai. Þeir sem kaupa Qashqai eru að leita að fallegum fjórhjóladrifnum bíl, sem er hagkvæmur í rekstri og góður í endursölu.

Eldsneytisnotkun einungis frá **4,6l/100km.**

- 20 cm veghæð
- Litaðar rúður
- Tölvustýrð loftkæling
- 5 stjörnu einkunn í EURO Ncap
- Fjórhjóladrif með LOCK stillingum
- Handfrjáls Bluetooth simabúnaður
- Bakkskynjari
- 17" álfelgur og margt fleira



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

Tilmæli Matvælastofnunar: Hvetja til hófs í tannröspun

DÝRAHALD Matvælastofnun (MAST) hvetur hestaeigendur og reiðmenn til að beita tannröspun ekki að öþörfu. Frekar eigi að aðlaga búnað og reiðmennsku að munni hestsins.

Í tilkynningu frá MAST segir að þessi tilmæli séu að gefnu til efni.

„Meðhöndlun einstakra tanna getur að sjálfsögðu verið nauðsynleg en ber að takmarka við þá sjúkdómsgreiningu sem fyrir liggur,“ segir MAST. - þj



AÐ VINNU Laun hjá skrifstofufólki hækkuðu mest milli árána 2011 og 2012.

Tölur Hagstofunnar:

Meiri hækkun á almennum vinnumarkaði

VINNUMARKAÐUR Laun á á almennum vinnumarkaði hækkuðu um 7,8% að meðaltali á milli árána 2011 og 2012, en á sama tímabili hækkuðu laun opinberra starfsmanna um 6,6%. Frá þessu segir á vef Hagstofunnar en laun á íslenskum vinnumarkaði hækkuðu um 7,4% milli árána 2011 og 2012.

Á almennum vinnumarkaði hækkuðu laun skrifstofufólks mest á milli ára eða um 9,2% en laun iðnaðarmanna hækkuðu minnst eða um 6,7%. - þj

Ríkisendurskoðun um Hf:

Brugðist við ábendingum

STJÓRNSÝSLA Ríkisendurskoðun telur að Háskóli Íslands hafi brugðist með fullnægjandi hætti við ábendingum stofnunarinnar frá 2010 um verktöku fastráðinna starfsmanna.

Í byrjun árs 2010 birti Ríkisendurskoðun skýrslu þar sem athygli var beint að allháum verktakagreiðslum Háskóla Íslands til nokkurra fastráðinna akademískra starfsmanna sinna og félaga sem þeir áttu eða tengdust. Að mati Ríkisendurskoðunar báru þær ýmis merki svokallaðar „gerviverktöku“ en hún felst í því að einstaklingur þiggur verktakagreiðslur fyrir störf sem eru í eðli sínu venjuleg launavinna.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að nú þremur árum síðar hefur Háskólinn brugðist með fullnægjandi hætti við öllum ábendingum. - shá

Ofurölvi skipstjóri:

Sviptur skip- stjóraréttindum

LÖGREGLUMÁL Rússneski skipstjórinn, sem var handtekinn í Sundahöfn á þriðjudag, fyrir að hafa siglt Skógafossi til landsins undir áhrifum áfengis, viðurkenndi sekt sína fyrir dómara í fyrradag.

Hann hlaut 250 þúsund króna sekt og var sviptur skipstjórnaréttindum í þrjá mánuði. Hann hélt heim á leið að réttarhöldum loknum, en Skógafoss er á leið til Ameríku, með íslenskan skipstjóra. Rússinn var svo ölvadur við komuna til landsins að lögregla gat ekki tekið af honum skýrslu. - gs

Í febrúar jókst sala á farsímum og tölvum um fjórðung milli ára:

Kortavelta útlendinga 50% meiri

EFNAHAGSMÁL Greiðslukortavelta heimilanna var 10,2 prósentum meiri í febrúar en í sama mánuði í fyrra, að því er kemur fram í samantekt Rannsóknaseturs verslunarinnar á Bifröst.

„Athygli vekur að kortavelta útlendinga hér á landi í febrúar jókst um 50,0 prósent frá febrúar fyrir ári. Þannig greiddu útlendingar um 4,9 milljarða króna í febrúar hér á landi með greiðslukortum sínum, samkvæmt tölum Seðlabanka Íslands,“ segir í tilkynningu

Rannsóknaseturs. „Þessi upphæð er 9,0 prósent af því sem heimili landsins greiddu með greiðslukortum sínum hér á landi í síðasta mánuði.“

Fram kemur að velta í dagvöruslun hafi dregist saman um 1,2 prósent á föstu verðlagi í febrúar miðað við sama mánuð í fyrra.

„Leiðrétt fyrir árstíðabundnum þáttum jókst velta dagvöruslana í febrúar um 1,1 prósent frá sama mánuði í fyrra. Verð á dagvöru hefur hækkað um 5,8 prósent á síðastliðnum tólf mánuðum.“


4,9 Ferðamenn greiddu hér fyrir vörur og þjónustu upp á 4,9 milljarða króna með greiðslukortum sínum í febrúar.

Þá kemur fram í tölum Rannsóknasetursins að velta vegna sölu á tölvum hafi á föstu verðlagi aukist um 28,5 prósent í febrúar og farsímasala um 24,5 prósent. - óká



VIÐ LANDMANNALAUGAR Aukinn ferðamannastraumur í febrúar endurspeglar í kortaveltu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gefðu sparnað í fermingargjöf



Fermingarkortið er inneignarkort sem hentar þeim vel sem vilja gefa sparnað í fermingargjöf. Landsbankinn greiðir 5.000 króna mótframlag þegar fermingarborn leggja 30.000 krónur eða meira inn á Framtíðargrunn.

Fermingarkortið er gjöf sem leggur grunn að fjárhag framtíðarinnar. Kortið kemur í fallegum gjafaumbúðum og fæst án endurgjalds í útibúum Landsbankans.



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



Hljóp fjögur maraþon og safnaði fyrir iPad

Srini Swaminathan notar iPad og leikjatölvu við kennslu í fátækrahverfum Chennai á Indlandi. Hann segir að menntaðir, ungir Indverjar geti breytt heiminum.

SKÓLAMÁL „Ef maður er kennari af lífi og sál þá getur maður notað hvað sem er og unnið í hvaða aðstæðum sem er til að vekja áhuga barnanna og hvetja þau til náms,“ segir Srini Swaminathan, ungur Indverji sem vinnur að því að efla skólastarf í allra fátækustu hverfum Indlands. Hann flutti erindi á ráðstefnu Samtaka sjálfstæðra skóla í gær.

Sjálfur ólst hann upp í mikilli fátækt í einu úthverfa stórborgarinnar Chennai. Hann missti föður sinn tólf ára gamall. Móður hans tókst með herkjum að framfleyta fjölskyldunni með því að vinna ýmis láglauastörf. Hann gekk í skóla í hverfinu, þar sem metnaður kennara var ekki mikill.

„Þegar ég byrjaði að kenna vildi ég ekki verða eins og kennararnir, sem kenndu mér. Þetta var bara vinnan þeirra. Þeir mættu óundirbúnir, tóku upp bók og byrjuðu að skrifa á töfluna. Ég var hins vegar svo heppinn að mér tókst samt að læra og komast áfram,“ sem lauk námi í rafmagnsverkfræði og fékk vinnu hjá alþjóðlegu stórfyrirtæki.

Helgaði sig skólamálu

„Ég fékk að ferðast um allt og smám saman breyttist líf mitt. Það kom stöðugleiki inn í líf mitt sem áður hafði verið berskjaldað og varnarlaust. Þá fór ég að huga

að menntun barnanna okkar, sem skiptir svo miklu máli.“

Hann gekk til liðs við samtökin Teach for India, sem senda unga menntamenn út í fátækustu hverfi landsins til að stunda þar kennslu. Samtökin eru óháð stjórnvöldum, rekin fyrir gjafaframlög frá alþjóðastofnunum, einstaklingum og öðrum indverskum samtökum.

„Ég fór að kenna í Mumbai, sem áður hét Bombay. Börnin í hverfinu eiga fátæka foreldra sem vinna erfið störf. Ég vildi umfram allt reyna að vekja áhuga nemendanna. Hrífa þá með. Og af því að ég er tækjarkarl fannst mér sniðugt að nota tæki eins og iPad. Börnunum finnst þetta spennandi og ég hef líka gaman að þessu, þannig að þetta lífgar upp á andrúmsloftið í skólastofnunni.“

Srini lagði töluvert á sig til að geta útvegað iPad í skólann. Hann stofnaði vefsíðu og hljóp fjögur maraþonhlaup til að safna áheitum til að geta keypt tækið. Svo tengdi hann rafmagn inn í skólann með snúru frá nálægum rafmagnsstaur. Eftir það gat hann hafist handa og sýnt börnunum kraftaverkin. Hann notaði einnig Wii-leikjatölvu, meðal annars til að hjálpa börnunum að læra einfaldan reikning.

Helmingur hættir námi

„Á Indlandi er það þannig að meira en 96 prósent barna eru skráð í

„Þegar ég byrjaði að kenna vildi ég ekki verða eins og kennararnir sem kenndu mér. Þetta var bara vinnan þeirra.“

Srini Swaminathan

skóla en nærri helmingur hættir námi fyrir fjórtán ára aldur. Niútiú prósent munu aldrei fara í háskóla. Þetta veldur mér ekki bara áhyggjum heldur reiði. Sem ungur Indverji er ég kappsfullur um að koma á breytingum í landinu, og mér finnst áhugavert að meira en helmingur Indverja er yngri en 35 ára. Þetta er fólk sem getur komið að liði víðs vegar um heim, ef við veitum því góða menntun. Indverjar geta gert heiminn betri. En þegar öll þessi börn sem hætta í skóla verða tvítug fara þau að leita sér að vinnu, og hvar eiga þau að finna vinnu með enga menntun? Þau munu fyllast reiði, og viljum við vera með milljónir ungra Indverja fulla af reiði úti um allt land? Það er hætt við því að þeir leiðist út í glæpi eða þurfi að takast á við alls kyns félagsleg vandamál. Þetta er einfaldlega ekki gott fyrir Indland og þetta er ekki gott fyrir heiminn.“

gudsteinn@frettabladid.is




SRINI SWAMINATHAN Ólst upp í fátækt en vinnur nú að því að efla skólastarf í allra fátækustu hverfum Indlands.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fimm milljóna manna borg

Chennai er höfuðborg Tamil Nadu-ríkis syðst á Indlandi. Borgin er ein af fjórum stærstu borgum Indlands. Þar búa um fimm milljónir manna og þrjár milljónir að auki á stórborgarsvæðinu í kring. Tamil Nadu er sjöttu milljóna manna ríki, sjöunda fjölmennasta ríki Indlands, en íbúar þar eru flestir tamílar. Tamílar búa einnig á eyjunni Srí Lanka sem er skammt undan ströndinni og áttu þar í harðvítugri sjálfstæðisbaráttu áratugum saman.



ÁRSFUNDUR LANDSVIRKJUNAR 2013

Silfurbergi, Hörpu
Fimmtudagur 21. mars kl. 14-16

Orka til framtíðar

Ársfundur Landsvirkjunar verður haldinn í Hörpu þann 21. mars kl. 14. Þar kynnum við fjárhag og framtíðaráætlanir fyrirtækisins og leggjum mat á hvernig til hefur tekist.



- **Katrín Júlíusdóttir** fjármálaráðherra
Ávarp
- **Bryndís Hlökkversdóttir** stjórnarformaður
Ávarp
- **Hörður Arnarson**, forstjóri Landsvirkjunar
Tækifærin í orku framtíðar
- **Rafnar Lárusson**, framkvæmdastjóri fjármálasviðs
Áhersla á lækkun skulda – rekstrarniðurstöður 2012

Fundarstjóri: Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar

Allir velkomnir

Skráning á www.landsvirkjun.is

 Landsvirkjun





Nýr ŠKODA Rapid



Láttu þér líða vel. **ŠKODA Rapid** er nýr og glæsilega hannaður fjölskyldubíll frá **ŠKODA** sem uppfyllir kröfur þeirra sem vilja gott innanrými og mikil þægindi fyrir fjölskylduna. Heildarlengd **Rapid** er 4,48 metrar, haganleg hönnun gefur gott rými fyrir fimm farþega og farangursrýmið rúmar 550 lítra sem er með því besta sem gerist í þessum stærðarflokki.

Komdu á frumsýningu **í dag** milli kl. 12 og 16 í HEKLU eða hjá umboðsmönnum um allt land og reynsluaktu nýjum og frábærum **ŠKODA Rapid**.

Nýr ŠKODA Rapid kostar aðeins frá:

3.190.000,-

m.v. ŠKODA Rapid Ambition 1.2TSI, 86 hestöfl, beinskiptur.

**Velkomin á frumsýningu
í dag milli kl. 12 og 16**



Eyðsla frá 4,2 l/100 km



CO₂ frá 114 g/km



5 stjörnur í árekstrar-
prófunum EuroNcap

SÓFAR
12 MÁNAÐA
VAXTALAUS
LÁN
IDdesign

NÚNA
50.000
KR. AFSLÁTTUR

HORNSÓFI MEÐ TUNGU

369.980
VERÐ: 419.990

UMBRIA Hornsófi með tungu.
B:326 D:265 T:160 H: 80 cm. Vandað grátt
áklæði. Tunga getur verið beggja vegna.

skovby

NÝ
SENDING
AF DÖNSKUM
HÚSGÖGNUM



399.990

GEGNHEIL EIK

MORRISON borðstofuborð. B:100 L:200 H:73 cm. Stækkanlegt í 358 cm
með þremur stækkunum sem fylgja. Gegnheil sápuborin eik. Gæðavara!

39.990

FULLT VERÐ: 49.990


ASPEN borðstofustóll,
krómlappir. Svart leður.



Nýjar smávörur frá *Bloomingville*



HILLUHÚS SETTIÐ KR. 18.990



BLOOMINGVILLE
SKILTI
KR. 5.990
30X68 CM




HILLUBOX SETTIÐ KR. 29.990

BLOOMINGVILLE
LITRÍKIR
BLÓMAVASAR
KR. 4.990



BLOOMINGVILLE
PLAKAT Í RAMMA
KR. 2.990
40X30 CM



KERTAGLÖS SETTIÐ KR. 2.690

HÚSGAGNAHÖLLIN – fyrir lifandi heimili



NÚNA
20.000
KR. AFSLÁTTUR



BRIGHTON
3 sæta sófi. B:202 D:77 H:80 cm.
2 sæta: B:150 D:77 H:82 cm.
Eikargrind og svart leður.

2JA SÆTA **259.990** 3JA SÆTA **359.990**
OLÍUBORIN EIKARGRIND OG SVART LEÐUR



2JA SÆTA B:180 CM **149.990** 2,5 SÆTA B:220 CM **149.990** 3JA SÆTA B: 250 CM **169.990**
VERÐ FRÁ: 169.990 VERÐ FRÁ: 169.990 VERÐ FRÁ: 189.990

UMBRIA 2 sæta sófi. B:180 D:87 H:80 cm. 2,5 sæta sófi B: 220 D:87 H: 80.
3 sæta: B:250 D:87 H:78 cm. Einnig fánlegur sem tungusófi. Fæst í 3 litum



Fullt af nýjum koddum og smávöru frá **SÖDAHL**
Koddar verð frá **KR. 4.990**



SPEEDY
Skrifstofustóll
Litur: svartur

35.990
FRÁBÆR FEMINGARGJÖF



MERCURY
Skrifstofustóll.
Fánlegur rauður og svartur.

24.990
FRÁBÆR FEMINGARGJÖF



12.990
VERÐ: 15.990

DUMPLING
barstóll, krómlappir.
Litur: Rautt, svart og hvítt



15.990
VERÐ: 19.990

PLUMP
barstóll, krómlappir.
Litur: svart.



19.990
VERÐ: 24.990

PUFFIN
barstóll, krómlappir. Litur: svart og hvítt

HÚSGAGNAHÖLLIN

Framsókn á fljúgandi ferð:

Að selja útópíu

Framsóknarflokkurinn er vinsælasti stjórnmálaflokkur á Íslandi samkvæmt niðurstöðum könnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem birtast hér í blaðinu í dag. Þrjátíu og tvö prósent þeirra sem afstöðu taka segjast myndu kjósa flokkinn ef gengið yrði til kosninga nú. Hlutfall óákveðinna er reyndar enn ótrúlega hátt, en um fjörutíu prósent aðspurðra segjast ekki hafa gert upp hug sinn eða vera ákveðnir í að kjósa ekki í þessum kosningum. Það eru því allar horfur á að kosningabaráttan einkennist af því að gera kjósendum gylliboð sem engin leið er að standa við að loknum kosningum til að freista þess að lokka til sín þá óákveðnu. Í þeirri deild er Framsóknarflokkurinn á heimavelli.

Fríðrika Benónýsdóttir

fridikab@frettabladid.is



Í viðtali við Hlyn Hallsson myndlistarmann, sem einnig hefur setið á Alþingi, í Fréttablaðinu fyrir skemmstu sagði hann eitthvað á þá leið að listir og pólitík færu ágætlega saman þar sem hvort tveggja gengi út á það að reyna að selja fólki útópíur. Framsóknarflokkurinn

hefur gengið flokka lengst í þeirri sölumennsku og eins óraunhæfar og útópíur hans virðast vera þá ganga þær greinilega í hinn almenna kjósenda.

Engu virðist skipta þótt þingflokksformaðurinn hafi viðurkennt að allt tal um niðurfellingu verðtryggingar sé óraunhæft og aldrei hafi staðið til að afnema verðtryggingu af þeim lánnum sem fólk hafi þegar tekið. Kjósendur heyra það sem þeir vilja heyra og því loðnari sem loforðin eru, þeim mun meiri hljómgrunn virðast flokkar fá. Skemmst er að minnast loforðs Besta flokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar síðustu: Alls konar fyrir aumingja, sem skilaði flokknum glæstum sigri.

Verðtryggingarumræðan er þó væntanlega langt því frá það eina sem Framsóknarflokkurinn safnar fylgi út á. Fyrir síðustu kosningar var nánast alfarið skipt um forystu og reynt að selja þá hugmynd að gömlu spillingaröflin hefðu ekki lengur nokkur ítök í flokknum. Sú andlitslyfting dugði skammt í þeim kosningum en virðist vera að skila árangri nú. Hin meinta staðfesta í Icesave-málinu virðist líka vega þungt á vogarskálum kjósenda, enda gullfiskaminni þeirra viðbrugðið.

EFTA Surveillance Authority webpage: www.eftasurv.int

Questions regarding the recruitment process may be posed to Mrs Sophie Jeannon, HR Senior Assistant, at +32 (0)2 286 18 93

The EFTA Surveillance Authority monitors compliance by Iceland, Liechtenstein and Norway with the law of the European Economic Area (EEA), enabling those countries to participate in the European internal market. In monitoring and enforcing the EEA Agreement, the Authority has powers that correspond to those of the European Commission. The Authority is based in Brussels and operates independently of the EFTA States. The Authority is led by a College which consists of three members appointed by the EEA EFTA States.

The EFTA Surveillance Authority is seeking two new case handlers:

Competition & State Aid Officer

JOB REFERENCE: 04/13

The successful candidate will be assigned responsibility for assessing state aid cases in light of EEA and EU law. Tasks include examination of complaints and notifications, drafting of decisions, and economic or legal opinions.

Essential Skills

- University degree in law, economics, finance, or equivalent
- Solid knowledge of the legal framework of the European Union and the European Economic Area
- Expert knowledge in EEA/EU state aid law
- Relevant professional experience within private and/or public sector
- Excellent command of written and spoken English
- Computer literacy
- Ability to work both independently and in a team in an international environment

Desirable

- Knowledge of the legal framework for environmental aid and case related experience within that field
- Good understanding of Norwegian, Icelandic, or German (EFTA languages)

Questions regarding this post may be posed to Mr Per Andreas Bjørgan, Director CSA, at +32 (0)2 286 18 36

Conditions:

The positions are placed as Officers at grade A4 of the Authority's salary scale, starting at € 84.387,36 per year. Depending on qualifications and experience, it might be considered to place the post as Senior Officer at Grade A5 starting at € 97.730,76.

Depending on personal situation allowances and benefits may apply. Tax conditions are favorable.

Overview of conditions at:

<http://www.eftasurv.int/about-the-authority/vacancies/recruitment-policy>.

Internal Market Affairs Officer

JOB REFERENCE: 05/13

The successful candidate will be assigned responsibility for surveillance work (case handling) in relation to the EFTA States and general Internal Market law, including the rules relating to establishment and capital movements. The successful applicant may also be assigned additional or new duties in other areas of Internal Market law, temporarily or for the duration of their contract.

Essential Skills

- University degree in law, or equivalent, and, preferably, a post-graduate degree in European law
- Solid knowledge of the legal framework of the EEA /EU and expertise in Internal Market law (four freedoms in particular)
- Relevant professional experience in private and/or public sector
- Excellent command of written and spoken English
- Computer literacy
- Ability to work both independently and in a team in an international environment

Desirable

- Professional experience involving the institutions of the EU and the EEA
- Good understanding of Norwegian, Icelandic, or German (EFTA languages)

Questions regarding this post may be posed to Mr Bernard Zaglmayer, Deputy Director IMA, at +32 (0)2 286 18 85

Type and duration of appointment: fixed-term three year contract.

If considered desirable and in the Authority's interest, an additional three years contract may be offered.

Smurbrauðsdama Óskast

Brauðbær óskar eftir að ráða smurbrauðsdömu til starfa, starfshlutfall eftir samkomulagi

Áhugasamir hafi samband með því að senda tölvupóst á braudbaer@braudbaer.is

World Class



Við óskum eftir aðstoðarmanni í eldhús

Vaktavinna - 70% vinnuhlutfall

Umsækjandi þarf að hafa mikinn áhuga á matreiðslu, vera skipulagður og hafa góða hæfileika í mannlegum samskiptum.

Íslenskukunnátta nauðsynleg.
Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá til gisli@worldclass.is fyrir 22. mars 2013.



VILT ÞÚ STARFA Í EINU AF UNDRUM VERALDAR? NUDDARAR ÓSKAST

Við leitum að orkumiklum og metnaðarfullum nuddurum til að starfa hjá okkur. Gerð er krafa um nuddararéttindi eða að námi í nuddi sé um það bil að ljúka. Haldgóð reynsla af störfum á þessu sviði er kostur. Viðkomandi þarf jafnframt að búa yfir góðri samskiptahæfni, ríkri þjónustulund og enskukunnáttu. Við leitum að nuddurum í framtíðarstörf og sumarstörf.

Bláa Lónið hefur margsinnis verið valinn einn besti spa staðurinn á heimsvísu og fékk nýverið nafnbótina eitt af 25 undrum veraldar að mati National Geographic. Bláa Lónið er tóbakslaus vinnustaður og þar starfa að jafnaði um 250 starfsmenn.

Nánari upplýsingar veitir **Ester Gísladóttir** deildarstjóri í síma **420 8825**. Umsóknarfrestur er til **24. mars**. Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn í gegnum heimasíðu Blue Lagoon www.bluelagoon.is/atvinna.

BLUE LAGOON
ICELAND

Vilt þú vinna spennandi verkefni með okkur?

Vegna aukinna verkefna leitum við að öflugum einstaklingum til að vinna með okkur

Position in Technical Training

Job description:

Schedules personnel for Training to comply with the continuation Training program. Maintain the continuation Training program. Update various Trainings using computer software. Use computer software to send out Trainings and follow up on completion. Coordinate Training at various locations around the world for Technical personnel.

Education and Qualifications:

- University or Technical Degree
- Extremely good English skills both verbal and writing
- Independent, incentive and disciplined work methods
- Good computer knowledge
- Good communication skills
- Good general computer skills
- Able to work independently

If you need Additional information regarding this position, please contact: David Aron Gudnason dag@atlanta.is.

Engineer with broad aircraft experience

Job description:

Preparation of aircraft modifications, such as cabin interiors and furnishings. Evaluate old modification of imported aircraft and prepare for EASA approval. Review and assessment of structural repairs carried out on Air Atlanta aircraft. Preparation of task cards and entry of structural repairs data into Air Atlanta computer system. Follow-up on repetitive structural repairs and performance of other duties as required by the Engineering department.

Education and Qualifications:

- Hold Aircraft Technician license or BS or M.Sc. degree in Engineering
- Excellent knowledge in English language
- Good communication skills
- Good computer skills, including computer aided drawing
- Able to work independently

Travel Agent

Job description:

Travel agent reports to Manager Travel Office and shall:

- Co-ordinate and manage all travel arrangements for our internal staff
- Book flights, hotels and ground transportation and review related invoices
- Obtain the best value for money on all travel arrangements
- Provide a high level of customer service

Education and Qualifications:

- Experience working with Amadeus and an IATA/ UFTA qualification is preferred
- Excellent knowledge in English
- Good communication skills
- Good general computer skills
- Able to work independently

Umsóknarfrestur er til 1. apríl 2013 / Applications need to be received before 1st of April 2013

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að senda umsóknir á hr@atlanta.com / Applications only received by e-mail at hr@airatlanta.com

Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál. / All applications will be answered and treated as confidential.

Air Atlanta Icelandic is one of the largest ACMI service provider in the world. We offer tailor-made solutions to other carriers, both in the passenger and cargo industry.





Sjúkraliðar - hópstjórar

Grund vill bæta við þann góða hóp sjúkraliða sem er starfandi við heimilið. Laus er til umsóknar staða í 80% vaktavinnu, engar næturvaktir. Staðan er laus frá 1/4 2013 eða eftir nánara samkomulagi. Reynsla af öldrunarhjúkrun er æskileg.

Starf hópstjóra á Grund er sjálfstætt og fjölbreytt. Hjúkrunarfræðingur er alltaf í húsinu til ráðgjafar og stuðnings.

Þá óskar Grund eftir hjúkrunarfræðingum og hjúkrunarfræðinemum til sumarafleysisinga í sumar, einnig sjúkraliðum og sjúkraliðanemum.

Nánari upplýsingar um störfin, starfshlutfall, vaktir og launakjör veitir Sigrún Faulk hjúkrunarforstjóri, virka daga frá klukkan 9.00-16.00 í síma 530-6116.

Trúnaður, traust og umhyggja eru höfð að leiðarljósi í samskiptum og lögð áhersla á góðan vinnuanda, sjálfstæð vinnubrögð og heimilislegt umhverfi.

www.grund.is



Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa

Mörk hjúkrunarheimili óskar eftir hjúkrunarfræðingum og hjúkrunarfræðinemum til sumarafleysisinga í sumar. Óskað er ennfremur eftir sjúkraliðum og sjúkraliðanemum til starfa á heimilið.

Þá vantar hjúkrunarfræðing í fasta stöðu á húsvaktir.

Í Mörk er unnið metnaðarfullt starf þar sem EDEN hugmyndafræðin er höfð að leiðarljósi.

Nánari upplýsingar gefur Ragnhildur Hjartardóttir, hjúkrunarframkvæmdastjóri í Mörk í síma 560-1700/ 894-4447 ragnhildur.hjartardottir@morkin.is

Vantar þig aukatekjur?

Alþjóðlegt fyrirtæki með áratuga reynslu leitar eftir jákvæðu ábyrgðarfullu fólki, sem getur unnið sjálfstætt. Miklir framtíðarmöguleikar, sveigjanlegur vinnutími og stuðningur. Möguleiki á að starfa erlendis. Fullt starf eða hlutastarf. Góðir tekjumöguleikar frá 50 þús. til 600 þús. á mánuði. Hafid samband í síma 696 1012 eða sendid email á fullkominndagur@gmail.com



Sérfræðilæknir í smitsjúkdómalækningum

Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í smitsjúkdómalækningum. Stétt er að því að um fullt starf verði að ræða en starfshlutfall getur þó verið samkvæmt nánara samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Vinna á legu- og göngudeildum smitsjúkdómalækninga
- » Vinna við ráðgjöf í smitsjúkdómalækningum
- » Vinna í almennum lyflækningum sem fer að hluta fram á bráðalyflækningadeild þar sem áhersla er lögð á skilvirkt verklag við innlögn og meðferð bráðveikra lyflækni sjúklinga
- » Þátttaka í vaktþjónustu smitsjúkdómalækna
- » Þátttaka í kennslu og rannsóknarstarfi

Hæfniskröfur

- » Sérfræðiviðurkenning á Íslandi í almennum lyflækningum með smitsjúkdómalækningar sem undirsérgeini
- » Breið þekking og reynsla í almennum lyflækningum
- » Mikil reynsla af kennslu og rannsóknum
- » Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarrestur er til og með 6. apríl 2013. Starfið veitist frá 1. júní 2013 eða eftir samkomulagi.
- » Upplýsingar veitir Már Kristjánsson, yfirlæknir, markrist@landspitali.is, sími 543 1000.
- » Umsókn skulu fylgja vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- » Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða við umsækjendur og ákvörðun um ráðningu í starfi byggir einnig á þeim.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, Má Kristjánssyni, yfirlækni smitsjúkdómalækninga, LSH C9 Fossvogi.
- » Fullt starf (100%) er bundið við sjúkráhusið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkráhuslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

FASTEIGNASALA!

ÓSKUM EFTIR SÖLUMANNI Eða SÖLUKONU!

REYNSLA MIKILVÆG EN EKKI SKILYRÐI.

GOTT STARFSUMHVERFI Á LÍFLEGUM VINNUSTAÐ. GÓÐ OG ÁRANGURSTENGÐ LAUN Í BÓÐI.

UPPLÝSINGAR VEITA MAGNÚS OG SIGURÐUR SAMÚELSSON Í SÍMA 512 4900

UMSÓKNIR SKAL SENDA Á NETFANGIÐ SS@LANDMARK.IS

LANDMARK

FASTEIGNASALA



Sérfræðingur á endurskoðunarsviði

Ríkisendurskoðun auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á endurskoðunarsviði. Svíðið annast m.a. fjárhagsendurskoðun hjá ríkINU samkvæmt 8. gr. laga nr. 87/1996 um Ríkisendurskoðun. Í því felst m.a. að endurskoða ríkisreikning og reikninga ríkisaðila, kanna innra eftirlit stofnana og hvort fjáráðstafanir þeirra og rekstur eru í samræmi við lög og reglur. Um fjölbreytt og krefjandi starf er að ræða. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur þekkingu á eða reynslu af reikningshaldi og endurskoðun, er nákvæmur og vandvirkur, með góða greiningar- og ályktunarhæfni og vel ritfær.

Starfið felur m.a. í sér að:

- Vinna við undirbúning og áhættugreiningu verkefna.
- Greina gögn og að taka viðtöl.
- Setja niðurstöður úttekta fram á hlutlægan og ábyrgan hátt.
- Taka þátt í þróunarstarfi sviðsins, m.a. við innleiðingu opinberra endurskoðunarstaða (ISSAI)

Jafnframt mun sérfræðingurinn taka þátt í innra starfi sviðsins og sinna öðrum störfum sem sérfræðingum sviðsins eru falin hverju sinni.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði reikningshalds og endurskoðunar
- Þekking á stöðlum í reikningshaldi og endurskoðun
- Reynsla af vinnu við reikningshald er kostur
- Frumkvæði, metnaður og sveigjanleiki
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Geta til að vinna sjálfstætt á agaðan og skipulagðan hátt.
- Skýr sýn á aðalatriði, nákvæmni og góð greiningar- og ályktunarhæfni
- Góð tök á skýrslugerð og geta til að setja efni fram á skipulegan og rökréttan hátt
- Geta til að skrifa vandaða og læsilega íslensku
- Þekking á fjárhags- og mannaúskerfi ríkisins er kostur

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Samkvæmt jafnréttisstefnu Ríkisendurskoðunar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um starfið.

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Ríkisendurskoðunar.

Umsóknarrestur er til og með 20. mars 2013. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að senda umsókn sína ásamt ítarlegri náms- og starfsferilsskrá til Ríkisendurskoðunar, Bríetartúni 7, 105 Reykjavík og/eða á postur@rikisend.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingi K. Magnússon, sviðsstjóri endurskoðunarsviðs, sími 569 7131, (Ingi@rikisend.is)

Ríkisendurskoðun er sjálfstæð stofnun sem starfar á vegum Alþingis samkvæmt lögum nr. 86/1997. Stofnunin endurskoðar ríkisreikning og reikninga ríkisaðila, hefur eftirlit með og stuðlar að umbótum á fjármálastjórn ríkisins og nýtingu almannaþjóf. Hún gerir grein fyrir niðurstöðum endurskoðunar og úttekta í skýrslum sem sendar eru Alþingi og birtar opinberlega. Forsætisnefnd Alþingis skipar yfirmann stofnunarinnar, ríkisendurskoðanda, til sex ára. Starfsmenn eru samtals 41.



Reykjavíkurborg

Fjármálaskrifstofa/Kjaradeild

Starf við launavinnslu í Kjaradeild

Kjaradeild sinnir launavinnslu Reykjavíkurborgar og hefur eftirlit með framkvæmd kjarasamninga. Deildin ber ábyrgð á túlkun kjarasamninga og vinnuréttar og fer með fyrirvar þeirra mála gagnvart viðsemdum og aðilum vinnumarkaðar. Deildin sinnir auk þess ráðgjöf á sviði vinnuréttar og kjarasamninga innan Reykjavíkurborgar og hefur umsjón með og ber ábyrgð á mannaútskýringakerfi borgarinnar og þróun þess. Hjá Kjaradeild starfa 25 starfsmenn og hefur deildin aðsetur að Borgartúni 12.

Óskað er eftir öflugum starfsmanni til starfa við launavinnslu. Leitað er að einstaklingi sem býr yfir mikilli samskiptahæfni, sýnir frumkvæði og hefur tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð. Unnið er með mannaúts- og launakerfi Oracle og krefst vinnan skipulagshæfni og nákvæmni.

Helstu verkefni:

- Skráning og yfirferð ráðningar- og launagagna
- Eftirlit með rafrænni skráningu
- Eftirlit með rétttri framkvæmd kjarasamninga
- Samskipti og leiðbeiningar til stjórnenda vegna launa- og viðverkerfa

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af launavinnslu og þekking á kjarasamningum
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Greiningarhæfni
- Góðir samskiptahæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/starf

Umsóknarrestur er til og með 1. apríl 2013.

Nánari upplýsingar veita Atli Atlason, deildarstjóri Kjaradeildar í síma 411 4323, netfang: atli.atlason@reykjavik.is og Þorbjörg Atladóttir í Kjaradeild í síma 411 4305, netfang: thorbjorg.atladottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.



Grímseyjarskóli

Lausar eru til umsóknar stöður kennara við Grímseyjarskóla. Annars vegar 100% staða við grunnskólann frá 1. ágúst 2013 - 1. mars 2014 og hins vegar u.þ.b. 75% staða við leikskólann frá 16. ágúst 2013 - 27. maí 2014.

Upplagt að koma og prófa eitthvað nýtt í lifandi og skemmtilegu samfélagi. Húsnæðishlunnindi í boði!

Umsóknarfrestur er til 20. apríl 2013

Nánari upplýsingar um störfina er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt eða hjá Skólalastjóra Huldu Signýju í síma 861-1813



Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001



Sérfræðingur á stjórnsýslusviði

Ríkisendurskoðun auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á stjórnsýslusviði. Sviðið annast m.a. stjórnsýsluendurskoðun hjá stofnunum og fyrirtækjum ríkisins samkvæmt 9. gr. laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun. Í því felst m.a. að kanna meðferð og nýtingu ríkisfjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni er gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja ríkisins og hvort gildandi lagafyrirmælum er framfylgt í því sambandi. Um fjölbreytt og krefjandi starf er að ræða. Leitað er að einstaklingi sem hefur metnað og frumkvæði að leiðarljósi, er vandvirkur, með góða greiningar- og ályktunarhæfni og vel ritfær.

Starfið felur m.a. í sér að:

- Vinna við mótun og afmörkun stjórnsýsluúttekta og áætlanagerð vegna þeirra
- Greina gögn, taka viðtöl og draga rökréttar ályktanir
- Setja niðurstöður úttekta fram í hnitmiðuðum, vel rök studdum og aðgengilegum skýrslum

Jafnframt mun sérfræðingurinn taka þátt í innra starfi sviðsins og sinna öðrum störfum sem sérfræðingum sviðsins eru falin hverju sinni.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af vinnu við úttektir er kostur
- Frumkvæði, metnaður og sveigjanleiki
- Færni til að vinna sjálfstætt á skipulagðan og agaðan hátt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sýn á aðalatriði og góð greiningar- og ályktunarhæfni
- Nákvæmni og vandvirkni með tölur og texta
- Góð almenn tölfraeðipækning
- Góð tök á skýrslugerð og geta til að setja efni fram á skipulegan og rökréttan hátt
- Geta til að skrifa vandaða og læsilega íslensku
- Þekking á ríkisrekstri er kostur

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Samkvæmt jafnréttisstefnu Ríkisendurskoðunar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um starfið. Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Ríkisendurskoðunar.

Umsóknarfrestur er til og með 20. mars 2013. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að senda umsókn sína ásamt ítarlegri náms- og starfsferilsskrá til Ríkisendurskoðunar, Bríetartúni 7, 105 Reykjavík og/eða á postur@rikisend.is. Öllum umsóknum verðar svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar um starfið veita Kristín Kalmansdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs, sími 569 7154, (kkalmans@rikisend.is) og Þórir Óskarsson, deildarstjóri á stjórnsýslusviði, sími 569 7149, (thorir@rikisend.is).

Ríkisendurskoðun er sjálfstæð stofnun sem starfar á vegum Alþingis samkvæmt lögum nr. 86/1997. Stofnunin endurskoðar ríkisreikning og reikninga ríkisaðila, hefur eftirlit með og stuðlar að umbótum á fjármálastjórn ríkisins og nýtingu almannaþjá. Hún gerir grein fyrir niðurstöðum endurskoðunar og úttekta í skýrslum sem sendar eru Alþingi og birtar opinberlega. Forsætisnefnd Alþingis skipar yfirmann stofnunarinnar, ríkisendurskoðanda, til sex ára. Starfsmenn eru samtals 41.



Are you confident and qualified for multitasking?

Receptionist Wanted

If you like meeting people and enjoy having a varied day this could be the perfect job for you. We are looking for a driven person who is able to multitask to join LS Retail's growing team at our office in Hofdatorg, Reykjavik.

Main tasks:

- Greeting visitors and directing them to the correct person or department.
- Different kinds of office work, such as the ordering and refilling of office supplies, scanning bills for accounting and so on.
- Assisting in the kitchen when needed.
- Light cleaning if needed.
- Other related tasks.

Qualifications:

We are looking for

- A friendly and confident personality with a drive to excel in service attitude.
- Good spoken and written communication skills, both in Icelandic and English.
- Knowledge of Microsoft Office.
- Knowledge of Microsoft Dynamics NAV is an advantage, not a requirement.

For further information please contact Gardar Gylfason Malmquist CFO (gardar@lsretail.com) or Elsa Heimisdóttir Human Resource Manager (elsa@lsretail.com) by e-mail or by phone on 414 5700.

All applications and inquiries are confidential and will be answered.

Please send applications to jobs@lsretail.com

The closing date for applications is 24 March.



LS Retail is the leading provider of end-to-end solutions for the Retail and Hospitality industries based on Microsoft technology. LS Retail is sold and supported by more than 140 certified partners in over 60 countries, which makes it possible to deploy LS Retail on a worldwide scale. This is probably the largest existing channel for a vertical Microsoft Dynamics add-on product. LS Retail has been installed by more than 2,200 companies with 40,000 stores operating over 100,000 POS terminals worldwide.

Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Paramedica Norge has developed skin care products for clinics and home treatment

Sole representative for Iceland, please refer to:
www.paramedica.no
 WEB and progra,,ing = Euro 3.500
 No need to invest in products.
 For details, please contact: truls@t@gmail.com

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRI TÓNLISTARSKÓLA GARÐABÆJAR

Laus er staða aðstoðarskólastjóra við Tónlistarskóla Garðabæjar.

Aðstoðarskólastjóri þarf að vera reiðubúinn til þess að taka þátt í að móta skólasamfélag Garðabæjar með uppbyggilegum og framsýnum hætti í samvinnu við skólastjóra.

Helstu verkefni eru meðal annars:

- Umsjón með daglegri framkvæmd skólastarfsins og rekstri í samráði við skólastjóra.
- Þátttaka í skipulagningu skólaársins og öðrum skipulagsstörfum
- Aðstoð við skólastjóra í að skipuleggja og leiða þróunar- og umbótastarf og símenntun.
- Vinna að starfsmannamálum í samráði við skólastjóra.

Menntun, reynsla, hæfni:

- Háskólapróf í hljóðfæraleik/tónlist
- Framhaldsmenntun á sviði tónlistar æskileg
- Reynsla af stjórnun og þróunarstarfi í tónlistarskóla
- Reynsla af starfi með börnum og ungmennum
- Metnaður, hugmyndaauðgi og skipulagshæfni
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Frekari upplýsingar á vef Garðabæjar www.gardabaer.is.



Tónlistarskóli
Garðabæjar



GARÐABÆR
www.gardabaer.is



Reykjavíkurborg

Listasafn Reykjavíkur

Deildarfulltrúi sýningardeildar á Listasafni Reykjavíkur

Laus er til umsóknar staða deildarfulltrúa sýningardeildar á Listasafni Reykjavíkur.

Um er að ræða 100% starf og þarf viðkomandi að hefja störf eigi síðar en 1. maí 2013.

Sýningardeild Listasafns Reykjavíkur hefur umsjón með skiptingu sýninga á verkum úr safneigninni og tímabundnar sýningar á innlendri og erlendri myndlist og hönnun í öllum húsunum þremur: Kjarvalsstöðum, Ásmundarsafni og Hafnarhúsi.

Starfsvið:

- Deildarfulltrúi sýningardeildar hefur umsjón og eftirlit með ástandi sýningarýma safnsins og framkvæmd á sýningarátætlun.
- Samvinna við deildarstjóra, sýningarstjóra, sýnendur og tæknimenn.
- Vinnur við gerð áætlunar á sýninga-skiptum, sér um skrásetningu listaverka, heimilda og tengdra gagna í tengslum við sýningar.
- Umsjón, skráning og eftirlit með tæknibúnaði sýningardeildar.

Hæfniskröfur:

- Krafist er háskólamenntun á sviði myndlistar eða sambærilegrar menntunar.
- Starfið krefst mikillar reynslu í vinnu með myndlist og annarri safnavinnu. Tölvukunnáttu (ritvinnsla, töflureiknir, skrásetningarforrit, almenn skrifstofuforrit, skjalakerfi) og tungumálakunnáttu (íslenska og enska).

Sjálfstæð vinnubrögð, skapandi hugsun, jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum.

Næsti yfirmaður er deildarstjóri sýningardeildar.

Umsóknarfrestur er til 23. mars 2013

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

klipparinn



STÓLAR TIL LEIGU

GOTT TÆKIFÆRI OG FRÁBÆR STAÐSETNING
FYRIR EFNILEGT FAGFÓLK

NÁNARI UPPLÝSINGAR GEFUR BJÖRGVIN Í
SÍMA 899-5130



Sumarstarf!



Við hjá Sérferðum (Special Tours) auglýsum eftir hressum og kátum starfsmönnum í teymið okkar fyrir sumarið.

Rútbílstjóri

- ÖN tilskilin réttindi
- Góð enskukunnátta
- (Önnur tungumál kostur)
- Hæfni í samskiptum
- Vinna vel undir álagi
- Reynsla í ferðabjónustu kostur

Yfirvélstjóri

- Réttindi: Yfirvélstjóri 750 kw
- Góð enskukunnátta
- Hæfni í samskiptum
- Vinna vel undir álagi
- Reynsla í ferðabjónustu kostur

Umsókn sendist á info@specialtours.is eða í síma 560-8800

Special Tours & Life of Whales | Iceland | www.specialtours.is | www.lifeofwhales.is

Sumarvinna

Garðyrkjudeild Kirkjugarða
Reykjavíkurborgar leitar að
rösku fólki til starfa sumarið 2013

Um er að ræða störf í Fossvogskirkjugarði, Gufuneskirkjugarði, Hólavallagarði við Suðurgötu og Kópavogskirkjugarði. Tímabil vinnu er frá 29. maí til 16. ágúst 2013.

Leitað er að starfsfólki í almenn garðyrkjustörf, í flokksstjórastörf og einstaklingum með dráttarvélaréttindi. Laun eru greidd samkvæmt texta stéttarfélagsins Eflingar.

Þeir, sem hug hafa á að sækja um sumarvinnu hjá Kirkjugörðunum, athugi eftirfarandi skilyrði fyrir ráðningu:

- Umsækjandi sé fæddur árið 1996 eða fyrr.
- Umsókn berist skrifstofu Kirkjugarðanna í Fossvogi fyrir 1. apríl 2013.

Hægt er að fylla út umsókn á heimasíðunni www.kirkjugardar.is og senda rafrænt.

Umsóknareyðublöð eru einnig afhent á skrifstofu Kirkjugarðanna í Fossvogi og í Gufunesgarði, þar er hægt að fá upplýsingar um starfið.

Skrifstofusímar eru: 585-2700 eða sími: 585-2770. Myndsími er 585-2701. Heimilisfang: Vesturhlíð 8 105 Reykjavík.

Nánari upplýsingar um Kirkjugarðana má nálgast á Netinu:

<http://www.kirkjugardar.is>
(upplýsingar um
sumarstörf).



Við leitum að

vaktstjóra/veitingastjóra

í Keiluhöllina Egilshöll og á veitingastaðinn Fellini

Hæfniskröfur.

- Sveinspróf í framreiðslu og eða haldþæra reynslu af störfum á veitingahúsi
- 25 ára eða eldri

Starfslýsing.

- Umsjón með öllum daglegum rekstri
- Unnið á 2-2-3. 12 tíma vöktum
- Gerð vaktaskipulags

Umsókn skal skila á rafrænu formi á netfangið: atvinna@keiluhollin.is
 Upplýsingar ekki gefnar í síma.
 Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



KEILUHÖLLIN
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN
ÖSKJUHLÍÐ - EGILSHÖLL



Óskum eftir starfskrafti með frumkvæði, hæfileika og metnað til að hjálpa okkur aðgera veitingastaðina okkar framúrskarandi.

Matreiðslumaður

Óskum eftir að ráða matreiðslumann fyrir komandi sumar. Útsjónarsamur og samvinnufús einstaklingur, sem hefur yfirumsjón með eldhúsi, matvælum og innkaupum. Þarf að hafa gaman, að því að vinna í sveitasælunni.

Áhugasamir sendið nafn og ferilskrá á julli@hreggnasi.is



www.hafnarfjordur.is



ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJÖRDARBEJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRDUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Kennara vantar í Víðistaðaskóla

Vegna forfalla vantar okkur kennara til að kenna 2. bekk í starfstöðinni í Engidal út skólaárið. Um er að ræða 19 tíma á viku. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 2. apríl.

Upplýsingar gefa skólastjóri í síma 595 5800 eða sigurdur@vidistadaskoli.is og Anna María Skúladóttir deildarstjóri í Engidal í síma 5554433 eða anna@engidalsskoli.is

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

Umsóknarfrestur er til 21. mars 2013.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

LISTAHÁSKÓLINN AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM UM STÖRF

HÁSKÓLAKENNARA VIÐ HÖNNUNAR- & ARKITEKTÚRDEILD

Listaháskólinn auglýsir eftir umsóknum um störf háskólakennara með starfsheiti *lektors* við hönnunar- og arkitektúrdeild skólans. Í hönnunar- og arkitektúrdeild er boðið upp á bakkalárnám á fjórum námsbrautum og meistaranám í hönnun. Starfshlutfall getur verið 50 eða 100%.

Um er að ræða störf í:

- arkitektúr
- fatahönnun
- grafískri hönnun
- vöruhönnun

Við ráðningu er lagt til grundvallar að umsækjendur séu starfandi hönnuðir, hafi yfirgripsmikla listræna og faglega þekkingu á hönnun og séu virkir þátttakendur í fræða- og fagsamfélagi greinarinnar. Gerð er krafa um meistaraþróf eða sambærilega menntun. Leitað er eftir einstaklingum sem hafa umtalsverða kennslureynslu og hafa leiðbeint nemendum á háskólastigi í hönnunarverkefnum.

Umsóknir skulu stílaðar á rektor og skal skila þeim ásamt fylgigögnum til Listaháskóla Íslands, Þverholti 11, 105 Reykjavík, eigi síðar en mánudaginn 15. apríl.

Yfirlit um starfsferil og verk skal einnig skilað á rafrænu formi. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.

Sjá frekari upplýsingar um skilgreiningar á störfum og kröfur til umsækjenda á heimasíðu Listaháskólans, www.lhi.is

Sjá jafnframt upplýsingar um viðmið Listaháskólans um mat á þekkingu og reynslu háskólakennara og reglur um veitingu akademískra starfa á heimasíðu skólans lhi.is/skolinn/stjornsysla/log-og-reglur/

Gert er ráð fyrir að ráðningar taki gildi frá og með 1. ágúst næstkomandi.

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

C# og .NET hugbúnaðarsérfræðingur

Vöruteymi RM Studio er að leita að hugbúnaðarsérfræðingi sem vill taka þátt í að þróa spennandi hugbúnað fyrir alþjóðlegan markað. RM Studio er í notkun hjá 65 viðskiptavinum í 17 löndum og er skrifað í C# og .NET. RM Studio er þróað með Agile og Scrum aðferðafræðinni og er mikið lagt upp úr teymisvinnu og virðisdrifinni hugbúnaðarþróun.

Hæfniskröfur:

Háskólamenntun í tölvunarfræði eða hugbúnaðarverkfræði.
Reynsla og kunnátta á C# og .NET umhverfinu.
Þekkingu á Microsoft SQL gagnagrunni.
Þarf að geta unnið sjálfstætt en jafnframt unnið vel innan hóps.

Einnig nýtist vel þekking á Microsoft TFS, þekking á upplýsingaöryggi, IT Governance og alþjóðlegum stöðlum.

Nánari upplýsingar veitir Erlendur Steinn Guðnason, framkvæmdastjóri Stika í síma 5 700 600. Upplýsingar um RM Studio má finna á vefnum www.riskmanagementstudio.com og um Stika á www.stiki.eu.

Umsóknir sendist á jobs@stiki.eu og er umsóknarfrestur til og með 31. mars 2013.



Stiki - Information Security
Laugavegur 178 - IS-105 Reykjavík
Phone: +354 5700 600 - www.stiki.eu



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Lögfræðingur	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Reykjavík	201303/078
Eftirlitsmaður	Flugmálastjórn Íslands	Reykjavík	201303/077
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Hvammstangi	201303/076
Hjúkrunarfræðingar	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Akranes	201303/075
Ljósmyndari	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Akranes	201303/074
Dósent í líffræði	HÍ, líf- og umhverfisvísindadeild	Reykjavík	201303/073
Starfsm. við sundlaug og íþróttahús	HÍ, rekstur fasteigna	Laugarvatn	201303/072
Rannsóknarsérfræðingur	HÍ, rannsóknarsetur	Patreksfjörður	201303/071
Matreiðslumaður, afleysing	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	Reykjavík	201303/070
Sumarstörf	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	Reykjavík	201303/069
Starfsfólk í afleysingar	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	Akureyri	201303/068
Sumarstörf á álagstímum	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	Landið	201303/067
Sumarstörf í vínbúðum	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	Landið	201303/066
Starfsfólk í sumarafleysingar	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Austurland	201303/065
Hjúkrunarfræðingar, afleysing	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201303/064
Hjúkrunarfr. við heimahjúkrun	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Kópavogur	201303/063
Móttökuritari	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201303/061
Móttökuritari, afleysing	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201303/060
Sérfræðilæknir	LSH, smitsjúkdómalækningar	Reykjavík	201303/059
Hjúkrunarfræðingar	LSH, bæklunarskurðeild	Reykjavík	201303/058
Hjúkrunarfræðingur	LSH, skurð- og þvagfæralækn.d.	Reykjavík	201303/057
Pólskumælandi spyrill	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201303/056
Eftirlitsdýralæknir	Matvælastofnun	Reykjavík	201303/055
Rannsóknarmaður	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	Reykjavík	201303/054
Fangaverðir, sumar	Fangelsismálastofnun ríkisins	Litla-Hr., Sogn	201303/053
Sérfræðingur hjá Jöfnunarsjóði	Innanríkisráðuneytið	Reykjavík	201303/052
Lögfræðingur	Innanríkisráðuneytið	Reykjavík	201303/051



Við Víkurskóla, Vík í Mýrdal sem er sameinaður grunnleik- og tónskóli Mýrdalshrepps eru eftirtaldar stöður lausar til umsóknar. Staða skólastjóra.

Starfssvið:

- Skipulagning og áframhaldandi þróun nýrrar skólaflokkunar.
- Fagleg forusta á sviði kennslu og skólalæðing.
- Stjórnun og ábyrgð á daglegri starfsemi, fjárhagsáætlun og rekstri.
- Leiðtogi í faglegu starfi nemenda, starfsmanna og skólasamfélagsins í heild.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Kennsluréttindi, framhaldsmenntun í stjórnun og/eða uppeldis og kennslufræðum æskileg.
- Reynsla af stjórnun, rekstri og þróunarstarfi.
- Sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur einlægan áhuga á og kraft til forustu í skipandi skólaflokkunar.

Staða íþróttakennara.

- Tímabundin ráðning næsta skólaár. Hluti starfssviðs íþróttakennara er umsjón íþróttamannvirkja.

Staða leikskólakennara.

- Föst staða leikskólakennara við leikskóladeild Víkurskóla. Í deildinni eru 25 börn í tveimur deildum og er hún í nýju húsnæði. Þetta er spennandi tækifæri fyrir hugmyndaríkan og jákvæðan kennara til að taka þátt í mótun starfsins á nýjum stað.

Umsóknarfrestur er til 27. mars n.k.

Umsóknir skal senda til sveitarstjóra Mýrdalshrepps Austurvegi 17, 870, Vík.

Nánari upplýsingar veita:

Ásgeir Magnússon sveitarstjóri S. 898-3340, sveitarstjóri@vik.is
Anna Björnsdóttir skólastjóri S. 487-1242, anna@vik.is



Mýrdalshreppur

Vík í Mýrdal

Fjölskylduvænt samfélag í fallegu umhverfi.

Mýrdalshreppur er tæplega 500 manna sveitarfélag. Í Vík er öll almenn þjónusta svo sem grunn- leik- og tónskóli heilsugæsla, dvalar og hjúkrunarheimili og frábær aðstaða til íþróttaiðkunar.

Náttúrufegurð er rómuð í Vík og nágrenni og samgöngur greiðar allt árið. Ferðaþjónusta er öflug og vaxandi í sveitarfélaginu og fjölbreyttir möguleikar á því sviði fyrir fólk með ferskar hugmyndir.

Mýrdalshreppur - Austurvegi 17 - 870 - Vík sími 4871210

ATVINNA

AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRI HEIÐARSKÓLA Í REYKJANESBÆ

Staða aðstoðarskólastjóra í Heiðarskóla er laus til umsóknar. Leitað er að einstaklingi með góða færni í mannlegum samskiptum og sem sýnt hefur mikinn metnað í störfum sínum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennaramenntun og réttindi til kennslu í grunnskóla
- Farsæll kennsluferill
- Reynsla af stjórnunarstörfum
- Hæfni og lípurð í mannlegum samskiptum
- Góðir skipulagshæfileikar
- Metnaður til árangurs
- Frumkvæði og samstarfsvilji
- Að vera reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólaflokkun

Meginhlutverk aðstoðarskólastjóra er að:

- Vera staðgengill skólastjóra og taka virkan þátt í daglegri stjórn skólans
- Vinna að mótun og framkvæmd faglegrar stefnu skólans
- Vinna að skipulagi skólaflokkunar
- Hafa umsjón með vinnutilhögun starfsmanna

Umsóknarfrestur er til 1. apríl nk. Sækja skal um starfið á vef Reykjanesbæjar <http://www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf> Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Upplýsingar veitir Sóley Halla Þórhallsdóttir, aðstoðarskólastjóri, í síma 420-4500 / 894-4502 eða á netfangið soley.h.thorhallsdottir@heidarskoli.is Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Heiðarskóli hefur á að skipa afar hæfu starfsfólki sem hefur metnað til góðra verka í skólamálum og hefur það komið skólanum í fremstu röð grunnskóla landsins. Nánari upplýsingar um skólann er að finna á heimasíðu hans www.heidarskoli.is



REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

ATVINNA

DEILDARSTJÓRI OG SÉRKENNARI ÓSKAST

Viltu vinna á faglegum, kraftmiklum og skemmtilegum vinnustað? Þá er Akurskóli staðurinn fyrir þig.

Akurskóli óskar eftir deildarstjóra:

Starfssvið:

- Deildarstjóri er millistjórnandi sem fer með mannaforráð og stýrir hluta af skólaflokkun.
- Samhæfing starfs og kennslu á stigum í samráði við kennara og aðra stjórnendur.
- Samskipti við nemendur og foreldra.
- Standa fyrir innleiðingu á nýrri tækni í kennslu t.d. notkun spjaldtölvu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennaramenntun og réttindi til kennslu í grunnskóla.
- Þekking á þeirri hugmyndafræði sem höfð er að leiðarljósi í skólaflokkun.
- Góð mannleg samskipti og reynsla af miklu samstarfi við foreldra.
- Metnaður til þess að bæta námsárangur og vinna að framkvæmd framtíðarsýnar Reykjanesbæjar í skólamálum.
- Reynsla af kennslu, verkefnastjórnun og/eða stýringu þróunarverkefna æskileg.
- Skipulagshæfileikar.

Akurskóli óskar eftir sérkennara til starfa:

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Réttindi til kennslu í grunnskóla.
- Framhaldsmenntun á sviði sérkennslu.
- Reynsla af sérkennslu.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Í Akurskóla er lögð áhersla á kennsluhætti sem einkenna opinna skóla, einstaklingsmiðað nám og teymisvinnu kennara.

Sjá nánar um Akurskóla: www.akurskoli.is

Umsóknarfrestur er til 1. apríl nk.

Sækja skal um starfið á vef Reykjanesbæjar

<http://www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf>

Nánari upplýsingar veitir Sigurbjörg Róbertsdóttir, skólastjóri, í síma 420-4550 eða 849-3822, eða á netfangið sigurbjorg.robertsdottir@akurskoli.is



REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is



Sérfræðingar hjá Þjóðskrá Íslands

Þjóðskrá Íslands óskar eftir að ráða sérfræðinga á sviði skráningar og mats fasteigna á starfsstöðvar sínar í Reykjavík og á Akureyri.

Helstu verkefni eru yfirferð á skráningu fasteigna, skoðun mannvirkja, útreikningur fasteignamats og brunabótamats, vinnsla í sérhæfðum tölvukerfum og samskipti við fasteignaeigendur og sveitarfélög auk gæða- og þróunarstarfs.

Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði byggingafræði, tækniáfræði, verkfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af matsstörfum eða fasteignasölu er kostur
- Reynsla af útreikningi byggingarkostnaðar er æskileg
- Reynsla af vinnslu stórra tölvukerfa
- Góð kunnátta í íslensku og ensku er skilyrði og æskilegt er að kunna eitt Norðurlandamál
- Góðir skipulagshæfileikar
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hóp
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum

Leitað er að einstaklingi sem sýnir frumkvæði, nákvæmni og hraða í vinnubrögðum og hefur ríka þjónustulund.

Um er að ræða full störf á starfsstöðvum stofnunarinnar í Reykjavík annars vegar og Akureyri hins vegar og þurfa umsækjendur að geta hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurbjörg J. Helgadóttir mannauðsstjóri hjá Þjóðskrá Íslands á netfanginu sjh@skra.is.

Umsóknarfrestur er til og með 24. mars 2013. Umsóknum skulu fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem fram kemur ástæða umsóknar, rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið og hvort sótt er um starf á Akureyri eða í Reykjavík. Umsóknir óskast sendar á netfangið sjh@skra.is.

Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
REGISTERS ICELAND

Hjá Þjóðskrá Íslands starfa yfir 100 starfsmenn. Verkefni stofnunarinnar eru mjög fjölbreytt og heldur stofnunin m.a. fasteignaskrá og þjóðskrá, gefur út fasteignamat og brunabótamat, rekur vefinn [island.is](http://www.island.is) og sér um útgáfu vegabréfa. Þjóðskrá Íslands leggur metnað sinn í að sinna verkefnum sínum af fagmennsku og áreiðanleika. Stofnunin hefur það að leiðarljósi að starfsmönnum líði vel í starfi og leggur áherslu á að vinnustaðurinn sé fjölskylduvænn. Gildi stofnunarinnar eru virðing, sköpunargleði og áreiðanleiki.

Vissir þú að...

barnabætur af mismunandi börnum eftir því hvað foreldrar þeirra gera.



Barnaheill
Save the Children í Íslandi



Aðstoðarskólameistari

Fjölbrotaskólinn í Breiðholti auglýsir starf aðstoðarskólameistara til næstu fimm ára frá með 1. ágúst 2013

Aðstoðarskólameistari er staðgengill skólameistara og vinnur með honum við daglega stjórn og rekstur skólans sbr. 8. grein laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Aðstoðarskólameistari skal hafa starfsheitið framhaldsskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á framhaldsskólastigi, sbr. lög nr. 87/2008. Leitað er eftir einstaklingi með mikla samskiptahæfni.

Laun aðstoðarskólameistara fara eftir kjarasamningi KÍ og stofnansamningi Fjölbrotaskólans í Breiðholti. Ekki þarf að sækja um á sérstöku umsóknareyðublaði en í umsókn þarf að greina frá menntun (og staðfesta með afriti af prófskírteinum), fyrri störfum og öðru því sem umsækjandi telur að máli skipti.

Umsóknir sendist til Guðrúnar Hrefnu Guðmundsdóttur skólameistara, Fjölbrotaskólanum í Breiðholti, Austurbergi 5, 111 Reykjavík, fyrir 15. apríl 2013.

Upplýsingar gefur skólameistari (sími 570 5600 og 899 2123). Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Fjölbrotaskólinn í Breiðholti var stofnaður árið 1975. Skólinn hefur frá upphafi verið í fararbroddi skóla er vinna að virkri tengingu bóknáms, listnáms og verknáms. Á heimasíðu skólans, www.fb.is, er að finna ýmsar upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

Arkitekt / Tækniteiknari óskast í Stavanger.

Mér hefur verið falið að aðstoða Norskt fyrirtæki í hraðri uppbyggingu með góða bakhjarla við að finna arkitekt eða tækniteiknara til starfa. Viðkomandi þarf að hafa þekkingu á Revit teiknforrit. Mögulegt er að vinna hluta mánaðarins í Noregi og hluta að heimann. Áhugasamir hafið sendið ferilskrá til: Stefan@jonsson-partnere.no

Verkstjóri/flokkstjóri

Verkstjóri/flokkstjóri óskast til starfa á höfuðborgarsvæðinu. Verksvið er jarðvinna og lagnir. Umsóknir sendist á box@frett.is merkt „Verkstjóri/flokkstjóri“ fyrir 22 mars.

Merking - Skiltagerð

Óskum eftir starfsmönnum til sumarstarfa við skiltagerð og tengd verkefni.

Reynsla af svipaðri starfsemi æskileg.

Umsóknir skulu berast með tölvupósti á petur@merking.is

Viltu vinna að betri heimi? Sumarstarf hjá Amnesty International

Skemmtilegt, gefandi og vel launað starf. Mannréttindasamtökin Amnesty International óska eftir að ráða starfsfólk í kynningar á sms aðgerðaneti okkar á götum úti. Við leitum að opnum, jákvæðum og ábyrgum einstaklingum, sem hafa áhuga á mannréttindum.

Upplýsingar gefur Torfi Jónsson verkefnastjóri (tgj@amnesty.is)

AMNESTY INTERNATIONAL

Lögfræðingur/ skrifstofustjóri umhverfissviðs

Kópavogsbær auglýsir eftir að ráða lögfræðing sem skrifstofustjóra á umhverfissviði.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Lögfræðileg ráðgjöf
- Starfsmannamál og skrifstofustjórn
- Lóðaúthlutanir
- Afgreiðsla stjórnarsýsluerinda
- Umsagnir til nefnda
- Undirbýr fundi framkvæmdaráðs

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kandidats- eða meistaraþróf í lögfræði (hafi lokið 5 ára laganámi)
- Málflutningsréttindi æskileg
- Staðgöð þekking á opinberri stjórnarsýslu
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Frekari upplýsingar:

Laun eru samkvæmt kjarasamningi launaneftdar sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 25. mars 2013.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Steingrímur Hauksson sviðsstjóri umhverfissviðs í síma 570-1500 eða í tölvupósti steingr@kopavogur.is

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is



Sumarstörf hjá Sixt

- Ertu með ríka þjónustulund?
- Hefur þú gaman af sölumennsku?

- Vinnur þú vel undir álagi?
- Ertu góð/ur í tungumálum?

Þjónustuver / reikningagerð í Reykjavík

Starfssvið:

- Almenn skrifstofustörf
- Samskipti við viðskiptavinum
- Reikningagerð
- Símsvörðun
- Sala á þjónustu fyrirtækisins
- Reynsla af reikningagerð kostur
- Þekking á Opus kostur

Umsjón með bílaleigubílum í Reykjavík

Starfssvið:

- Þrif og standsetning á bílaleigubílum
- Flutningur á bílum
- Ástandsskoðun bílaleigubíla

Afgreiðsla í Reykjavík

Starfssvið:

- Afgreiðsla á bílaleigubílum
- Bókanir
- Almenn skrifstofustörf

Næturvakt í Keflavík

Starfssvið:

- Afgreiðsla á bílaleigubílum
- Bókanir
- Almenn skrifstofustörf

Almennar hæfniskröfur

Viðkomandi þarf að hafa góða framkomu og þjónustulund | Tungumálakunnátta Góð tölvukunnátta | Bílpróf | Frumkvæði, eldmóður og vinnusemi | Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Unnið er eftir vaktafyrirkomulagi. Umsóknir berist til Sixt rent a car, Fiskislóð 18, 101 Reykjavík eða á tölvupóstfangið anton@sixt.is fyrir mánuðaginn 25. mars. Nánari upplýsingar veitir Anton Smári Rúnarsson.

Sixt er stærsta bílaleiga Þýskalands, stofnuð 1912, og hefur 3500 afgreiðslustaði í yfir 110 löndum. Sixt á Íslandi hefur starfsstöðvar í Reykjavík og Keflavík. Fyrirtækið hefur verið í miklum vexti undanfarin ár með hátt þjónustustig að leiðarljósi.

SIXT
rent a car

Sixt rent a car - Fiskislóð 18 - 101 Reykjavík - 540 2222 - www.sixt.is - sixt@sixt.is



Sálfræðingur á tauga- og hæfingarsviði

Laus er til umsóknar 100% staða sálfræðings á tauga- og hæfingarsviði Reykjalundar.

Umsækjandi þarf að hafa réttindi til að starfa sem sálfræðingur á Íslandi, þekkingu og reynslu á sviði taugasálfræði, taugasálfræðilegra greininga fullorðinna, vitrænni þjálfun og vinnu með hópa og aðstandendur. Starfið felst í greiningu og endurhæfingu fólks með langvinna taugasjúkdóma og áunna vitræna skerðingu.

Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Sálfræðingafélags Íslands og fjármálaráðherra auk stofnana-samnings Sálfræðingafélags Íslands og Reykjalundar.

Baldur er fyrsti íslenski bruggmeistari á Íslandi eftir að bjórinn var leyfður árið 1989. Hann starfaði sem matvælafræðingur hjá Vífilfelli en hélt síðan í nám í bruggun og eimun við Heriot Watt-háskólann í Edinborg í Skotlandi og tók við sem bruggmeistari árið 1993. Vífilfell hefur komið með tólf nýja bjóra á markað á undanföllum tveimur árum og Baldur á heidurinn af þeim öllum. „Stór hluti af starfi mínu er að þróa nýjar tegundir af bjór. Þegar ég fæ hugmynd að bjór legg ég hana undir markaðsdeild til að kanna grundvöllinn, til dæmis einhverja ákveðna bragðgerð sem forvitnilegt væri að prófa. Ef við sjáum markaðstækifæri er hafist handa og þá velti ég þróuninni fyrir mér, meðal annars hversu sterkur bjórinn ætti að vera. Uppskriftin verður fyrst til á blaði en síðan tekur við prufubrugg áður en smakið hefst. Smakið er síðan gríðarlega mikilvægt,“ útskýrir Baldur. Þegar hann er spurður um uppáhaldsbjórinn, svarar hann: „Ja, við eigum vinsælustu bjórana á markaðnum. Þeir hafa gengið vel og þá sérstaklega Víking Gylltur, Thule, Víking lager og Víking Lite. Síðan hefur Víking jólabjórinn slegið í gegn,“ segir Baldur sem um þessar mundir er að koma páskabjórnum á markað. „Við erum með tvær gerðir af páskabjór og nú í fyrsta skipti í dósum og PáskaBock sem er sterkari og bragðmeiri bjór.“

Löng saga

Saga Vífilfells sem bjórframleiðanda á rætur að rekja til Siglufjarðar árið 1939. Verksmiðjan flutti síðan til Akureyrar um 1950. Vífilfell hefur verið mjög öflugt í vöruþróun á undanföllum árum þar sem farnar eru ótroðnar slóðir. Stout er til dæmis fyrsti íslenski stout bjórinn, Pils Organic er eini vottaði lífræni bjórinn framleiddur á Íslandi. JólaBock og PáskaBock hafa fengið gríðarlegt lof frá gagnrýndum. Nýjustu bjórnir komu á markað í janúar, Þorraþræll, sem var fyrsti íslenski bitter bjórinn, og EiniberjaBock, sem er fyrsti íslenski bjórinn kryddaður með einiberjum. Vífilfell leggur gríðarlega mikið upp úr faglegum vinnubrögðum og er með tvær rannsóknarstofur sem sinna eftirliti með framleiðslunni.“

Bragðið skiptir máli

Baldur segir starfið mjög skemmtilegt og gantast með að hann taki sér frí frá drykkjunni um helgar. „Menn myndu ekki endast lengi í þessu starfi ef þeir væru alltaf fullir en smökkunin er afar mikilvæg. Bragðið ræður ferðinni,“ segir Baldur. Hann segir að bragðsmekkur Íslendinga hafi breyst mikið síðustu tíu árin. „Í upphafi var nær eingöngu horft í áfengisprósenta en minna í bragð. Upp úr aldamótunum fór maður að sjá breytingu og sú þróun varð á heimsvísu. Árstíðabundnir bjórar komu sterkir inn og ýmsir sér-bjórar. Í dag er mikill áhugi á slíkum bjórum og fólk er miklu opnara fyrir að prófa nýjar tegundir. Sá áhugi kemur með breyttum lífsstíl, fólk er farið að huga meira að uppruna vörunnar. Íslenski bjórinn er gerður úr íslensku vatni sem er það besta í heimi og það skiptir miklu máli í framleiðslunni. Við erum óbundnir af hefðum og óhræddir að prófa eitthvað nýtt, til dæmis ýmsar kryddtegundir sem eru mjög spennandi.“

Hitaeningasnaður

Baldur segir að bjór sé ekki fitandi sé hann drukinn í hófi. „Það er mun frekar naslið sem fólk borðar stundum með honum sem er fitandi,“ segir hann. „Bjórinn er hitaeningasnaður en þær aukast eftir áfengisstyrkleika. Bjórinn er heldur ekki óhollur í hófi því í honum eru B-vítamín, ýmis steinefni og andoxunarefni sem koma úr humlum.“ Baldur segir neysluna mun jafnari en áður. „Áður fyrr var hún bara um helgar en nú er neyslan jafnari og veðrið getur skipt þar máli. Fólk er ekki lengur litið hornauga þótt það sitji með bjór í miðri viku.“

Útflutningur

Baldur og Vífilfell vinna með Bandaríkjamönnum í að markaðs-

setja íslenskan bjór erlendis. Verkefnið byrjaði sem vatnsútflutningsverkefni en snerist yfir í útflutning á bjór þegar eigendurnir höfðu smakkað Víking bjór í ferð sinni um Ísland. Nú eru fluttir tugir gáma af bjór frá Vífilfelli til Bretlands og Bandaríkjanna á hverju ári. Þarna koma því miklar útflutningstekjur til landsins. Þessir bjórar eru Einstök White Ale, Einstök Pale Ale, Einstök Toasted Porter og síðan jólabjórinn Einstök Doppelbock. Allir þessir bjórar eru til sölu á Íslandi.





Björkokkteilar slá í gegn

Nýjasta æðið á börum á Englandi eru björkokkteilar. Samkvæmt netmiðli Daily Mail á fólk að gleyma því sem mamma kenndi um að blanda ekki saman drykkjum og prófa björkokkteil. Þetta nýja æði kemur frá Bandaríkjunum og hefur slegið í gegn á börum sem bjóða upp á kokkteilana, eins og Tap East, Hawksmoor og Meat Liquor í London, North Bar í Leeds og Love, Liquor and Burn í Manchester. Þessir nýju kokkteilar þykja hafa brúað bilið milli drykkjarvenja karla og kvenna. Karlar þamba bjór á breskum krám en konur sötra hvítvín eða kokkteila. Bæði karlar og konur drekka björkokkteila.

Í björkokkteila er oftast notaður bjór með maltbragði. Í bjórinn er bætt gini, tekíla, líkjör, sítrónusafa, hunangi eða sírópi og ýmsum öðrum bragðtegundum. Einn af vinsælustu björkokkteilum í New York er með tekíla, ananasmauki, sítrónusafa, sterkri chili-sósu, Mexico-sírópi og Negra Modelo-bjór sem er vinsæll í Mexíkó. Hlutföll eru ekki gefin upp. Þá er einnig vinsælt að setja Guinness-bjór til háls í glas og fylla síðan upp með góðu kampavíni.

Í sumum borgum Bretlands merkir orðið „shandy“ áfengan drykk. Margir Bretar tala um shandy lemonade sem er bjór blandaður sóðavatni með sítrónubragði eða sider. Bandaríkjamenn gera grín að því þegar Englendingur kemur á bar í New York og biður um shandy lemonade því þá fær hann afgreiddan límónudrykk án áfengis. Í nokkrum öðrum löndum, eins og Kanada og Ástralíu, er sami drykkur kallaður black shandy.



Vinsælustu bjórar heims

Vefsíðan www.thedrinksbusiness.com greindi frá því síðla árs 2012 hverjar væru tíu söluhæstu bjórtegundir ársins 2011. Nöfnin á listanum koma líklega mörgum á óvart. Sumar, eins og Budweiser, Heineken og Corona, eru kunnugar, aðrar eru lítt þekktar í Evrópu.

1. Snow Beer. Kínverski bjórinn Snow Beer er vinsælasti bjór veraldar en fæst óvída annars staðar en í Kína. Líklega eru þó tölurnar villandi að einhverju leyti þar sem undir nafni Snow Beer eru seldar nokkrar tegundir sem allar eru inni í lokasölutölunni. Ef sölutölur allra Budweiser-bjórtegundanna væru teknar saman væru þær líklega mun hærri en Snow bjórsins.

2. Bud Light. Bud Light er söluhæsti bjórinn í Bandaríkjunum en er líka vinsæll um allan heim.

3. Budweiser. Söluölur Budweiser hækkðu um tuttugu prósent árið 2011. Ástæðan er árangursrík útrás á erlenda markaði.

4. Corona Extra. Ljóst öl sem framleitt er af Cervecería Modelo í Mexíkó. Yfirleitt er bjórinn borinn fram með límónusneid í flöskuhálsinum.

5. Skol. Afar vinsæll bjór í Brasilíu og á auknum vinsældum að fagna í Afríku og Suður-Ameríku. Er ekki enn vinsæll í Evrópu, Bandaríkjunum eða Kína.

6. Heineken. Hollenski Heineken-bjórinn er Íslendingum að góðu kunnur. Hann hefur náð vinsældum víða en aukin sala í Afríku og Rússlandi hefur komið honum ofar á vinsældalista bjóra í heiminum.

7. Coors Light. Bandaríski bjórinn Coors Light er afar vinsæll í heimalandinu. Árið 2008 varð hann opinber bjór NASCAR-kappakstursins. Þegar bjórinn er kældur niður í fjórar gráður breytast hvít fjöllin á merkimiðanum í blá fjöll.

8. Miller Lite. Bandarískur bjór og sá fjórði vinsælasti þar í landi.

9. Brahma. Brasilískur bjór. Stjörnur á borð við Jennifer Lopez hafa leikið í sjónvarpsauglýsingum fyrir bjórtegundina.

10. Asahi Super Dry. Japanskur bjór sem er sá vinsælasti í Japan en er einnig í náðinni í Evrópu.

Frískandi og bragðmikill gosbjór

Volcanic Energy-gosbjórinn hefur notið mikilla vinsælda frá því hann var fyrst settur á markað árið 2011. Hann fæst nú í fjórum bragðtegundum og er seldur í stærri flöskum og með herra áfengisinnihaldi en flestir aðrir gosbjórar hérlendis.

Fyrirtækið Eldfjallabrug á Akureyri er fyrsta íslenska fyrirtækið sem framleiðir alcapops-drykki sem gjarnan eru kallaðir gosbjórar. Eldfjallabrug hóf starfsemi árið 2010 með það að markmiði að hleypa ferskum vindum inn á markað sem lítið hefur verið sinnt hérlendis. Ári síðar setti fyrirtækið á markað þrjá gosbjóra undir heitinu Volcanic Energy. Nokkrum mánuðum síðar kom fjórði drykkurinn á markað og í dag fást drykkirnir með ananasbragði, appelsínubragði, límónubragði og mangóbragði. Alfred Pálsson, framkvæmdastjóri Eldfjallabruggs, segir viðtökurnar hafa verið mjög góðar og í raun hafa farið fram úr vonum. „Við erum um þessar mundir að þróa tvær nýjar tegundir sem væntanlega verða kynntar í vor. Um leið erum við að þróa nýjar tegundir sterkra drykkja, svo sem vodka og gin, auk þess sem við stefnum líka á sölu óáfengra drykkja í framtíðinni.“

Upphaflega voru þeir tveir félagarnir sem settu fyrirtækið á fót. Ragnar Tryggvason starfaði með þeim félögum vorið 2010 en varð eigandi árið 2011. Hann gegnir mjög mikilvægu hlutverki að sögn Alfreds. „Ragnar er með áralanga reynslu af starfsemi brugghúsa í Austur-Evrópu og hefur mjög yfirgripsmikla þekkingu á framleiðslu áfengra drykkja. Hann er í raun heilinn á bak við drykkina og þróar þá flesta að stærstum hluta.“

Gosbjórinn er framleiddur í Brugghúsmiðjunni á Árskógssandi sem meðal annars framleiðir bjórinn Kalda. Alfred segir forsvarsmenn Brugghúsinnar hafa veitt þeim ómetanlegan stuðning í fyrstu skrefum framleiðslunnar sem hafi gagnast þeim mikið.

Volcanic Energy-gosbjórinn er kominn

” Við eigum tryggan viðskiptavinahóp hér á Norðurlandi en líka á höfuðborgarsvæðinu.

í svokallaða kjarnasölu sem þýðir að hann fæst í öllum stærri verslunum Vínbúðarinnar. „Salan hefur farið vel af stað. Við erum að keppa við risa á markaðnum, eins og Smirnoff og Bacardi, en náðum strax 10% markaðshlutdeild fyrsta árið sem er afskaplega góður árangur og hlutdeild okkar fer bara vaxandi. Við eigum tryggan viðskiptavinahóp hér á Norðurlandi en líka á höfuðborgarsvæðinu sem er auðvitað stærsti markaðurinn.“

Það sem einkennir Volcanic Energy-gosbjórinn er að hann kemur í stærri flöskum og með herra áfengisinnihaldi en flestir aðrir gosbjórar. Alfred segir að með hækkandi áfengisgjaldi undanfarin ár hafi aðrir framleiðendur minnkað flöskurnar og áfengisinnihaldið. „Við bjóðum upp á 330 ml flöskur með 4,5% styrkleika en flestir aðrir framleiðendur bjóða upp á 275 ml flöskur með einungis 4% áfengisinnihaldi. Á meðan aðrir framleiðendur breyttu þessu hélt verðið óbreytt til neytenda en við bjóðum upp á stærri og sterkari drykki en bjóðum samt upp á lægsta verðið.“

Góður árangur hefur hvatt þá féлага til að horfa út fyrir landsteinana og er sú vinna þegar hafin. Alfred verst allra fregna en segir þá hluti mögulega skýrast í sumar.

Allar nánari upplýsingar um Volcanic Energy-gosdrykkina má finna á www.volcanic.is og inn á Facebook-síðunni Volcanic Energy.



„Við erum um þessar mundir að þróa tvær nýjar tegundir sem væntanlega verða kynntar í vor,“ segir Alfred Pálsson, framkvæmdastjóri Eldfjallabruggs.



Ragnar Tryggvason, tækni- og vöruþróunarstjóri Eldfjallabruggs.



MYND/HEIDA
Volcanic Energy-gosbjórinn fæst nú í fjórum bragðtegundum.

MYND/ÚR EINKASAFNI

OPÍÐ HÚS Í DAG OG Á MORGUN



Prastarhöfði 33

270 Mosfellsbæ

OPÍÐ HÚS í dag laugard. 16. mars frá kl. 16:00 og 18:00. Og á morgun sunnud. 17. mars frá kl. 16:00 og 18:00

Glæsilegt einbýlishús 263,6 fm í lokuðum botnlanga Miklar svalir - Mikió útsýni Vandaðar innréttingar og tæki Instabuss rafkerfi



Nánari upplýsingar veitir Halldór Ingi Andrésón löggiltur fasteignasali sími: 897 4210 halldor@miklaborg.is

Verð: 87,0 millj.

MIKLABORG 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar - með þér alla leið -

Opíð hús sunnud. 17. mars frá kl: 15-15:30



Vesturfold 27

Opíð hús sunnudag frá kl. 15:00-15:30

Einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum tvöföldum bílskúr á frábærum útsýnisstað við Vesturfold í Grafarvogi. Húsið er sérlega reisulegt og fallega hannað og stendur á gróinni 974 fm lóð sem að hluta hefur fengið að halda náttúrulegum uppruna. Góð aðkoma að húsínu, hellulagt uppítað plan með fjórum bílastöðum. Móguleiki á aukaíbúð á jarðhæð.



Nánari upplýsingar veitir Hilmar Jónasson sölufulltrúi sími: 695 9500 hilmar@miklaborg.is



Óskar R. Harðarson hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: 69,5 millj.

MIKLABORG 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar - með þér alla leið -

Hafnargata – Reykjanesbær



Til leigu 418m2 verslunarhúsnæði að Hafnargötu 90 í Reykjanesbæ. Gott aðgengi og miðsvæðis.

ATLI VAGNSSON Hverfisgata 4 • 101 Reykjavík hdl og löggiltur fasteignasali Sími: 698 4611 / 561 4433 atli@atvinnuhus.is

Atli Vagnsson hdl. og löggiltur fasteignasali HVERFISGATA 4 - 101 REYKJAVÍK - SÍMI: 698-4611 / 561-4433 - ATLI@ATVINNUHUS.IS

30 ára HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA Suðurgata 76 – m/ bílskúr - Hf. List of agents: Magnús Emilsson, Freyja Sigurðardóttir, Ágústa Hauksdóttir, Helgi Jón Harðarson, Hilmar Þór Bryde, Þorbjörn Helgi Þórðarson, Hlynur Halldórsson, Valgerður Ása Gissurardóttir, Guðrún Jóna Helgadóttir.



OPÍÐ HÚS



Opíð hús í dag, laugardag milli kl. 13-14. Verið velkomin

Sérlega falleg 172 fm. neðri sérhæð með innbyggðum bílskúr. Góðar innréttingar. Rúmgóð herbergi. Hús í mjög góðu ástandi. Nýlega málað og viðgert. Frábær staðsetning. Verð 37 millj.


Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

MIKLABORG Óskar eftir eign fyrir ákveðinn kaupanda. Hæð, raðhúsi, parhúsi eða lítlu einbýli í Grafarholti. Sér í lagi við Kristnibraut, Ólafsgaia eða Grænlandsleið. Viðkomandi hefur þegar selt sína eign. Allar nánari upplýsingar gefur Atli S. Sigvarðsson sölufulltrúi sími: 899-1178 atli@miklaborg.is Óskar R. Harðarson hdl. og löggiltur fasteignasali

6 eignir seldar OPÍÐ HÚS Austurkór 7a og 7b 2ja-4ra herbergja íbúðir Sérinngangur Suðursvalir Tilbúið til afhendingar 1. ágúst 2013 Verð frá 19,5 millj. Helga Jóhanna Úlfarsdóttir, lögg. fast. sími: 899 2907 Ólafur Finnbogason, Sölufulltrúi sími: 822 2307 Óskar R. Harðarson hdl. og löggiltur fasteignasali

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is Ljósavík 32 – 112 Rvk. – 3ja herb. - Sérhæð. OPÍÐ HÚS Opíð hús sunnud. 17. mars frá kl. 13-14. Nýkomin í einkasölu glæsileg nýleg 104,5 fm. Efri sérhæð (efstu) í vönduðu nýlegu 6. íbúða húsi. Sérinngangur. Vandaðar innréttingar. Parket og flísar. Tvönnar svalir. Útsýni. Góð staðsetning í Grafarvogi. Sjá fleiri myndir og nánari upplýsingar á netinu. Verð: 28,9 millj. - Oddur og Valdís bjóða ykkur velkomin. Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS Fasteignir.is er stærsti og itarlegasti húsnæðisvefur á Íslandi, með yfir 12.000 eignir á skrá. Eini vefurinn með allar söluvefur og skrá Lífandi og upp færðar leiguvefur Fjölbreyttar upplýsingar í boði fyrir kaupendur, seljendur og leigjendur Opin hús, myndasýningar og þjónustusíður fyrir húseigendur Þú færð góð ráð um fasteignaviðskipti og aðstoð við leigu á íbúð. Þú finnur draumæignina þína á fasteignir.is. Fasteignir.is fylgir Fréttablaðinu á mánuðögum.



Núpabakki 21
109 Reykjavík
Fallegt raðhús í rólegu umhverfi

Stærð: 216,5 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1972
Fasteignamat: 37.850.000
Bílskúr: Já



Sunnudaginn kl. 16.00-16.30

Verð: 43.900.000



RE/MAX Senter kynnr fallegt og stílhreint raðhús innanlega í lokaðri og afar rólegri götu. Húsið sem skiptist í íbúðarhluta (196 fm) á 4 pöllum og bílskúr (20 fm) er í góðu ástandi. Það skiptist í forstofu, eldhús með ljósi innréttingu og opnum og fallegum borðkrók, gestasnyrtingu og geymslu með sér inngangi (gæti verið þvottahús). Á efsta palli er opin og stór stofa (48 fm) með útsýni og svólum til s-vesturs og öðrum þaksvólum sem snúa mót n-austri. Á svefnherbergisgangi eru 3 herbergi, hjónaherbergi með skápum og hurð út í garð (s-vestur) og tvö barnaherbergi - annað með skáp, baðherbergi er nýlega uppgert. Á neðsta pallinum er stórt, flisalagt þvottahús með opnanlegum glugga og stórt sjónvarpsbol, vinnuherbergi og geymsla, bæði gluggalaus. Bílskúr er með rafmagni og heitu og köldu vatni. Falleg aðkoma með tvöföldu bílastæði. Þetta er gott hús í grónu hverfi þar sem stutt er í alla þjónustu. Allar frekari uppl. veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is


Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
7772882
thora@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
4144700
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Tröllakór 5 - íbúð #0305
203 Kópavogur
Björt og falleg íbúð í lyftuhúsi

Stærð: 92,8 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2007
Fasteignamat: 23.050.000
Bílskúr: Já



Sunnudaginn kl. 15.00-15.30

Verð: 26.500.000



RE/MAX Senter kynnr góða íbúð á 3. hæð með séringangi í lyftuhúsi með stæði í lokaðri bílageymslu. Eignin getur verið laus fljótlega. Eignin skiptist í flisalagða forstofu með fataskáp. Opíð hol tengist öðrum vistarverum íbúðarinnar. Eldhús er með eikarinnréttingu og opnanl. glugga. Stofan er stór og opin þar er gott pláss fyrir borðstofu og setustofu. Út úr stofu eru rúmgóðar svalir (10,5 fm) sem snúa í s.-austur með fallegu útsýni yfir íþróttasvæði og opið-grænt svæði. Baðherbergi er rúmgott með innréttingu, baðkar og upphengdu wc. Hjónaherbergi er rúmgott með skápum upp í loft (snýr frá götu), barnaherbergi er einnig rúmgott með skápum. Þvottahús er innan íbúðarinnar. Gólfhliti er í allri íbúðinni. Í sameign er stór geymsla (8,6 fm), sameiginleg vagna og hjólageymsla og innangengt í lokaða bílageymslu en eigninni fylgir stæði. Húsið er klætt að utan. Allar frekari uppl. veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is

Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
7772882
thora@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
4144700
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Drangakór 6
203 Kópavogur
Glæsilegt sérhannað einbýlishús

Stærð: 245,6 fm
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 2005
Fasteignamat: 51.400.000
Bílskúr: Já



Sunnudaginn 17. mars 2013 kl 13 - 14

Verð: 84.500.000

Glæsilegt sérhannað viðhaldsfrið hús í funkisstíl á tveimur hæðum. Rúmgóður bílskúr með geymslu innaf. Falleg lóð með sólarpöllum úr harðviti. Mikil lofthæð er á neðri hæð. Neðri hæð: Forstofa, hol, sjónvarpskerb, stótt eldhús með hvítglans innréttingu. Stór stofa og borðstofa með 4 m lofthæð, baðherbergi með sturtu og þvottaherb. Efri hæð: Fjögur svefnherb, fataherbergi, hol og flisalagt baðherbergi með baðkar. Útgengt er á 50 fm svalir. Gólfefni: Marmarapflisar og eikarparkett. Sérhönnuð lýsing.

Hörður Sverrisson
Lögg. fasteignasali
8995209
hordur@remax.is

RE/MAX Alpha - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is


Úlfarsbraut 98
113 Reykjavík
Glæsilegar nýjar íbúðir

Stærð: 103-131 fm
Fjöldi herbergja: 3-4
Byggingarár: 2010
Fasteignamat: 14.940.000
Bílskúr: Já



Laugardag kl. 14.00-16.00

Verð: frá. 35.900.000



RE/MAX Senter kynnr glæsilegar íbúðir í nýju klasahúsi á útsýnisstað í Úlfarsárdalnum. Um er að ræða vandað, 6 íbúða hús með stæði í bílageymslu með sér innkeyrsluhurð fyrir hverja íbúð. Húsið stendur neðst og vestast í hverfinu með einstöku útsýni til Reykjavíkur og yfir í Grafarholti. Fyrir framan húsið er opið, vatnsverndarsvæði Korpu og yndislegt útivistarsvæði Úlfarsárdalsins. Við hönnun og frágang húsins var vandað til allra verka, húsið og innviór þess var hannað 2007. Vandaðar íslenskar innréttingar. Mikil lofthæð er í íbúðunum - allt að 3,5 metrar og gluggar frá gölfu og upp í loft. Um er að ræða 6 íbúðir sem eru frá 102 fm. - 131 fm. og ýmist 3ja eða 4ra herbergja. Íbúðirnar afhendast fullbúnar, án gólfefna í stofu, eldhúsi og herbergjum, lóð verður frágengin. Afhending fer fram við kaupsamning. Allar frekari upplýsingar veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is

Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
7772882
thora@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
4144700
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Fellhvarf 9
203 Kópavogur
Glæsilegt 5 herbergja Raðhús

Stærð: 183,2 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 2003
Fasteignamat: 41.300.000



SUNNUDAGINN 17.MARS FRÁ 15:00 - 15:30 Verð: 54.900.000

Einstaklega glæsilegt og vel skipulagt 5.herbergja tveggja hæða raðhús á frábærum útsýnisstað ofan Elliðaavatns. Neðri hæð: Forstofa, tvö svefnherbergi, þvottahús, geymsla, baðherbergi og bílskúr. Útgengt í glæsilegan garðinn. Efri hæð. Tvö svefnherbergi, baðherbergi, stofa, borðstofa og eldhús. Sérlega falleg eign sem vert er að skoða.

Gunnar Valsson
Sölufulltrúi
699-3702
gv@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarin@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Fífurimi 2
112 Reykjavík
Falleg íbúð með verönd

Stærð: 74,4 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1991
Fasteignamat: 16.850.000



Sunnudaginn kl. 17.00-17.30 Verð: 19.900.000

RE/MAX Senter kynnr bjarta og fallega íbúð á 1. hæð í litlu fjölbýli í Grafarvoginum. Eignin skiptist í forstofu/hol, hjónaherbergi með góðum skápum, baðherbergi, flisalagt með sturtuklefa og tengi fyrir þvottavél, rúmgott hjónaherbergi með skápum, eldhús með eldri innréttingu og borðkrók, opin og björt stofa með gluggum á tvo vegu og útgengi út á pall (suður). Góð geymsla er innan íbúðarinnar. Allar frekari upplýsingar um eignina veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is

Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
7772882
thora@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
4144700
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Grænihjalli 23
200 Kópavogur
Gott hús - gott verð

Stærð: 266 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1972
Fasteignamat: 46.300.000
Bílskúr: Já



Sunnudag kl. 14.00-14.30 Verð: 39.990.000

RE/MAX Senter kynnr stórt raðhús á góðum stað í Kópavogi. Húsið sem er 235 fm. íbúðarhluti á tveimur hæðum og 31 fm. bílskúr er í innanlega í lokaðri götu með litlum suðurgarði. Í húsinu eru 3-4 svefnherbergi, 2 baðherbergi, stofur með mikilli lofthæð, eldhús með borðkrók, fjölskyldu/vinnuherbergi, gufubað, þvottahús, bílskúr og stórar geymslur auk þess sem ca 20 fm. sólskáli er ekki talinn með í fm. tölu. Allar frekari upplýsingar veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is

Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
7772882
thora@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
4144700
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Engjaveilir 5b. jarðh. séringng. Stærð: 91,1 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2004
Glæsileg 4ra herb. LÆKKAD VERÐ Fasteignamat: 19.700.000

RE/MAX Lind

Benedikt Ólafsson
Sölufulltrúi
6617788
bo@remax.is

Bórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarinn@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Engjaping 17. 1 hæð til hægri Stærð: 152,1 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2008
GLÆSILEG EIGN **LÆKKAD VERÐ** Fasteignamat: 32.200.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind

Benedikt Ólafsson
Sölufulltrúi
6617788
bo@remax.is

Bórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarinn@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Hlíðarbyggð 17 Stærð: 219 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1974
210 Garðabær Glæsilegt endaraðhús Fasteignamat: 42.100.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind

Gunnlaugur Sölufulltrúi
8446447
gunnlaugur@remax.is

Hannes Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is

Bórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarinn@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Álfkonuhvarf 45 Stærð: 105,8 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2006
203 Kópavogur Rúmgóð íbúð á 1.hæð með palli Fasteignamat: 24.200.000

RE/MAX Lind

Jóhanna Íris Sölufulltrúi
662 1166
johanna@remax.is

Bórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarinn@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Jórsalir 4 Stærð: 285 fm
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 2000
201 Kópavogur Glæsilegt einbýli m/aukaíbúð Fasteignamat: 74.200.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind

Stefán Jarl Sölufulltrúi
8929966
stefan@remax.is

Kristján Hauks. Sölufulltrúi
6961122
kristjan@remax.is

Bórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarinn@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Sogavegur 75 Stærð: 581 fm
Fjöldi herbergja: 13
Byggingarár: 1926
108 Reykjavík Gistiheimili Fasteignamat: 66.410.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind

Hannes Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is

Bórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarinn@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Gvendargeisli 10, 2.hæð Stærð: 105 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2003
113 Reykjavík Falleg íbúð í Grafarholtinu Fasteignamat: 22.650.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Alpha

Þórdís Davíðs Sölufulltrúi
8621914
thordis@remax.is

Haukur Halldórsson
Lögg. fast. hdl.
4777777
haukurhalldors@remax.is

RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is

Byggingaréttur fyrir 3 parhús fylgir Verð: 170.000.000

RE/MAX Lind

Hannes Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is

Bórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarinn@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Sumarhús í smíðum Stærð: 40 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2012
270 Mosfellsbær Gott verð - frábært tækifæri Fasteignamat: 0

RE/MAX Lind

Kristín Sölufulltrúi
8244031
kristin@remax.is

Bórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarinn@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Akrasel 5 Stærð: 217,3 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1975
109 Reykjavík Fallegt einbýli í rólegu hverfi Fasteignamat: 47.750.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Senter

Sigríður Guðnadóttir Sölufulltrúi
663 3219
sigg@remax.is

Ástþór Reynir Lögg. fasteignasali
4144700
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is



LITRÍKUR SKENKUR

ÁHRIFAVALDURINN

Hollenski hönnuðurinn **Piet Hein Eek** er ákveðinn frumkvöðull á sviði hönnunar úr endurverksmiðunni hráefni. Hönnun hans er vel þekkt úti um allan heim þar sem hann hannar húsgögn, rými og byggingar. Litadýrð og unninn víður einkenna hans hönnun sem setur skemmtilegan svip á rými. Hann sækir innblástur í náttúruna og umhverfi sitt.



KOLLAR



HÆGINDASTÓLL



VINSÆLL Hálfdán Pedersen er maðurinn á bak við velheppnaða hönnun staða á borð við Kex Hostel, Snaps og nú síðast barinn Loftið.

Gefa gömlum munum nýtt líf

Endurvinnsla í sínum mörgu myndum er orðin stór partur af okkar samfélagi í dag. Innanhúss-, húsgagna- og vöruhönnuðir eru í auknum mæli farnir að nýta gamlan efnivið í hönnun sinni og einbeita sér að því að gefa gömlum munum og hráefni nýtt líf. Efniviðurinn er stundum sóttur á ruslahaugana sem þýðir að hlutunum fylgja oft skemmtilegar sögur.

Nýir hlutir með sögu

Hönnuðirnir **Sarka Mrnakova** og **George Hollanders** eru á bak við merkið Refoundery. Á vinnustofu sinni úti á Granda vinna þau að hönnun sinni með endurvinnslu að leiðarljósi. Þau blanda saman notuðu hráefni og hlutum af ýmsum toga, endurskilgreina form og hlutverk þeirra svo hægt sé að umbreyta þeim í nýja hluti með eigin sögu.


„Okkur þykir mikilvægt að vita hvaðan hlutirnir koma, sögur þeirra og jafnvel hvert þeir fara. Þess vegna fylgir stutt saga hverri hönnun frá okkur sem upplýsir eigandann um tegund og uppruna hráefnis og hvenær hluturinn var endurgerður,“ segir Hollanders. Efniviðurinn er sjálfbært hráefni úr náttúrunni, manngerðum hlutum sem eru fundnir, hirtir eða hafa fengist gefins. Refoundery fæst á meðal annars í Atmo á Laugaveginum.



KLUKKA



HILLA OG SNAGAR



LAMPI



Álfur Pálsdóttir
alfurun@frettabladid.is

Hálfdán Pedersen er leikmyndahönnuður sem hefur innréttað marga af flottustu stöðum höfuðborgarsvæðisins í dag. Verslunin Geysir, Kex Hostel, Snaps og nú síðast Loftið eru úr hans smíðju en það sem einkennir hans hönnun er endurunninn efniviður.

„Ég hef lengi fengist við endurvinnslu og endurnýtingu í minni vinnu. Og í rauninni aldrei unnið með annað efni en gamalt. Ástæðan er sennilega sú að mér þykir það skemmtilegri efniviður að vinna með, og að mínu mati í flestum tilfellum falletta en það sem framleitt er í dag,“ segir Hálfdán og fullyrðir að timbur var til dæmis sterkara í gamla daga en það er í dag. „Það er unnið úr trjáum sem fengu að vaxa á eðlilegum hraða. Gamlar muþlar voru handsmíðaðar af mikilli fagmennsku og eru enn þá í góðu standi í dag. Nýjar muþlar eru nánast einnota, nema þær kosti formúu og flokkist undir einhvers konar „hönnunarvöru.““

Hálfdán er viss um að það sé almenn vakning á endurnýtingu og endurvinnslu og er ánægður með að það sést í vaxandi mæli á endurnýtingu í hönnun. Hann vonar að það sé ekki bara tímabil enda geta allir tekið sig á í þeirri gríðarlegu sóun sem hefur verið við lýði alltof lengi að hans sögn. „En þessi endurnýtingarleið er oft misskilin af fólki sem telur þetta vera ódýra og einfalda leið að fara, raunin er akkúrat hið andstæða. Það er mjög löng leið að fara.“



SKRAUT Gamall boxpúði og hanskar setja svip sinn á Kex Hostel.
MYNDIR/BÖRKUR SIGÞÓRSSON.



STÍLHREINT Móttakan á Kexi Hosteli.

Sækja efnivið á ruslahaugana

Þau **Linda Mjöll Stefánsdóttir** og **Daníel Hjörtur Sigmundsson** eru með bakgrunn í leikmyndahönnun og hanna undir merkinu Krukka. Trékollur úr þeirra smíðju hefur vakið athygli en hann er unninn úr gömlu hráefni. Linda og Daníel sækjast eftir að finna skapandi lausnir fyrir það sem endar gjarna í ruslinu og mynda þannig nýjar tengingar við hversdagslega hluti sem hafa misst gildi sitt. „Það er ekki einungis áhugavert heldur nauðsynlegt að okkar mati. Við sækjum okkar efnivið á ruslahaugana sem þannig endurfæðist á mismunandi máta,“ segir Linda Mjöll en hönnunarteymið tekur að sér húsgagnahönnun, leikvallasmiði, leikmyndagerð, viðburði og innanhúshönnun. Hægt er nálgast upplýsingar um Krukku á Krukka.is og kollarnir fást í Aurum.



HERBERGI MEÐ HÚSGÖGNUM ÚR ENDURUNNU EJNI




TRÉKOLLUR



LITRÍKUR KOLLUR Á HJÓLUM

Blómstrandi handavinna!



Blómin og dýrin í garðinum breytast í heklaða, saumaða eða prjónaða smáhluti



Hér bregða hönnuðirnir Arne og Carlos á leik með fjölmörg skemmtileg verkefni og sækja innblástur í garðinn sinn.

Litríkar lykkjur úr garðinum er einstaklega lífleg og falleg bók fyrir hannyrðafólk og aðra fagurkera.

Ný bók
eftir Íslands-
vinina
Arne og
Carlos!




VAKA-HELGAFELL

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu



TANSANÍA

EKKI TRAÐKA Á KÓNGINUM

Margt þarf að varast á ferðum erlendis, eins og best sést á handtöku Davíðs Arnar Bjarnasonar í Tyrklandi í liðinni viku. Lög viðkomandi lands eru oft flóknari en fólk grunar og auðvelt að falla í þá gilddu að brjóta þau–óvart. Hér eru nokkur dæmi um ýmislegt sem ekki má.

BANDARÍKIN Í Kaliforníu er lög-brot að reykja í almenningsgöðum og á leikvöllum barna.



ARGENTÍNA Ef þú ert nappaður drukkinn undir stýri í Argentínu áttu á hættu að vera varpað í fangelsi umsvifalaust.

BRASILÍA Brasilíska lögreglan hefur útsendara á vinsælum ferðamannastöðum, einkum í Rio de Janeiro, sem fylgjast með því hvort ferðamenn snerti börn eða taki af þeim myndir. Ef þú ert staðinn að slíku ertu færður á næstu lögreglustöð í yfirheyrslu.



HOLLAND Þér er enn óhætt að reykja jónur á almanna-færi víðast hvar í Hollandi, þrátt fyrir herta löggjöf, en ef þú kastar af þér vatni utandyra ertu handtekinn um leið.

SPÁNN Í Madrid og Barcelona, á Ibiza og Mallorca er bannað að drekka á götum úti, nema auðvitað á gangstéttarkaffihúsum og börum. Þeir sem ekki virða þetta bann eiga yfir höfði sér sektir og jafnvel vist í fangaklefa.



ÍTALÍA Götusalarnir á Ítalíu freista kaupglæðra ferðamanna en það borgar sig þó varla að versla við þá því ef þú ert staðinn að því að kaupa stolna vöru kostar það þig að lágmarki 1.000 evrur í sekt.

TANSANÍA Samkynhneigð er ólögleg í Tansaníu og fólk af sama kyni sem sést láta vel hvort að öðru getur átt handtöku á hættu. Tansaníubúar eru reyndar ekki hrifnir af blíðuatlutum á almanna-færi yfirleitt og gagnkynhneigt fólk sem lætur ást sína í ljós með snertingum hefur lent í því að á það er ráðist með barsmíðum.



FRAKKLAND Passaðu vel upp á lestar- og metrómiðana þína í Frakklandi. Ef þú ert ekki með gildan miða, jafnvel á leið út af lestarstöðinni, færðu háar sektir og það gæti jafnvel endað með handtöku ef eftirlitsmönnum finnst þú ekki nógu samvinnuþýður.

MAROKKÓ Þótt mis-munandi trúarbrögð séu liðin í Marokkó, þar sem íslam er ríkistrú, er trúboð stranglega bannað og dæmi eru um að fólk sé vísað úr landi fyrir að spjalla um kristindóminn við múslímska heimamenn, jafnvel fólk sem lengi hefur búið í landinu.

MADAGASKAR Það er ólöglegt að höggva rósavið á Madagaskar og þar af leiðandi er ólöglegt að kaupa muni úr rósaviði og flytja úr landi.

TAÍLAND Tailendingar virða konung sinn og fjölskyldu hans mikils. Svo mikils að það getur varðað



fimmán ára fangelsisvist að tala illa um konungsfjölskylduna. Jafnvel það að stíga ofan á skoppandi smápening getur kostað fangavist því þá ertu að traðka á andliti konungsins.

ÁSTRALÍA Það er ólöglegt að taka steina eða sand af svæðinu nærri fjallinu Uluru í Mið-Ástralíu vegna helgi þess fyrir frumbyggja. Það er líka bannað að taka myndir af ákveðnum stöðum af sömu ástæðum.

ÁSTRALÍA Það er bannað að hirta kórala við Kóralrífið mikla.



Saga verkalyóðs-baráttunnar

í tveimur bindum



FÁANLEG Í EÐA ÁN ÖSKJU

Metnaðarfullt og glæsilegt rit eftir Sumarliða R. Ísleifsson um íslenskt samfélag og sögu, frá fyrstu tilraunum til stofnunar alþýðusamtaka gegnum hörð stéttaátök og allt til dagsins í dag.



FORLAGIÐ

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

ÓTRÚLEGT TILBOÐ FRÁ Panasonic



Panasonic TXL50EM5

149.990

VERÐ ÁÐUR 199.990

50 TOMMUR AF MYNDGÆÐUM

Háskerpu upplausn fyrir hámarks upplifun af Blu-ray diskum, leikjatölvum eða háskerpu sjónvarpsútsendingum

Framúrskarandi myndgæði

Örþunnur háskerpu LED skjár með 1920x1080 punkta upplausn tryggir framúrskarandi myndgæði.

Media spilari

Settu í SD minniskort úr myndavél, upptökuvél eða snjallsíma eða tengdu USB minnislykil við sjónvarpið og Media Player kemur sjálfkrafa upp til að skoða og spila allt margmiðlunarefni.

Game mode

Tækið er búið sérstöku Game mode, þar sem allar stillingar eru stilltar þannig að það henti best ef tengja á leikjatölvu við tækið.

Orkunýting A+

Tækið er mjög sparneytið á orku, enda með LED perum í baklýsingu. Orkunýting A+ er með því besta sem þekktist í sjónvörpum í dag.

LED tv



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

Panasonic
ideas for life

ENGIN LEIÐ AÐ SPÁ UM ÚRSLITIN

Í nótt sýndu keppnisliðin í Formúlu 1 trompin sín þegar tímatakan fyrir fyrsta mót ársins fór fram í Ástralíu. Búist er við jafnri titilbaráttu í ár og óvæntum úrslitum. Fimm heimsmeistarar ræsa í kappakstrinum í fyrramálið.

Birgir Þór Harðarson
birgirh@frettabladid.is



Keppnisvertíðin í Formúlu 1 hefst á sunnudagsmorgun þegar ljósin slokkna á ráslinunni í Melbourne í Ástralíu. Fimm nýliðar hefja sitt fyrsta mót í mótardöðinni vinsælu og jafn margir heimsmeistarar vonast til að krækja í titilinn góða á ný.

Ef eitthvað er að marka æfingar og prófanir keppnisliðanna á undirbúningstímabilinu sem lauk í byrjun mánaðarins má búast við virkilega jafnri keppni þetta árið. Tæknireglur eru þær sömu og í fyrra svo bílarnir verða að öllum líkindum jafnari.

„Enginn veit hver hefur burði til að vinna mót í ár,“ sagði Fernando Alonso við fjölmiðla í Ástralíu í vikunni. Hann var valinn ökuþór ársins 2012 eftir að hafa verið hreint út sagt stórkostlegur fyrir Ferrari-liðið. „Af efstu fimm mönnum á æfingunum er erfitt að sjá hver hefur yfirhöndina. Það er mjög erfitt að velja líklegan sigurvegara.“

Stóru liðin fjögur, Red Bull, Ferrari, McLaren og Lotus, gera öll tilkall til heimsmeistararitilsins. Svo má auðvitað ekki gleyma Mercedes-liðinu sem eftir brósótt gengi í fyrra hefur smíðað hraðskreiðan bíl. Enn betri ástæða til að líta ekki fram hjá Mercedes er að Lewis Hamilton ekur fyrir liðið í fyrsta sinn í ár.

Hamilton og liðsfélagi hans Nico Rosberg voru ofboðslega fljótir á síðustu æfingum undirbúningstímabilsins í Barcelona svo auðséd er að græjurnar þeirra virka.

Brautinin í Melbourne liggur á strætunum umhverfis Albert Park-skemmtigarðinn þar í borg. „Þetta er götubraut og þær eru aldrei auð-

veldar. Þetta verður því nokkur eldskírni fyrir nýliðana,“ segir Anthony Davidson, fyrrverandi Formúlu 1-ökuþór.

Breytingar í nánd

Formúla 1 mun hins vegar ganga í gegnum breytingar á næsta ári þegar nýjar reglur taka gildi. Vélarrúmið verður minnkað en á vélarnar sett forþjappa.

Liðstjórar stærstu liðanna fullyrta í vetur að mikilvægt væri að koma með allt á hreinu til leiks því túrbínuhláðnar V6-vélar ársins 2014 munu fá alla athygli tæknimanna liðanna strax í ágúst. Tæknistríðið verður þar af leiðandi háð í byrjun tímabils en ekki í lok þess. Það mun gera tímabilið 2013 enn áhugaverðara fyrir vikið.

Dekkin stór breyta

Enn á ný virðist ítalski dekkjaframleiðandinn Pirelli hafa framleitt óútreiknanleg dekk undir Formúlu 1-bíla ársins. Öll liðin eru skyldug til að nota fyrir fram ákveðnar gerðir Pirelli-dekkja í hverju mót. Dekkin gáfu öllum liðum höfuðverk við undirbúninginn því þau virðast eyðast hratt; gefa takmarkað grip í takmarkaðan tíma. Það er því von á fleiri viðgerðarhléum í mótum ársins en við höfum áður vanist. Einnig má fastlega búast við óvæntum stjörnum eins og í fyrra en eftirminnilegt er þegar Pastor Maldonado vann Spánarkappaksturinn fyrir Williams í fyrra.

Um leið og keppnisbílarnir verða jafnari verður það meira undir ökuþórnum komið að ná góðu sæti og sækja stig. Dekkin munu svo gera liðstjórum og reiknimeisturum liðanna erfiðara fyrir þegar keppnisáætlanirnar verða ákveðnar. Það bendir því allt til þess að keppnisvertíðin 2013 verði hörkupennandi.

FYLGIST VEL MEÐ ...

Hamilton gegn Alonso gegn Vettel gegn Räikkönen

Fjórmenningarnir Lewis Hamilton, Fernando Alonso, Sebastian Vettel og Kimi Räikkönen munu að öllum líkindum gera mest tilkall til heimsmeistararitilsins þegar liður á. Fyrstu mótin gætu reynst gríðarlega mikilvæg.

Hver hefur besta bílinn í júlí?


Tæknistríðið verður háð á fyrrihluta tímabilsins í ár því í ágúst munu tæknimenn liðanna snúa sér að bílum næsta árs.

Caterham og Marussia

Litlu liðin á ráslinunni munu heyja lífsbaráttu enda er mikið af peningum í húfi fyrir liðið sem nær betri árangri á brautinni á tímabilinu. HRT-liðið er til að mynda gjaldþrota eftir tap síðasta árs.

Valtteri Bottas

Hinn finnski Bottas, nýliði hjá Williams-liðinu, gæti reynst Pastor Maldonado erfiður andstæðingur í ár. Miklar vonir eru bundnar við Bottas og gæti hann orðið næsti „Finninn fljúgandi“.



SPORT

Ástralíski kappaksturinn er í beinni útsendingu á STÖÐ 2 SPORT klukkan 05.40 á sunnudagsmorgun.



KOMDU Í
BRIMBORG
Í DAG

Notaðir JEPPAR Á TILBOÐI

TAKMARKAÐ
MAGN

JEPPAVEISLA Í BRIMBORG TIL PÁSKA

Verð frá 3.290.000 kr.

Afsláttur
allt að 700.000 kr.



NÝLEGIR, **SPARNEYTNIR** FORD KUGA Á
FRÁBÆRU VERÐI

ÁRGERÐIR 2010-2012, DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR EÐA BEINSKIPTUR.
Ford Explorer og Ford Escape jeppar einnig á frábæru tilboðsverði.

Kíktu á
notadir.brimborg.is
og finndu bílinn þinn

Komdu í dag

Virka daga er opið milli kl. 9-17 og milli kl. 12-16
á laugardögum í Brimborg, Bíldshöfða 6 og 8 í Reykjavík og
Tryggvabraut 5 á Akureyri.



Öruggur staður til að vera á

Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndinni í auglýsingunni.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6 og 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050.

Konráð og félagar á ferð og flugi 35

Teikningar og texti: Bragi Halldórsson

„Er þetta ekki talnavölundarhúsið þar sem við eigum að byrja á bláu tölunni neðst og með því að fylgja bara sléttum tölum lárétt og lóðrétt en ekki á ská, finna leið upp á topp teningsins, bláu tölunnar sex?“, spurði Kata. „Jú,“ sagði Lísaloppa. „Við eigum að fylgja sléttu tölunum 2, 4, 6, og 8.“

„Mig minnti það,“ sagði Kata. „Mér gekk nú ekkert of vel síðast þegar við glímdum við svona þraut en nú skal það ganga betur,“ sagði hún ákveðin og keppnisskapið leyndi sér ekki.

Getur þú fundið leiðina í gegnum teninginn með því að fylgja sléttu tölunum lárétt og lóðrétt?

8 3 5 6 3 7 6 5 2 2 7 9
 9 8 2 4 1 8 8 3 7 5 3 2
 6 2 5 6 4 2 5 4 2 6 7 6
 2 3 8 1 7 5 2 8 3 8 2 4
 6 4 6 2 1 5 1 2 6 3 5 6
 8 7 5 8 3 6 2 6 3 2 8 4
 2 6 3 2 4 2 9 1 3 6 2 9
 9 6 2 8 1 3 7 1 2 8 7 8
 5 4 9 4 8 2 8 6 4 6 9 2
 6 8 2 7 1 5 6 5 3 4 2 6
 2 1 6 5 2 8 2 4 8 2 7 2
 2 7 4 2 8 7 4 8 5 1 5 6



Brandarar

Hvað varð um strákinn sem var svo flinkur að herma eftir fuglum? Kötturinn át hann.

„Ég hef borðað nautakjöt alla mína ævi og er þess vegna sterkur eins og naut.“

„Skrítið, ég hef alltaf borðað fisk og kann ekki enn að synda.“

Á veitingastaðnum:

„Ég vildi gjarnan panta mér borð.“

„Nei, því miður, húsgögnin eru ekki til sölu.“

Hvernig brenndi drekin sig á hendinni?

Hann hélt fyrir munninn þegar hann geispaði.

Barnakór við Tjörnina!

Viltu vera með?

Nýr barnakór hefur starfsemi sína í Fríkirkjunni í Reykjavík.

Allir ungir og áhugasamir söngfuglar eru velkomnir og hvattir til að mæta. Æft verður á fimmtudögum frá klukkan 16:15-17:15. Fyrsta æfing verður fimmtudaginn 14. mars.

Nánari upplýsingar gefur Álfheiður Björgvinsdóttir kórstjóri í síma 849 8660 og skrifstofa Fríkirkjunnar í Reykjavík í síma 552 7270.



Frekar flinkur á tölvu

Hann Einar Áskell horfir oft á sjónvarpið með pabba sínum því þeir hafa gaman af því sama, þáttum um dýr, ófreskjur, geimfara og svoléiðis.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera heima?

Mér finnst skemmtilegast að leika mér. Stundum með Viktori og Millu en stundum bara einn. Ég á fullt af dóti, kubba og bíla og bangsa og Lísu dúkku, og ég á líka skemmtilegar bækur. Ef ég byrja að lesa stóru dýrabókina mína get ég varla hætt. Best af öllu er þegar pabbi vill leika við mig en það gerist nú ekki oft. Einu sinni fékk ég að leika mér að smíðakassanum hans og mátti nota allt nema sögina. Á endanum var ég búinn að smíða mér þyrlu sem ég komst ekki út úr og hann þurfti að hjálpa mér. Þá gat ég platað hann til að leika sér með mér og það var rosalega skemmtilegt.

Hvaða matur finnst þér bestur?

Afmæliskökur eru mjög góðar en pabbi myndi nú ekki kalla þær mat. Kjötbollur eru góðar líka og nýbakað brauð með mikilli sultu.

Hver er besti vinur þinn?

Milla og Viktor eru bestu vinir mínir. Viktor býr í blokkinni minni og Milla er frænka hans. Þau eru bestu vinir sem hægt er að hugsa sér. Einu sinni byggðum við saman leynikofa uppi í tré sem var miklu flottari en nokkur annar kofi sem ég hef séð. Ég vildi bara bjóða þeim tveimur í afmælið mitt en Fía frænka vildi endilega halda stóra veislu. Ef þið lesið Höldum veislu, Einar Áskell getið þið lesið um hvernig það endaði.

Kanntu á tölvu? Já, ég er bara frekar flinkur á tölvu. Pabbi kenndi mér og Milla líka. Hún kann svo margo.

Færðu að horfa mikið á sjónvarpið hjá pabba þínum? Við pabbi horfum oft saman á sjónvarpið því okkur finnst gaman að því sama, þáttum um dýr og ófreskjur og geimfara og svoléiðis. En svo horfir pabbi á fréttirnar og þá fer ég nú bara að leika mér.



Veistu af hverju við sjáum við þig aldrei í leikskólanum?

Nei, það veit ég ekki. Ég fer þangað á hverjum degi—eða í skólann í bókunum sem gerast þegar ég er orðinn aðeins stærr. Ef þú lest Einar Áskell og Milla geturðu séð svolítið í skólann minn en það er nú ekki það besta sem sagt er frá þar. Oftast er mjög gaman í skólanum og krakkarnir skemmtilegir.

Hvað finnst þér um það að krakkar í mörgum löndum fylgist með lífinu hjá þér og pabba þínum?

Það er bara gaman. Af því að ég geri svo margo skemmtilegt.

Hvað ætlaðu að verða þegar þú verður stór?

Ég ætla að verða slökkviliðsmaður. Því segi ég frá í bókinni Flýttu þér, Einar Áskell! Ég ætla samt ekkert að flýta mér að verða stór—það er svo gaman að vera lítil.

Myndin

Fá að velja verk til að vinna með

Þjóðþekktir gestir eins og Jón Gnarr, Hugleikur Dagsson og Hrefna Sætran hafa fengið að velja uppáhaldsverkið sitt á sýningunni Flæði á Kjarvalsstöðum. Nú er komið að ungu kynslóðinni. Á morgun, sunnudaginn 17. mars, verður krökkum og unglingum boðið í stutta leiðsögn um sýninguna og í kjölfarið fá þeir að velja eitt verk á henni til að vinna frekar með. Þetta er meðal annars gert til að fjölskyldur geti átt samverustund í skapandi umhverfi. Þessi óvenjulega sýning tekur stöðugum breytingum þann tíma sem hún stendur yfir og verkum er sífellt skipt út, jafnvel meðan gestir eru viðstaddir. Frítt er fyrir börn undir 18 ára aldri og handhafa Menningarkortsins.



KJARVAL Hvítasunnudagur heitir þetta listaverk eftir meistara Kjarval.

RISA

DVD MARKAÐUR



VERÐ
FRÁ
499 KR.
.....
FYRSTUR KEMUR
FYRSTUR FÆR!

Allt úrvalið er fáanlegt í Hagkaup Smáralind og Garðabæ, minna í öðrum verslunum.




KROSSGÁTA

LÁRÉTT

- Borðaðir horuð, enda uppáhald allra (8)
- Fastheldnar dömur í Finnörku (11)
- Banvænt hérað getur af sér hóp böðla (11)
- Er meginmót helsta uppgötvun allra félaga? (10)
- Keyrði hálfkaraður kassi (5)
- Eplaát: Hinn ófyrirgefanlegi glæpur kynslóðanna (11)
- Sá börn á höttum eftir kjúklingum og pysjum (8)
- Úrvalsvefur þarf toptpengingar (9)
- Upphefjið verðmæt ungvíði (6)
- Sjóaðir steinarnir duga í fangelsið á ströndinni (12)
- Kætið Jóa, hann er þessi græjugaði (8)
- Rugluð og lök una önn, fái þau gosfantinn (9)
- Kannast við hverfiskrána sem selur Gleymmér-ei og aðra betri borgara (10)
- Ef Ormur ætti digran sjóð (7)
- Framsýn reikna með aur (6)
- Parf 1000 hraustmenni til að hnika þessu úr stað (5)
- Slaka reipi fyrir leiðitama (9)
- Stríð mun ráðast af þeim hraustu (6)
- Þið Óli skaðið ringlað draumagengið (9)
- Sem og 1001 kroppur (6)
- Arfleiði á samheiti (6)
- Svei, starfar stuttur hér? (11)

LÓDRÉTT

- Tímamótayfirlýsingar setja svip á andskota (11)
- Er það smáatriði ef saur kemur úr röngu líffæri? (15)
- Svona heit þarf að hrópa, segir ein brjáluð (8)
- Þau sem mikið er sveimað kringum auka anninnar (8)
- Velgja form sem sýnir hlýju (8)
- Aldur og líf segja til um endingu (8)
- Meðlimur í sama tugthúsi (8)
- Kastar reknum á uppistöðu jarðvegs (10)
KLAUSTUR
Icelandair Hotels



Helgihald, gönguferðir og framúrskarandi matur

Icelandair hótel Klaustur býður upp á yndislega þáskadagskrá í faðmi jökla.

Endurnærðu líkama og sál í kyrrðinni á Kirkjubæjarklaustri um páskana.

Við tökum vel á móti þér.

Sjá nánar á icelandairhotels.is

Pantanir í síma 487 4900
eða á klaustur@icehotels.is

Icelandair Hotels
www.icelandairhotels.com



ÁNING Verkið eftir Þórarinn B. Þorláksson er í eigu Listasafns Íslands.

Hinn mikilvægi meðalvegur

Málþing um höfundarréttarmál myndlistarmanna, takmörkun og möguleika verður haldið í dag milli klukkan 11 og 13 í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg.

Fjallað verður um höfundarrétt myndlistarmanna og hagsmuni listasafna út frá mismunandi sjónarhornum á málþingi sem haldið er í dag í Listasafni Íslands. Það ber yfirskriftina Höfundarréttur, takmörkun og möguleikar. „Það þarf að finna flöt á hinum mikilvæga meðalvegi sem feta þarf milli hagsmuna myndlistarmanna sem þurfa að fá einhverja þóknun fyrir not af verkum sínum og hagsmuna safnanna sem vilja getað miðlað myndlist sem viðast,“ segir Harpa Fönn Sigurjóns-

dóttir, lögfræðilegur ráðgjafi Myndstefs. Hún er meðal frummælenda á þinginu, hinir eru dr. Margrét Elísabet Ólafsdóttir fagurfræðingur, sem fjallar um flæði myndefnis á tímum stafrænna miðla og dr. Halldór B. Runólfsson safnstjóri, sem útskýrir stöðu Listasafns Íslands með hliðsjón af höfundarréttarlögum. Umræður verða að loknum erindum þeirra og fundarstjóri er Dagný Heiðdal listfræðingur.

Málþingið er opið öllum og aðgangur er ókeypis.



FINNA ÞARF FLÖT Finna Þarf meðalveg á milli hagsmuna safna og myndlistarmanna segir Harpa Fönn.



FRÁ NÓTUTÓNLEIKUM Sólveig Steinþórsdóttir, nemandi í Tónlistarskólanum í Reykjavík.

Nótan með tónleika um allt land

Nótan, uppskeruhátíð tónlistarskólanna fer fram í fjórða sinn nú á útmánudum. Svæðistónleikar eru um allt land í dag, 16. mars. Þeir vekja jafnan athygli enda koma þar fram ungmenni frá sex ára aldri til 25 ára.

Í Reykjavík eru tónleikarnir haldnir í Hátíðarsal Tónlistarskóla FÍH. Um tvenna tónleika er að ræða. Klukkan 11 flytja nemendur grunn- og miðstigs sín atriði og klukkan 13.00 nemendur framhaldsstigs. Af rúmlega tuttugu atriðum verða sjö valin til að koma fram á lokatónleikum Nótunnar sem fara fram í Eldborgarsal Hörpu sunnudaginn 14. apríl. Í valnefnd sitja Gunnsteinn Ólafsson hljómsveitarstjóri, Helga Bryndís Magnúsdóttir píanóleikari og Ragnhildur Gísladóttir, tónskáld og söngkona. Kynnir verður Egill Ólafsson söngvari.

Alls hljóta 24 atriði af landinu öllu rétt til þátttöku á lokatónleikunum í Hörpu. „Þessi árlegi viðburður varpar skýru ljósi á það merka starf sem fram fer í tónlistarskólum landsins,“ segir Snorri Örn Snorrason sem situr í undirbúningsnefndinni í Reykjavík.

Þess má geta að svæðistónleikarnir eru ókeypis og öllum heimilir. - gun

Una lektor við Listaháskólann

Una Þorleifsdóttir hefur verið ráðin í stöðu háskólakennara við leiklistar- og dansdeild Listaháskóla Íslands með starfsheiti lektors. Hún var valin úr þremur umsækjendum. „Nú er ég orðin einn af hinum akademískt ráðnu starfsmönnum Listaháskólans sem hafa farið í gegnum dóma matsnefndar og því fylgir viss breyting á starfinu mínu,“ segir hún.



UNA ÞORLEIFSDÓTTIR

Una hefur gegnt starfi aðjúnkt í sviðslitum við Listaháskólann síðan hún lauk meistaranámi við leiklistar- og leiklistarfræðadeild Royal Holloway – University of London og frá haustinu 2012 hefur hún verið verið fagstjóri námsbrautarinnar Fræði & framkvæmd. Því heldur hún áfram.

- gun

ENDURGJALDSLAUS RÁÐGJÖF VIÐ GERÐ SKATTFRAMTALA



Lögfræðipjónusta Lögrétta veitir endurgjaldsloausa ráðgjöf við gerð skattframtala í samstarfi við KPMG, Arion banka og Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar.

Ráðgjöfin verður veitt **laugardaginn 16. mars** frá kl. 11–17 í Háskólanum í Reykjavík. Á staðnum verður pólskur túlkur allan daginn og táknmálstúlkur veitir aðstoð frá kl. 11–13.

Hvað þarf að hafa meðferðis?

- Lykilorð og auðkennislykil til að komast inn í heimabanka
- Veflykil inn á rsk.is
- Verktakamiða síðasta árs (ef við á)

Skil á skattframtali einstaklinga er til 21. mars.

Allir velkomnir!



Fjölmennt opnunarhóf RFF

Reykjavík Fashion Festival var formlega sett við hátíðlega athöfn í Gyllta salnum á Hótel Borg á fimmtudagskvöldið. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, setti hátíðina með þeim orðum að íslensk fatahönnun væri á mikilli uppleið. Gestir virtust spenntir fyrir tískuhátíðinni sem fer fram með sjö tískusýningum í Hörpu í dag. Nánari dagskrá má finna á vefsíðunni Rff.is.



STILLTU SÉR UPP Framkvæmdastýra RFF, Pórey Eva Einarsdóttir, forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, Jón Ólafsson og Póra H. Ólafsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



SKEMMTU SÉR Kristinn Jón Ólafsson, Sölvi Tryggvason og Halli Hansen.



VEL KLÆDD Bergbóra Guðnadóttir, Jól Pálsson og DJ Margeir.



BROSILDAR Díana Bjarnadóttir og Eva Dögg Sigurgeirsdóttir.



GOTT TEYMI Gunnar Örn Petersen og Guðmundur Jörundsson.



FLOTTAR Pyrí Huld Árnadóttir, Elísabet Gunnarsdóttir og Rakei Jónsdóttir.



FLOTT SAMAN Einar Bárðarson og Áslaug Einarsdóttir.

2013

Tilnefningar óskast

Hvatningar- verðlaun Vísinda- og tækniráðs

Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs eru árlega veitt vísindamanni sem snemma á ferlinum þykir hafa skarað fram úr og skapað væntingar um framlag í vísindastarfi er styrki stoðir mannlífs á Íslandi.

Óskað er eftir tilnefningum til Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs 2013. Verðlaunin eru tvær milljónir króna.

Tilnefningar geta komið frá öllum sviðum vísinda, tækni og fræða. Tilnefna má vísindafólk sem starfar á Íslandi við háskóla, rannsóknastofnanir, fyrirtæki eða er sjálfstætt starfandi. Öllum, sem eru í aðstöðu til að meta störf einstakra vísindamanna, er heimilt að senda tilnefningar. Ferilskrá vísindamannsins skal fylgja tilnefningu. Hvatningarverðlaunin verða afhent á Rannsóknþingi Rannís.

Við val á verðlaunahafa er tekið tillit til námsferils viðkomandi vísindamanns, sjálfstæðis, frumleika og árangurs í vísindastörfum að loknu námi; ritsmíða, einkaleyfa og alþjóðasamstarfs, svo og annarra vísbendinga um líklegan árangur af störfum viðkomandi. Sérstaklega er litið til brautryðjendastarfs í vísindum. Þá er litið til faglegs framlags á vinnustað og miðlun þekkingar til íslensks samfélags. Fimm handhafar verðlaunanna skipa dómnefnd.

Frestur til að skila inn tilnefningum er til og með 10. apríl 2013.

Tilnefningum ásamt upplýsingum um feril tilnefndra skal skilað með tölvupósti til Rannís á netfangið rannis@rannis.is



VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐ



rannís

Nánar á www.rannis.is



RHEA PEARLMAN í hlutverki sínu sem Carla í Staupasteini.

Aftur saman

Hollywood-parið Danny DeVito og Rhea Pearlman hefur tekið aftur upp þráðinn þar sem frá var horfið í sambandi þeirra. Þau tilkynntu um skilnað sinn eftir þrjátíu ára sambúd síðasta haust en samkvæmt slúðurmiðlum vestra hafa þau snúið aftur til hinnar hlýju hjónasængur.

Téðir miðlar greina einnig frá því að engin ein ástæða hafi verið fyrir skilnaði hjónanna, né því að þau tóku saman aftur. Hinn 68 ára DeVito hafi hreinlega ekki getað hugsað sér að eyða ævinni án hinnar 64 ára gömlu Pearlman, sem margir muna eftir úr gamanþáttaröðinni Staupasteini.

Ný mynd um Jim Morrison

Ný heimildarmynd um söngvarann sáluga úr The Doors, Jim Morrison, er í undirbúningi. Myndin nefnist *Before the End: Jim Morrison Comes of Age* og fjallar um hvers konar manneskja Morrison var. Áherslan er því ekki á goðsögnina Morrison.

Margir ástvinir söngvarans ræða í fyrsta sinn opinberlega um hann í myndinni, þar á meðal bróðir hans Andy Morrison, herbergisfélagi hans úr Florida State-háskólanum, Bryan Gates, og einnig aðalleikarinn í kvikmynd sem Morrison bjó til í skólanum, Elizabeth Buckner. Í myndinni verða sýnd heima-myndbönd sem hafa ekki áður birst og fjölskylduljósmyndir.



GOÐSÖGN Ný mynd um Jim Morrison er í undirbúningi.

Grohl fílar Gangnam Style

Tónlistarmaðurinn Dave Grohl, fyrrverandi trommari Nirvana og höfuðpaur Foo Fighters, er gríðarlegur aðdáandi ofursmellsins Gangnam Style með Psy, sem tryllti heimsbyggðina á síðasta ári. Þessu deildi Grohl með áhorfendum á South By Southwest-tónlistarhátíðinni í Texas sem hófst á fimmtudag, þar sem hann hélt opunnarræðuna. „Ég segi það upphátt og af fullkominni einlægni að Gangnam Style er eitt af eftirlætisögum mínum frá þessum áratug“, sagði Grohl. Hann talaði einnig um hversu erfitt væri að finna góð nöfn á hljómsveitir og viðurkenndi að Foo Fighters væri sérlega asnalegt nafn.



BORGIN MÍN BERLÍN



RAGNHEIÐUR GRÖNDAL SÖNGKONA

Afslappað andrúmsloft

Uppáhaldsborgin mín er Berlín, en ég bjó þar 2009 til 2010. Hún hefur ótrúlega eftirsóknarvert, afslappað andrúmsloft. Uppáhaldsveitingastaðurinn minn er sushi-staður í Prenzlauerberg sem heitir Sasaya. Hann er frekar lífill og það er mjög erfitt að fá borð, best er að hringja nokkrum dögum áður og panta. Berlínarbúar eru snillingar í stíl og gaman að þæla í því hvernig þeir blanda saman fortíð og framtíð með skvettu af húmorísku smekkleysi. Á Oranienstrasse er æðislegur þýskur

bjórbar sem heitir Aufsturz, þar er hægt að fá allar tegundir sem hugurinn gírnist og skola niður með þýskum kráarmat. Síðan eru náttúrulega second hand-búðir úti um alla borg sem ég fer í til að versla ýmsa dýrgripa, náði mér til dæmis einu sinn í kjól frá árinu 1910 úr Svartaskógi. Falda leyndarmálið er án efa Bonanza Coffee Shop á Oderberger Strasse en þar fæst algjört eðalkaffi sem fær latte-fíkilinn til að tárfa. Jafnframt eru í þeirri götu flottar second hand-búðir.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



LINDSAY LOHAN Varð fúl vegna Twitter-ummæla.

Lohan reið út í Justin Bieber

Vinir leikkonunnar Lindsay Lohan segja hana æfa vegna þess sem ungstirnið Justin Bieber sagði um hana á Twitter-síðu sinni fyrir skemmstu.

Bieber skrifaði á Twitter að þeir sem kysu að bera hann saman við Lohan ættu að líta á skattgreiðslur hennar fyrir árið 2012 og sjá muninn á þeim. Í kjölfarið fylgdi broskall að samfélagsmiðla síð.

Bieber eyddi ummælunum skömmu síðar en Lindsay mun hafa orðið afar sár og reið því hún hafi aldrei átt í neinum úti-stöðum við Bieber að henni vitandi.



LIL WAYNE Rapparininn hneig niður við tókur á tónlistarmyndbandi.

NORDICPHOTOS/GETTY

Rappari fluttur á sjúkrahús

Rapparin Lil Wayne var fluttur á sjúkrahús fyrir skömmu í þriðja sinn á aðeins sex mánuðum.

Samkvæmt TMZ fór Wayne á sjúkrahús eftir að hafa hnigið niður við tókur á tónlistarmyndbandi í Los Angeles. Hann er kominn heim til sín núna og líður mun betur, aðdáendum hans til mikils léttis. Wayne hneig tvisvar niður um borð í tveimur mismunandi flugvélum í október í fyrra. Fulltrúi rapparans hélt því fram að hann ætti í vandræðum vegna mígrenis. Hinn þritugi Lil Wayne sagði í fyrra að hann ætlaði að gefa út tvær plötur til viðbótar áður en hann hættir í tónlistinni.

Þú getur stólað á íslenska hönnun og framleiðslu



IVYKA HÚSBÚÐA - 12 0489

Allir velkomnir

Íslenskir framleiðendur sýna nýja íslenska framleiðslu þar sem framúrskarandi hönnun og frábært handbragð haldast í hendur. Samstarf íslenskra framleiðenda og hönnuða er rótgróið og gefur sífellt af sér ný og betri húsgögn og innréttingar.

Sýningin er í **Hörpu** og er hluti af **Hönnunarmars**.

Þátttakendur eru:

Á. Guðmundsson	RB RÚM
Axis	Sólóhúsgögn
Brúnás innréttingar	Sýrusson
G. Á. Húsgögn	Zenus

Opnunartími:

föstudagur 15. mars kl. 11-18
laugardagur 16. mars kl. 11-17
sunnudagur 17. mars kl. 11-17



Vel klæddur herramaður

PÚSSAÐIR SKÓR
Smáatriðin skipta máli en hér má sjá vel pússaða skó O'Shea.



PRÖNGAR BUXUR
O'Shea klæðist gjarnan svörtum flíkum þar sem húðflúrin setja skemmtilegan svip á heildarmyndina.

Innkaupamaðurinn Justin O'Shea vekur athygli fyrir fágaðan klæðaburð hvert sem hann fer. O'Shea sér um innkaup fyrir vefverslunina Mytheresa.com og er eftirlæti götutískuljósmyndara um allan heim. Það er líklega skeggið, húðflúrið, sólgleraugun og úthugsaðar samsetningar á flíkum sem heilla og nokkuð ljóst að margir karlmenn mættu taka sér hann til fyrirmyndar í herratískunni.



RÖNDÓTT Röndóttu skyrtnan tekur sig vel út undir svörtum klæðnaði.

NORDICPHOTOS/GETTY



FRAKKI Hér má sjá O'Shea fyrir utan tískusýningu í New York í flottum frakka.



TOMB RAIDER „Grafíkin í Tomb Raider er ótrúleg og heildarútlit leiksins einstaklega vel heppnað.“

Besti Tomb Raider í langan tíma

TÖLVULEIKUR ★★★★★

Tomb Raider

Square Enix

Í nýjasta Tomb Raider-leiknum fáum við að kynnst forsögu Löru Croft. Síðastliðin ár hafa Tomb Raider-leikirnir verið misgóðir og í flestum tilfellum ekki náð að standast væntingar aðdáenda, en í þessum nýja Tomb Raider-leik er reynt að blása nýju lífi í frekar þreytta leikjaseríu. Að þessu sinni fáum við að kynnst Löru Croft sem frekar saklausri tilfinningaveru. Á leið sinni í fornminjaleit lenda Lara Croft og fylgdarlið hennar í sjóslýsi og endar hópurinn á eyju þar sem þau komast í kynni við skuggalegan költ-hóp. Í kjölfarið hefst ævispennandi atburðarás þar sem Lara Croft þarf að kanna eyjuna, leysa þrautir, verjast árásum og forða sér frá sprengingum og hrynjandi hellum.

Spilun leiksins er vel heppnuð og nokkuð auðveld. Spilarinn þarf ekki að leggja marga stjórnataka á minni þar sem leikurinn minnir spilarann sífellt á hvað takkarnir gera. Fyrstu klukkutímana aðstoðar leikurinn spilarann óvenju mikið og verða leiðbeiningar leiksins fljótt þreytandi fyrir vana spilara sem vilja henda sér beint út í djúpu laugina en áhugaverð saga og mikill hasar ná að halda manni við efnið. Það er ekki fyrir

en í síðari hluta leiksins sem hann hættir að hugsa fyrir spilarann og loks fær hann að leysa verkefni sjálfur. Leikurinn byggir fyrst og fremst á einspilun þar sem hægt er að spila í gegnum söguþráðinn og klára ýmis minni aukaverkefni sem tekur samanlagt góða tíu til fjórtán klukkutíma að klára. Sagan hefur sínar hæðir og lægðir en heldur manni þó ávallt við efnið. Betur hefði þó mátt standa að talsetningu leiksins sem er á köflum ansi slöpp. Fjölsþilun leiksins er frekar óspennandi og bætir litlu við leikinn.

Grafíkin í Tomb Raider er ótrúleg og heildarútlit leiksins einstaklega vel heppnað. Þó svo að leikurinn bjóði upp á þekkta formúlu sem er ídulega notuð í þriðju persónu ævintýraleikjum nær stórbrótið útsýni, úthugsuð staðsetning myndavéla og kröftug tónlist að ýta undir nýja og skemmtilega upplifun. Það hefði mátt leggja meiri áherslu á þrautir í leiknum en á heildina titið er afraksturinn vel heppnaður og gaman að sjá eina merkustu kvenhetju tölvuleikjasögunnar snúa aftur.

Bjarki Þór Jónsson

NIÐURSTADA: Nýi Tomb Raider-leikurinn nær að blása nýju lífi í leikjaseríuna með miklum hasar, skemmtilegum þrautum og fallettri framsetningu.



ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA

Vegna fjölda fyrirspurna höfum við ákveðið að bæta við 2-3 námskeiðum í íslensku fyrir útlendinga, um er að ræða námskeið annars vegar fyrir byrjendur og hins vegar, lengra komna. Aðeins 12 í hóp. Alls 50 kennslustundir.

Þátttökugjald er 14.900 kr.* og er greitt við innritun, námskeiðsgögn innifalin. Staðfestingargjald er 4500 kr. og ekki greitt til baka.

Á námskeiðunum er lögð sérstök áhersla á talmál heima sem og úti í atvinnulífinu. Aðalkennari Þósteinn G. Þorsteinsson íslenskufraeðingur (cand mag)

*mörg stéttarfélag greiða hluta af námskostnaði.

Enska án erfiðis.

Nú er rétti tíminn til þess að rifja upp enskuna fyrir sumarleyfið.

1. Fjarkennsla kr. 28.600 kr.
2. Enska 1, Enska 2 og Enska 3 - 6 vikna námskeið kr. 32.900 kr. 12 nemendur í bekk.

Norska án erfiðis er væntanleg fyrir mánaðarmótin mars/apríl

Kynnið ykkur úrval námskeiða á pareto.is

Pareto ehf - Suðurlandsbraut 52 - 108 Reykjavík - Sími: 540-8400

Tungumál.is



DWAYNE JOHNSON Johnson, sem áður kallaði sig The Rock, vill leika í Star Wars.

NORDICPHOTOS/GETTY

Langar í Star Wars 7

Dwayne Johnson hefur áhuga á framhaldsmyndinni.

Vöðvabútið Dwayne Johnson hefur mikinn áhuga á að leika í myndinni Star Wars Episode 7 sem er í undirbúningi.

Johnson, sem lék hasarmyndahetju í G.I. Joe, hefur verið aðdáandi Star Wars síðan í barnæsku og þætti ekkert betra en að fá hlutverk í nýjustu myndinni. „Þegar ég var lítill lék ég mér með tvöns konar hasarfígúrur, G.I. Joe og Star Wars,“ sagði hann við áströlsku vefsíðuna New.com.au. „Vegna þess að við áttum ekki mikinn pening var ég vanur að stela þeim. Ég reif umbúðirnar upp í búðum og stakk fígúrunum í vasann, eins og margir krakkar gerðu. Ég náðist nokkrum sinnum og var skammaður af foreldrum mínum.“

Johnson hoppaði hæð sína þegar hann fékk hlutverkið í G.I. Joe. „Þetta var eins og að fá símtal frá George Lucas [höfundur Star Wars] þar sem hann myndi spyrja mig: „Viltu leika í Star Wars?“,“ sagði hann.

Leikarinn hefur augastað á fleiri hlutverkum því hann langar mikið að leika í The Expendables 3, enda er hann góður vinur leikstjórans og aðalleikara myndanna, Sylvesters Stallone.



LADY GAGA Söngkonan er að leita að nýrri íbúð í New York. NORDICPHOTOS/GETTY

Gaga leitar sér að nýrri íbúð

Lady Gaga er að leita sér að íbúð í Manhattan í New York. Samkvæmt blaðinu The New York Post hefur poppdívan meðal annars skoðað tæplega 6 milljón dollara þakíbúð með kaup í huga.

Hin 26 ára Gaga er uppalin í New York og hefur lýst því yfir að hún vilji aldrei flytja frá borginni. Hún er þessa dagana að jafna sig eftir mjaðmaðgerð sem hún gekkst undir og notar hjólastól til að komast ferða sinna. Frítíma sinn notar hún til að finna draumaíbúðina.



HÖFÐAR MÁL Leikarinn Jude Law hefur höfðað mál gegn kanadíska fyrirtæki.

Jude Law höfðar mál

Jude Law hefur höfðað mál gegn kanadíska fyrirtæki sem sérhæfir sig í að selja arna. Hann segir að fyrirtækið Paloform hafi notað andlit hans án leyfis á heimasíðu þess, Facebook- og Pinterest-síðum.

Í dómsskjölunum lýsir Law sér sem einum þekktasta og virtasta kvikmyndaleikara heimsins og krefst þess að auglýsingarnar hætti að birtast. Leikarinn fertugi á þrjú börn með fyrrverandi eiginkonu sinni Sadie Frost og eitt með fyrirsætunni Samantha Burke. Nýjasta mynd hans er Anna Karenina.

APP VIKUNNAR



Star Walk

Star Walk er margverðlaunað app fyrir iPhone og iPad sem gerir notendum kleift að bera kennsl á meira en 20 þúsund ljós á stjörnuhimninum. Með því að beina myndavél tækjanna að himninum leggst stjörnukort að myndinni með nöfnum flestra þeirra stjarna, pláneta og annarra himinhnatta sem sjá má með berum augum. Þá er hægt að nota appið til að fylgjast með breytingum á lengd sólarhringsins auk þess sem í því er að finna upplýsingar um hvenær sólarhringsins hægt er að sjá tunglið, Venus, Mars, Júpíter og Satúrnus á himni.

Skýringar:

- App fyrir Apple-tæki
- App fyrir Android-tæki
- App fyrir Windows

Unglingarnir fá líka að njóta stóru atriðanna

Bretarnir í Rudimental eru nýjasta viðbótin við sístækkandi dagskrá Keflavík Music Festival.

„Það er svo mikið af unglungum sem eru svakalegir aðdáendur þessara stóru erlendu nafna svo mér fannst þetta góð leið til að sinna þeim hópi líka,“ segir Ólafur Geir Jónsson, skipuleggjandi Keflavík Music Festival.

Í dag fara í sölu sérstakir unglungamiðar á hátíðina sem eru fyrir ungt fólk á aldrinum 14 til 18 ára. Gilda þeir miðar á alla viðburði sem verða í Reykjaneshöllinni en þar koma einmitt öll stóru erlendu atriðin fram. „Dagskráin þar stendur yfir á milli

klukkan 19 og 23 öll kvöld. Eftir það fara krakkarnir svo heim og hinir halda niður í bæ þar sem dúndurdagskráin heldur áfram fram eftir nóttu,“ segir Óli Geir en afar takmarkaður fjöldi unglungamiða verður í boði. Nýjasta erlenda atriðið hefur nú verið tilkynnt og verða það strákarnir í hljómsveitinni Rudimental. Sveitin samanstendur af fjórum ungum Bretum og hefur hún verið starfandi frá árinu 2010. Það var þó ekki fyrr en í fyrra sem þeir náðu alvöru vinsældum þegar lag þeirra, Feel the


Love, sló í gegn. Lagið komst meðal annars í efsta sæti yfir bestu lög í Bretlandi og var valið lag ársins 2012 á íslensku útvarpsrásinni Flass. „Það er líka svo geggjað við þá að þetta verður allt í beinni. Það verður ekkert spilað undir á diskum eða neitt svoieidis heldur verður allt bandið á sviðinu,“ segir Óli Geir. Stór hópur fólks kemur til landsins í tengslum við erlendu atriði hátíðarinnar og má búast við yfir hundrað manns sem koma í beinum tengslum við þau ellefu atriði.



FEEL THE LOVE Strákarnir í Rudimental skutust upp á stjórnheimininn á síðasta ári með lagi sínu Feel the Love.



ER KOMINN TÍMI Á
EINA KALDA?



Léttmjólk

Innviðasjóður

Umsóknarfrestur til 22. apríl 2013

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Innviðasjóði.

Hlutverk Innviðasjóðs er að byggja upp rannsóknarinnviði á Íslandi. Innviðasjóður veitir styrki til kaupa á tækjum, gagnagrunnum og hugbúnaði og öðrum þeim búnaði sem telst mikilvægur fyrir framfarir í rannsóknum.

Við úthlutun úr Innviðasjóði er tekið mið af úthlutunarstefnu Rannsóknasjóðs og eftirtalin atriði lögð til grundvallar:

- Að innviðirnir séu mikilvægir fyrir framfarir í rannsóknum á Íslandi og fyrir rannsóknir umsækjenda.
- Að fjárfesting í innviðum skapi nýja möguleika til rannsókna og/eða innviðirnir tengist verkefnum sem Rannsóknasjóður styrkir.
- Innviðir sem komið er upp með styrk frá sjóðnum skulu vera aðgengilegir öðrum rannsóknahópum eftir því sem svigrúm er til.
- Að samstarf verði um nýtingu innviða milli stofnana eða milli stofnana og fyrirtækja með fyrirsjáanlegum hætti.
- Að áætlunar um kostnað og fjármögnun séu raunhæfar.

Umsækjendur skulu kynna sér reglur sjóðsins áður en umsókn er gerð.

Nánari upplýsingar og aðgangur að rafrænu umsóknarkerfi á www.rannis.is.

Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins, menntunar og þróunar mannauðs auk menningar og skapandi greina. Rannís stuðlar að þróun þekkingarsamfélagsins í gegnum rekstur samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum auk þess að greina og kynna áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag. Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs.



rannís

Laugavegi 13, 101 Reykjavík,
Dunhaga 5, 107 Reykjavík,
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is



NÝTT FRÁ FLEXI OG FERPLAST

NÝTT

20%
AFSLÁTTUR AF
FLEXI TAUMUM
UM HELGINA

NÝTT

**ATLAS 10
ORGANISER
FRÁBÆR FYRIR
FERÐALAGIÐ**

30%
AFSLÁTTUR AF
NAGDÝRABÚRUM
Í MIKLU ÚRVALI

FLEXI
2013

flexi

ferplast

GÆÐIN SKIPTA MÁLI

DÝRARÍKIÐ

Holtagörðum ... fyrir dýravini

Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins Sími 568 66 68 Opíð 11-18 virka daga / 12-18 um helgar



MEÐ HNÚT Í MAGANUM Örlýgur Smári, Eybór Ingi og Pétur Örn voru allir með hnút í maganum þegar myndbandið við Eurovision-lagið Ég á líf var frumsýnt í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íslenskan er alltaf einlægari

Í fyrsta sinn í 16 ár sem íslenska heyrst í Eurovision

„Það var ákveðið strax morguninn eftir að við unnum Söngvakeppnina að hafa lagið á íslensku og það hefur aldrei verið nein spurning. Síðan þá erum við samt búnir að fara í tugi viðtala og segjast ekki vita neitt enn þá, því við vildum halda í spennuna,“ segir Eurovision-farinn Eybór Ingi kátur í bragði.

Myndbandið við lagið Ég á líf, framlag okkar Íslendinga í Eurovision-söngvakeppnina, var frumsýnt í gær og kom sú ákvörðun að halda laginu á okkar ylhýra mörgum á óvart. Þetta er í fyrsta skipti sem við syngjum á íslensku í keppninni frá því að reglum var breytt árið 1999, en þá var öllum gert heimilt að flytja lög sín á hvaða tungumáli sem er. Þar sem við fengum ekki að taka þátt árið 1998 er þetta því fyrsta lagið sem er flutt á íslensku í keppninni frá því að Páll Óskar keppti með Minn hinsti dans árið 1997, eða í sextán ár. „Við vorum allir með hnút í maganum yfir frumsýningunni en viðbrögðin eru búin að vera ótrúlega jákvæð hingað til,“ segir Eybór Ingi. „Mér finnst tungumálið okkar eiga skilið að njóta sín í þessum fallega texta hans Péturs,“ segir hann og á þar við Pétur Örn Guðmundsson, annan höfund lagsins. „Það er bara þannig að maður tjáir tilfinningar sínar alltaf best á eigin móðurmáli og ef einlæginn er til staðar þá nær hún allveg til fólks þó það skilji ekki endilega textann.“

Hinn höfundur lagsins, Örlýgur Smári, hefur látið hafa eftir sér að til sé texti á fjórum tungumálum og staðfestir Eybór það. „Það er fólk

„Mér finnst tungumálið okkar eiga skilið að njóta sín í þessum fallega texta Péturs.“

Eybór Ingi

alls staðar að úr heiminum búið að senda okkur texta á mismunandi tungumálum. Það er gaman og gleðilegt hversu margir virðast hafa skoðanir og áhuga á þessu,“ segir hann.

Lag með íslenskum texta hefur hæst náð fjórða sætinu í Eurovision hingað til, þegar Stjórnin fór út með Eitt lag enn árið 1990. Spurður hvort stefnan sé sett á að toppa þann árangur segir Eybór þá félagi lítið hafa velt slíku fyrir sér. „Lagið virðist þegar vera búið að fanga hjörtu landsmanna og það er stærsti sigurinn. Við förum svo til Svíþjóðar og gerum auðvitað okkar besta og höfum gaman,“ segir hann.

Sviðsframkoman hefur ekki verið endanlega útfærð enn þá en Eybór getur þó gefið það upp að með honum á sviðinu verða Buff-bræður Péturs, þeir Hannes Heimir Friðbjarnarson og Einar Þór Jónsson, Eurovision-reynsluboltinn Kristján Gíslason og tónlistarmaðurinn Bergþór Smári, sem er bróðir Örlýgs Smára. „Það kemur svo í ljós hvað við gerum við þá, það eru nokkrar hugmyndir á lofti,“ segir hann lúmskur. Hann segist heldur ekki vera búinn að ákveða í hvaða jakka hann ætli að vera á sviðinu. „Kannski verð ég bara í kjól,“ segir hann og hlær.



VERÐUR Á SVIÐI Söngvarinn og Buff-meðlimurinn Hannes Friðbjarnarson verður með Eybóri á sviði í Malmö í maí. Hér er hann með Birni Víglunds-syni.



MENNIRNIR Á BAK VIÐ MYNDBANDIÐ Hákon Sverrisson, Jón Tómas Einarsson, Sævar Guðmundsson og Guðmundur Þór Kárasón eru mennirnir á bak við tónlistarmyndband Ég á líf.

Reglur um tungumál síbreytilegar

Í gegnum tíðina hefur reglum keppinnar verið breytt nokkrum sinnum hvað það varðar hvort syngja megi á hvaða tungumáli sem er. Frá 1956 til 1965 mátti syngja á hvaða tungumáli sem er en árið 1966 var reglum breytt og hverju landi gert að syngja á móðurmálinu. Reglurnar héldust þannig í sjö ár en árið 1973 var þeim breytt aftur. Frelsið var þó stutt því þremur árum seinna, árið 1977, voru takmarkanirnar settar á aftur. Það ár fengu Þjóðverjar og Belgar þó undanþágu þar sem bæði löndin höfðu þá valið sitt lag, sem var með enskum texta, þegar reglurnar voru settar á. Stjórnendur keppinnar virtust þá loksins hafa ákveðið sig hvað þessi mál varðaði, því þær héldust óbreyttar í 21 ár. Árið 1999 var þeim þó breytt aftur og hafa keppendur haft frelsi til að flytja lag sitt á hvaða tungumáli sem er síðan, eins og við höfum nýtt okkur á hverju ári hingað til.



SAMSUNG


EINSTÖK GÆÐI OG TOPPPENDING

Blit með fyrirvara um villur í texta og eða myndabringi

SAMSUNG 15.6" NP355E5C HD LED

- 15.6" LED Non-Gloss skjár
- AMD Dual-Core E2-1800 örgjörfvi
- AMD HD7470M 1GB skjástýring
- 500GB harður diskur
- 4GB vinnsluminni
- 1.3 Megapixel vefmyndavél
- Windows 8 64-bíta stýrikerfið
- Þyngd: 2,33 kg

HDMI **US-3** FAST START 4 SEKUNÐUR Windows 8



109.900

SAMSUNG 15.6" 355E5C-S04

- 15.6" LED Non-Gloss skjár
- AMD Dual-Core E2-1800 örgjörfvi
- AMD HD7470M 1GB skjástýring
- 500GB harður diskur
- 6 GB vinnsluminni
- 1.3 Megapixel vefmyndavél
- Windows 8 64-bíta stýrikerfið
- Þyngd: 2,33 kg

HDMI **US-3** FAST START 4 SEKUNÐUR Windows 8



119.900

SAMSUNG 15.6" 300E5C-A03

- 15.6" LED Non-Gloss skjár
- Intel i3-3110M örgjörfvi
- Intel HD 4000 skjástýring
- 500GB harður diskur
- 4GB vinnsluminni
- 1.3 Megapixel vefmyndavél
- Windows 8 64-bíta stýrikerfið
- Þyngd: 2,28 kg

HDMI **US-3** FAST START 4 SEKUNÐUR Windows 8



129.900

SAMSUNG 13.3" 535U3C-A04

- 13.3" LED Non-Gloss skjár
- AMD DualCore A6-4455M örgjörfvi
- AMD Radeon HD7500G skjákort
- 500GB harður diskur
- 4GB vinnsluminni
- 1.3 Megapixel vefmyndavél
- Windows 8 64-bíta stýrikerfið
- Þyngd: 1,52 kg

HDMI **US-3** FAST START 4 SEKUNÐUR Windows 8



129.900

ALLT AD 1500 HLEDSLUR

Nýleg óháð samanburðarkönnun sýnir fram á afburða árangur Samsung fartölva hvað áreiðanleika varðar:

www.bt.is/page/samsungbest

SAMSUNG 13.3" 535U3C-A07

- 13.3" LED Non-Gloss skjár
- AMD DualCore A6-4455M örgjörfvi
- AMD Radeon HD7500G skjástýring
- 500GB harður diskur
- 6GB vinnsluminni
- 1.3 Megapixel vefmyndavél
- Windows 8 64-bíta stýrikerfið
- Þyngd: 1,52 kg

HDMI **US-3** FAST START 4 SEKUNÐUR Windows 8



139.900

ALLT AD 1500 HLEDSLUR

SAMSUNG 13.3" 535U3C-A06 BLEIK

- 13.3" LED Non-Gloss skjár
- AMD DualCore A6-4455M örgjörfvi
- AMD Radeon HD7500G skjákort
- 500GB harður diskur
- 4GB vinnsluminni
- 1.3 Megapixel vefmyndavél
- Windows 8 64-bíta stýrikerfið
- Þyngd: 1,52 kg

HDMI **US-3** FAST START 4 SEKUNÐUR Windows 8



139.900

ALLT AD 1500 HLEDSLUR

SAMSUNG 15.6" 350V5C-T01

- 15.6" LED Non-Gloss skjár
- Intel i5-3210M örgjörfvi
- AMD HD7730M 2GB skjástýring
- 750GB harður diskur
- 6GB vinnsluminni
- 1.3 Megapixel vefmyndavél
- Windows 8 64-bíta stýrikerfið
- Þyngd: 2,33 kg

HDMI **US-3** FAST START 4 SEKUNÐUR Windows 8




179.900

SAMSUNG 13.3" 540U3C-A03

- 13.3" LED SuperBright snertiskjár
- Intel i5-3317M örgjörfvi
- Intel HD 4000 skjástýring
- 500GB harður diskur
- 6GB vinnsluminni
- 1.3 Megapixel vefmyndavél
- SoundAlive hátalarar
- Windows 8 64-bíta stýrikerfið
- Þyngd: 1,69 kg

HDMI **US-3** FAST START 4 SEKUNÐUR Windows 8



219.900

SNERTI SKJAR

Intel WiDi

www.godverk.is

Hélt ég fengi í mesta lagi tuttugu læk

Neminn Ólafur Pálmarsson hefur áhrif á skyndibitamenningu Íslendinga.

„Ég bjóst aldrei við þessum viðbrögðum, hélt ég mundi í mesta lagi fá tuttugu læk,“ segir framhaldsskólaneminn Ólafur Pálmarsson. Hann sendi fyrirspurn á Facebook-síðu Dominos þar sem hann lagði til nafnbreytingu á pitsu á matseðli staðarins. Um er að ræða pitsuna PS2, pitsu með pepperoni og sveppum, en Ólafur lagði til að nafninu yrði breytt í Svepperóní. Á innan við þremur klukkutímum höfðu tvö þúsund manns lækað uppástunguna á Facebook. Dominos hefur nú brugðist við fyrirspurninni og breytt nafni pitsunnar í svepperóní.

„Mér datt þetta bara í hug um daginn þegar ég var einmitt að borða pitsu með pepperóní og sveppum með bræðrum mínum. Við vorum sammála um að PS2 væri ekki nógu gott nafn og ég var búinn að hugsa heillengi um hvaða nafn væri betra þegar mér datt þetta í hug,“ segir Ólafur og bætir því við að hann ætli sér ekki að panta neitt annað í framtíðinni. Magnús Haraldsson, markaðs- og rekstrarstjóri hjá Dominos, segist taka taka uppáteki Ólafs fagnandi. „Við verðum að bregðast við þegar uppástungan fær svona góð viðbrögð. Við erum vanir að fá tillögur frá viðskiptavinum okkar en þær snúa yfirleitt að samsetningunum frekar en nöfnum. Við ætlum svo að vera með Svepperóní á þúsund krónur um næstu helgi til að fagna nafnbreytingunni.“ segir Magnús.



FÉKK SITT FRAM Ólafur Pálmarsson fékk góð viðbrögð við tillögu sinni til Dominos um að breyta nafni á pitsu með pepperóní og sveppum í svepperóní. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM

SAMBÍÓIÐN
FRÁ LEIKSTJÓRANUM SEM FERÐI OKKUR KARLAR SEM HATA KONUR

DEAD MAN DOWN
COLIN FARRELL, NOOMI RAPACE
STÓRKOSTLEG Í PESSARI MÖGNUDU SPENNUMYND
FRÖ BEINT Á TOPPINN Í USA!
FRÁ LEIKSTJÓRA HOBBS/ESHER'S ÖG FRAMSETNINGA TEG

OZ: THE GREAT AND POWERFUL
FRÁ PEIMI SEM FERÐI OKKUR ÁICE IN WONDERLAND ÖG LEIKSTJÓRA SPIDERMAN PRILEIKSINS
TÖLRÁÐ SPENNUMYND
FRÖ BEINT Á TOPPINN Í USA!
FRÁ LEIKSTJÓRA HOBBS/ESHER'S ÖG FRAMSETNINGA TEG

FLIGHT
R. EBERT
★★★★
FRÖ BEINT Á TOPPINN Í USA!
FRÁ LEIKSTJÓRA HOBBS/ESHER'S ÖG FRAMSETNINGA TEG

PETTA REDDAST
FRÖ BEINT Á TOPPINN Í USA!
FRÁ LEIKSTJÓRA HOBBS/ESHER'S ÖG FRAMSETNINGA TEG

IDENTITY THIEF
FRÖ BEINT Á TOPPINN Í USA!
FRÁ LEIKSTJÓRA HOBBS/ESHER'S ÖG FRAMSETNINGA TEG

SAMBÍÓIÐN ALFABAKKA

DEAD MAN DOWN	KL. 5:40 - 8 - 10:20 - 10:40	16
DEAD MAN DOWN VIP	KL. 3 - 8 - 10:20	16
OZ: THE GREAT AND POWERFUL 3D	KL. 2 - 5:20 - 8	10
OZ: THE GREAT AND POWERFUL 2D	KL. 2 - 4 - 5:20	10
OZ: GREAT AND POWERFUL VIP	KL. 5:20	10
PETTA REDDAST	KL. 8 - 10:20	10
BEAUTIFUL CREATURES	KL. 8 - 10:40	12
FLIGHT	KL. 8	12
WARM BODIES	KL. 10:50	12
FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 590 KR. MIÐAVERÐ		
SAMMY 2	KL. 2	12
WRECK-IT RALPH	KL. 1:30 - 3:40 - 5:50	12
FRANCESCA DA RIMINI	KL. 1:30 - 3:30	12

SAMBÍÓIÐN EGILSHÖLL

DEAD MAN DOWN	KL. 5:30 - 8 - 10:30	16
OZ: THE GREAT AND POWERFUL 3D	KL. 1 - 8 - 10:40	10
OZ: THE GREAT AND POWERFUL	KL. 3 - 5:20	10
IDENTITY THIEF	KL. 5:30 - 8 - 10:30	10
FLIGHT	KL. 5:20 - 10:30	12
ARGO	KL. 8	14
FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 590 KR. MIÐAVERÐ		
MONSTERS INC	KL. 3	12
ÖSKUBUSKA Í VILTAVESTRINU	KL. 1 - 3:30	12
SAMMY 2	KL. 1 - 3:20	12
WRECK-IT RALPH	KL. 1	12

SAMBÍÓIÐN KEFLAVÍK

DEAD MAN DOWN	KL. 8 - 10:20	16
21 AND OVER	KL. 10:30	14
OZ: THE GREAT AND POWERFUL 3D	KL. 5 - 8	10
OZ: THE GREAT AND POWERFUL 2D	KL. 5 - 8	10
FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU	KL. 2	10
PETTA REDDAST	KL. 10:40	10
THIS IS 40	KL. 5:20 (SUN) - 8	12
FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 590 KR. MIÐAVERÐ		
MONSTERS INC	KL. 3	12
ÖSKUBUSKA Í VILTAVESTRINU	KL. 2 - 6	12
SAMMY 2	KL. 4	12

SPARBIÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EDA APPELSÍNUGULU
KR. 750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

AKUREYRI

DEAD MAN DOWN KL. 8 - 10:20 16

OZ: THE GREAT AND POWERFUL 3D KL. 5:20 - 8 10

OZ: THE GREAT AND POWERFUL 2D KL. 2 10

PETTA REDDAST KL. 6 10

FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 590 KR. MIÐAVERÐ

ÖSKUBUSKA Í VILTAVESTRINU KL. 4 12

SAMMY 2 KL. 2 12

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

FRÁ HÖRUNDI NOTEBOOK ÖG DEAR JOHN
KEMUR SPENNINGANDI AÐSTARSAGA

LÚXUS
MARK WAHLBERG RUSSELL CROW
BROKEN CITY
FRÖ BEINT Á TOPPINN Í USA!

SAFE HAVEN
FRÖ BEINT Á TOPPINN Í USA!
FRÁ LEIKSTJÓRA HOBBS/ESHER'S ÖG FRAMSETNINGA TEG

IDENTITY THIEF
FRÖ BEINT Á TOPPINN Í USA!
FRÁ LEIKSTJÓRA HOBBS/ESHER'S ÖG FRAMSETNINGA TEG

21 & OVER
FRÁ PEIMI SEM GERÐU
"THE HANGOVER"

ANNA KARENINA
FRÖ BEINT Á TOPPINN Í USA!
FRÁ LEIKSTJÓRA HOBBS/ESHER'S ÖG FRAMSETNINGA TEG

JAGTEN
FRÖ BEINT Á TOPPINN Í USA!
FRÁ LEIKSTJÓRA HOBBS/ESHER'S ÖG FRAMSETNINGA TEG

FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU
FRÖ BEINT Á TOPPINN Í USA!
FRÁ LEIKSTJÓRA HOBBS/ESHER'S ÖG FRAMSETNINGA TEG

FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 3D
FRÖ BEINT Á TOPPINN Í USA!
FRÁ LEIKSTJÓRA HOBBS/ESHER'S ÖG FRAMSETNINGA TEG

FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 2D
FRÖ BEINT Á TOPPINN Í USA!
FRÁ LEIKSTJÓRA HOBBS/ESHER'S ÖG FRAMSETNINGA TEG

DIE HARD 5
FRÖ BEINT Á TOPPINN Í USA!
FRÁ LEIKSTJÓRA HOBBS/ESHER'S ÖG FRAMSETNINGA TEG

HÁKARLABETTA 2
FRÖ BEINT Á TOPPINN Í USA!
FRÁ LEIKSTJÓRA HOBBS/ESHER'S ÖG FRAMSETNINGA TEG

HVÍTI KÓALABJÖRNINN
FRÖ BEINT Á TOPPINN Í USA!
FRÁ LEIKSTJÓRA HOBBS/ESHER'S ÖG FRAMSETNINGA TEG

SMÁRABÍÓ	*ADEINS LAU	**ADEINS SUN	5%	HÁSKÓLABÍÓ	*ADEINS LAU	**ADEINS SUN	5%
SAFE HAVEN FORSYNING	KL. 8*		12	SAFE HAVEN FORSYNING	KL. 8**		12
BROKEN CITY	KL. 5.30 - 8 - 10.30		16	ANNA KARENINA	KL. 3 (TILBOÐ) - 6 - 9		12
BROKEN CITY LÚXUS	KL. 3 - 5.30 - 8 - 10.30		16	IDENTITY THIEF	KL. 5.30 - 8* - 10.30		12
IDENTITY THIEF	KL. 5.30 - 8 - 10.30		12	FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 3D / 2D	KL. 3.30 (TILB.)		L
21 AND OVER	KL. 3.20 - 5.50 - 8 - 10.10		14	JAGTEN (THE HUNT) KL. 3 (TILB.)	- 5.30 - 8 - 10.30		12
FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 3D	KL. 1 (TILB.) - 3.10 - 5.50		L	LINCOLN	KL. 6 - 14 / DJANGO	KL. 9	16
FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 2D	KL. 1 (TILBOÐ) - 3.10		L	BORGARBÍÓ	NÁNAR Á MIÐI.S		
DIE HARD 5	KL. 8** - 10.20** - 10.30*		16	BROKEN CITY	KL. 6 - 10.20		16
HÁKARLABETTA 2	KL. 1 (TILBOÐ) - 3		L	ANNA KARENINA	KL. 8		12
HVÍTI KÓALABJÖRNINN	KL. 1** (TILBOÐ)		L	IDENTITY THIEF	KL. 8 / JAGTEN (THE HUNT)	KL. 6	12
				21 AND OVER	KL. 10.10		14
				FLÓTTINN FRÁ JÖRÐINI 3D	KL. 4 (TILB.) / HÁKARLAB. 2	KL. 4 (TILB.)	

midi.is LAUGARÁS BÍÓ

www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

FRÖ BEINT Á TOPPINN Í USA!

BROKEN CITY
FRÖ BEINT Á TOPPINN Í USA!
FRÁ LEIKSTJÓRA HOBBS/ESHER'S ÖG FRAMSETNINGA TEG

ANNA KARENINA
FRÖ BEINT Á TOPPINN Í USA!
FRÁ LEIKSTJÓRA HOBBS/ESHER'S ÖG FRAMSETNINGA TEG

IDENTITY THIEF
FRÖ BEINT Á TOPPINN Í USA!
FRÁ LEIKSTJÓRA HOBBS/ESHER'S ÖG FRAMSETNINGA TEG

21 & OVER
FRÁ PEIMI SEM GERÐU
"THE HANGOVER"

FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU
FRÖ BEINT Á TOPPINN Í USA!
FRÁ LEIKSTJÓRA HOBBS/ESHER'S ÖG FRAMSETNINGA TEG

FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 3D
FRÖ BEINT Á TOPPINN Í USA!
FRÁ LEIKSTJÓRA HOBBS/ESHER'S ÖG FRAMSETNINGA TEG

FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 2D
FRÖ BEINT Á TOPPINN Í USA!
FRÁ LEIKSTJÓRA HOBBS/ESHER'S ÖG FRAMSETNINGA TEG

VESILINGARNIR

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

SÝNINGARTÍMAR

BROKEN CITY	8, 10, 10	16
ANNA KARENINA	7, 30	12
IDENTITY THIEF	10	12
OZ GREAT AND POWERFUL 3D	2, 5, 8	10
21 AND OVER	10, 30	14
FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 3D	2, 4, 5, 45	L
FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 2D	2	L
VESILINGARNIR	4	10

FJÖLSKYLDUDAGAR Í SAMBÍÓUNUM

590.kr. miðinn

SKRIMSLI HF 3D
Kringlunni: 1:30 - 3:30
Eglishöll: 3

WRECK-IT RALPH
Alfabakki: 1:30 - 3:40
Eglishöll: 1

SAMMY 2
Alfabakki: 2
Eglishöll: 1 - 3:20
Keflavík: 4
Akureyri: 2

miðasala á **SAMBIO.IS** 590.kr miðinn
22 Feb - 24 Mars

SPARBIÓ

tryggðu þér miða á SAMBIO.IS

MERKTAR MEÐ GRÆNU EDA APPELSÍNUGULU Í BÍOAUGLÝSINGUM
SAMBÍÓA KR. 750 Á APPELSÍNUGULT Á GRÆNT OG KR. 1000 Á GRÆNT

TILBOÐ Í SMÁRA BÍÓ & HÁSKÓLABÍÓ

FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU
3D MED ISLENSKU TALÍ 2D
KL. 1 SB - 4 HB

HÁKARLABETTA 2
KL. 1 SMÁRABÍÓ

ANNA KARENINA
KL. 3 HÁSKÓLABÍÓ

HVÍTI KÓALABJÖRNINN
KL. 1 SMÁRABÍÓ

Ódýrt í bíó

Sími: 553 2075 - bara lúxus

TILBOÐ KL. 2

JAGTEN
FRÖ BEINT Á TOPPINN Í USA!
FRÁ LEIKSTJÓRA HOBBS/ESHER'S ÖG FRAMSETNINGA TEG

FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU
FRÖ BEINT Á TOPPINN Í USA!
FRÁ LEIKSTJÓRA HOBBS/ESHER'S ÖG FRAMSETNINGA TEG

TILBOÐ KL. 2

ISL TAL SYNDI 2D ÖG 3D

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR ÖG KVIKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ PARADÍS

HARD BOILED	(18)	SUN: 20:00 (SVARTIR SUNNUDAGAR)
BARBARA	(12)	LAU: 18:00 (ÞÝSKIR KVIKMYNDADAGAR)
7 HEAVEN LOVE WAYS	(L)	SUN: 18:00 (HÖNNUNARMARS)
TÖTE MICH (KILL ME)	(12)	LAU: 20:00 (ÞÝSKIR KVIKMYNDADAGAR)
HOTEL LUX	(12)	SUN: 18:00 (ÞÝSKIR KVIKMYNDADAGAR)
HANNAH ARENDT	(12)	SUN: 20:00 (ÞÝSKIR KVIKMYNDADAGAR)
THE HUNT (JAGTEN)	(12)	LAU: 17:50, 20:00, 22:00 SUN: 17:50, 20:00, 22:10
KON-TIKI	(12)	LAU: 20:10, 22:10 SUN: 22:20
FIT HOSTEL	(12)	LAU: 17:50, 22:20 SUN: 22:10
STRIGI ÖG FLAUEL	(L)	LAU: 19:00



Eftirlæti

Sírius 
PIPP

ostakaka á veisluborðið

Gerðu vel við þig og þína um páskana með ljúffengri Pipp ostaköku. Hún er gómsæt með ljúfum piparmyntutónum sem koma þér í hæstu hæðir. Til að gera hana enn girnilegri þá er gott að bera hana fram með sætri súkkulaði-karamellusósu.

Súkkulaði-karamellusósa

75 g smjör
75 g ljós púðursykur
1 tsk. saltflögur (Maldonsalt), finmuldar
150 g rjómi
150 g Pipp með karamellufyllingu

Bræðið smjörið í þykkbotna potti. Setjið púðursykur saman við og hrærið í þar til hann er bráðinn. Blandið salti og rjóma saman við. Hrærið að lokum súkkulaðið í litlum bitum saman við. Berið sósuna fram heita eða kalda.



Beckham fer til Barcelona

FÓTBOLTI Í gær var dregið í átta liða úrslit Meistaradeildar Evrópu og Evrópu-deildar UEFA. Stærstu liðin í pottinum lentu ekki á móti hvert öðru en engu að síður er von á svakalegum leikjum.

Hið nýríka félag PSG fer til Barcelona með þá David Beckham og Zlatan Ibrahimovic í fararbroddi. Aftur þarf Zlatan að mæta Barcelona en það er nánast orðið árlegt hjá honum síðan hann yfirgaf félagið.

Didier Drogba fær að mæta sínum gamla stjóra, Jose Mourinho, er Galatasaray mætir Real Madrid. Wesley Sneijder snýr því aftur á sinn gamla heimavöll með tyrkneska liðinu.

- hbg



MEISTARADEILD EVRÓPU

MALAGA - BORUSSIA DORTMUND
REAL MADRID - GALATASARAY
PSG - BARCELONA
BAYERN MÜNCHEN - JUVENTUS
Leikirnir fara fram 2. og 3. apríl og svo 9. og 10. apríl.

EVROPUDEILD UEFA

CHELSEA - RUBIN KAZAN
TOTTENHAM - BASEL
FENERBAHCE - LAZIO
BENFICA - NEWCASTLE
Leikirnir fara fram 4. og 11. apríl.

Barnamenningarsjóður

Umsóknarfrestur til 11. apríl 2013

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Barnamenningarsjóði.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja verkefni á sviði barnamenningar. Til barnamenningar teljast verkefni á sviði lista og menningar sem unnin eru fyrir börn og/eða með virkri þátttöku barna. Barnamenningarsjóður starfar samkvæmt reglum nr. 594/2003.

Umsóknargögn er að finna á www.rannis.is.
Umsóknum skal skila á rafrænu formi.

Nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Zoëga, ragnhildur.zoega@rannis.is, sími 525 5813.

Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins, menntunar og þróunar mannaúðs auk menningar og skapandi greina. Rannís stuðlar að þróun þekkingarsamfélagsins í gegnum rekstur samkeppnisjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum auk þess að greina og kynna áhrif rannsóknna, menntunar og menningar á þjóðarhag. Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs.



Laugavegi 13, 101 Reykjavík,
Dunhaga 5, 107 Reykjavík,
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

Styrkir

úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu

Þróunarsjóður framhaldsfræðslu auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu, sbr. lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.

Forgangsvið við úthlutun árið 2013 eru:

- Hönnun á nýju námi innan framhaldsfræðslu fyrir hópa, þar sem skort hefur á framboð og tækifæri til náms.
- Þróun verkferla innan framhaldsfræðslu við skipulag starfsþjálfunar á vinnustöðum; samstarf fræðsluaðila og fyrirtækja í þróun á starfstengdu námi.
- Áhersla á nýsköpun og þróun náms innan framhaldsfræðslu fyrir verk- og tæknimenntun í samstarfi við atvinnulífið.

Viðmiðin sem þróunarsjóðurinn gengur út frá við val á verkefnum eru að þau:

- Ná til þeirra sem falla undir ramma laganna um framhaldsfræðslu
- Mæti sýnilegri þörf fyrir menntunarræði í framhaldsfræðslu

Umsóknarfrestur er til 12. apríl 2013

Eingöngu er tekið við umsóknum á rafrænu formi. Umsóknareyðublaðið, lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og nánari skilyrði má nálgast inn á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, www.frae.is

Stjórn Fræðslusjóðs

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI



MEÐ HAUKUM Nemanja Malovic spilaði með Haukum á síðasta tímabili og var með öll tilskilin leyfi til að vera hér á landi þá.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Landslög hafa engin áhrif

Nemanja Malovic fer ekki af landi brott fyrr en á þriðjudag. Þangað til spilar hann með ÍBV. Forráðamenn Víkings hafa hug á að leita réttar síns.

HANDBOLTI Nemanja Malovic fær tækifæri til að hjálpa liði sínu til að komast upp í úrvalsdeild, þrátt fyrir að hann sé hér í trássi við landslög og hafi verið í allan vetur. Malovic er hvorki með atvinnu- né dvalarleyfi en hann er markahæsti leikmaður 1. deildar karla og lykilmaður í toppliði ÍBV.

Þrátt fyrir að hann sé ekki með tilskilin leyfi til að búa og starfa hér á landi hefur hann fulla leikheimild hjá HSÍ. Núgildandi reglur sambandsins gera ekki kröfur um að þeir leikmenn sem koma frá löndum utan EES-svæðisins séu með atvinnu- og dvalarleyfi. Forráðamenn HSÍ segja þó að til greina komi að breyta því.

Útlendingastofnun hefur gefið Malovic frest til að yfirgefa landið. Sá frestur rennur út í næstu viku og mun Malovic halda af landi brott á þriðjudagsmorgun.

ÍBV leikur gegn Stjórnunni í toppslag deildarinnar á mánudagskvöld en deildarkeppninni lýkur á föstudaginn. ÍBV er sem stendur á toppi deildarinnar og Malovic mun að öllu óbreyttu spila með liðinu gegn Stjórnunni.

„Hann er með leikheimild hjá HSÍ og uppfyllum við allar reglur og öll lög hjá HSÍ,“ segir Jóhann Pétursson, formaður ÍBV, spurður hvort honum finnst það forsvaranlegt að láta Malovic spila. „Það eru

svo ýmsar aðrar reglur og lög í þjóðfélaginu sem varða ýmislegt annað. Það er ekkert sambengi þar á milli og hefur hingað til ekki haft nein áhrif á leikheimildir í íþróttum.“

Víkingur, Stjarnan, Grótta og Selfoss eru öll í efri hluta 1. deildar karla og í baráttu um sæti í efstu deild. Haraldur V. Haraldsson, framkvæmdastjóri Víkings, segir að félagið sé að skoða sína stöðu. „Það kemur til greina að kæra ÍBV og fara með málið inn í almenna dómsskerfið,“ segir Haraldur. „Það er verið að leggja mikla vinnu í handboltann hjá Víkingi eins og öðrum félögum. Mér þætti það ansi súrt ef ÍBV færi upp á þennan máta.“

Jóhann segir Víkingum vitanlega frjálst að leita síns réttar. „Víkingur spilar undir sömu reglum og lögum og við. Ef þeir telja að aðrar reglur í þjóðfélaginu eigi að hafa áhrif á það verða þeir að hafa þá skoðun. En ég er ekki sammála henni.“

